

Bókatíðindi 2018



Geymið bókaskrána. Nú gæti komið sér vel þegar velja á bók.

Halldór 2018

Kæra bókaþjóð,

Þann á ný færum við ykkur brakandi fersk Bókatiðindi inn um bréfalúguna með upplýsingum um útgáfubækur ársins. Því fylgir ávallt mikil eftirvænting þegar ný Bókatiðindi koma úr prentun enda gefur blaðið glögga mynd af útgáfuárinu í heild sinni. Þrátt fyrir erfið rekstrarskilyrði í bókaútgáfu undanfarin ár þá kemur það ánægjulega á óvart að sjá hversu úrvalið og fjölbreyntni er mikil í ár. Fjöldi nýrra titla eykst lítillega frá síðasta ári og um 30% aukning er í útgáfu bæði hljóð- og rafbóka. Þannig svara útgefendur kröfum lesenda um aukið val á milli útgáfuforma. Af einstökum flokkum bóka þá fjölga nýjum íslenskum skáldverkum mest eða um 15% á milli ára. Þá fjölga barna- og ungmennabókum um ríflega 11% þegar litið er til fjölda titla. Fjölgun hljóð- og rafbóka er einnig mest í þessum flokkum.

Nú er sá árstími fram undan þegar við getum með sanni kallað okkur bókaþjóð því staða bókarinnar á íslenskum jólagjafamarkaði er enn afar sterk. Samkvæmt árlegri könnun sem Zenter gerði fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda eftir jólin í fyrra þá fengu tæplega 60% landsmanna eina bók eða fleiri í jólagjöf og ríflega 70% svarenda keyptu bækur til jólagjafa. Ég leyfi mér að fullyrða að svo hátt hlutfall er einstakt í heiminum. En það er ekki nóg að gefa út margar bækur og kaupa þær til jólagjafa. Við þurfum líka að lesa þær. Við þurfum að tala meira um bækur, rétta börnum bækur og lesa fyrir þau, hlusta á fleiri bækur – gefa þær og þiggja. Það byrjar allt hjá á okkur sjálfum. Finnum tíma til að njóta góðra bóka.

Gleðileg bókaþjóð!

Heiðar Ingi Svansson,
formaður Félags íslenskra bókaútgefenda

Merking tákna í Bókatiðindum

Undir kápumyndum allra bóka má nú finna tákn sem vísa til útgáfuforma. Táknskýringar má finna neðst á öllum kynningarblaðsíðum.

- GOR** Gormabók
- HSP** Harðspjalda bók – allar blaðsíður úr hörðum pappír
- HLB** Hljóðbók
- IB** Innbundin bók – kápuspjöld úr hörðum pappír
- KIL** Kilja
- RAF** Rafbók
- SVK** Sveigjanleg kápa – líkt og kilja en í annarri stærð
- EÚT** Endurútfegin bók

Efnisyfirlit

Barna- og ungmennabækur

■ Myndskreyttar	3
■ Skáldverk	10
■ Fræði og bækur almenns efnis	18
■ Ungmennabækur	20

Skáldverk


■ Íslensk	23
■ Þýdd	33
■ <i>Ljóð og leikrit</i>	42
■ <i>Listir og ljósmyndir</i>	46
■ <i>Saga, ættfræði og héraðslýsingar</i>	48
■ <i>Ævisögur og endurminningar</i>	49
■ <i>Matur og drykkur</i>	53
■ <i>Fræði og bækur almenns efnis</i>	55
■ <i>Útivist, tómstundir og íþróttir</i>	72
■ <i>Höfundaskrá</i>	73
■ <i>Titlaskrá</i>	77
■ <i>Skrá yfir raf- og hljóðbækur</i>	80
■ <i>Útgefendaskrá</i>	81

BÓKATIÐINDI 2018


Útgefandi:



Félag íslenskra bókaútgefenda
Barónsstíg 5
101 Reykjavík
Sími: 511 8020
Netf.: fibut@fibut.is
Vefur: www.fibut.is

Hönnun kápu: Halldór Baldursson og Ámundi Sigurðsson
Ábm.: Benedikt Kristjánsson
Upplag: 125.000
Umbrot, prentun og bókband: Oddi, umhverfisvottað fyrirtæki 
Dreifing: Íslandspóstur hf.
ISSN 1028-6748

HELGINA
24. OG 25.
NÓVEMBER
Í HÖRPU



KYNNTU ÞÉR ÚRVAL
NÝRRAR BÓKA

Sjá dagskrá:
www.bokmenntaborgin.is

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Barnabækur

MYNSKREYTTAR



21 heillandi ævintýri

Falleg ævintýri

Sögur fyrir svefninn

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Allir krakkar elska að hlusta á sögu fyrir svefninn og hér eru margar fallegar sögur fyrir börn og foreldra til að lesa saman. Gefðu ímyndunaraflinu lausan tauminn í heimi fallegra frásagna og heillandi ævintýra.

176 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



Ada og afmælisgjöfin

Eyrún Gíjja Káradóttir

Amma á afmæli og Ödu langar að gefa henni fallegan blómvönd með uppáhalds blóminu hennar, baldursbrá. Ada rýkur af stað til að finna blóm í vöndinn en áttar sig fljótt á því að hún þekkir ekki baldursbrá.

Þessari bók er ætlað að efla náttúrulæsi barna, því það skiptir máli að kunna að lesa í náttúruna. Þeim mun meira sem við vitum um umhverfi okkar því meiri virðingu berum við fyrir því og vænna þykir okkur um það.

68 bls.

Ada útgáfa

IB



Aðventuævintýri Didda

Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Myndskr.: Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Didda er svo skemmtileg! Hún verður bráðum stórasystir. Hún er alltaf að velta fyrir sér lífinu og tilverunni og lendir í ýmsum ævintýrum. Jólin eru að koma. Guð og englarnir, Jesús og afi eru bestu vinir hennar og saman upplifa þau sögu jólanna.

16 bls.

Skálholtsútgáfan

IB



Aldrei snerta skrímsli!

Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson

Hér kynnast börnin skrímtum skrímslum. Þessi bók er tilvalin fyrir foreldra og börn að lesa saman. Snertifletirnir á bókinni kæta mjög litla fingur. Góða skemmtun við að snerta skrímslin ... ef þú þorir!

10 bls.

Unga ástin mín

HSP



Á Skyndihæð

Linda Sarah

Þýð.: Guðrún Urfalino Kristinsdóttir

Myndskr.: Benji Davies

Þjörn og Úlfur eru bestu vinir og leika sér löngum stundum á Skyndihæð. Dag einn kemur nýr drengur og vill slást í hópinn. Verður vináttan söm ef tvö verða þrjú?

Hugljúf bók frá hinum virta listamanni sem myndskreytti sögunar um Nóa og litla hvalinn.

Hentar 3-8 ára krökkum.

34 bls.

litli Sæhesturinn

IB



Bangsi litli í skóginum

Benjamin Chaud

Þýð.: Guðrún Vilmondardóttir

Í skóginum er allt með kyrrum kjörum. Bangsapabbi er í þungum þönkum, Bangsamamma nartar í köngul og Bangsabarnið fær sér blund. Bangsa litla leiðist hræðilega og að lokum getur hann ekki meir.

Bangsi litli lendir í miklum ævintýrum þegar hann ákveður að hætta að vera þjörn og verða krakki. Önnur bókin um skemmtilegu bangsafjölskylduna en sú fyrri, *Bangsi litli í sumarsól*, hefur heillað lesendur á öllum aldri.

40 bls.

Angústúra

IB



Bestu vinir að eilífu

Boðskapur um góða vináttu

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Bangsi litli er einmana eftir að hann fluttist í nýja húsið. Hann saknar vina sinna, Mýslu, Greifa og Héra og skrifar þeim bréf. Hann grunar ekki hvaða afleiðingar það á eftir að hafa!

20 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Bílar

Lærðu að þekja farartækin!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Kenndu barninu allt um bíla á skemmtilegan og áþreifanlegan hátt. Bók fyrir yngstu börnin.

12 bls.

Setberg bókaútgáfa


HSP



Rosa klár
en samt svo hress

bóksala.stúdentu

www.boksala.is

**Bláhvalur**

Jenni Desmond

Þýð.: María S. Gunnarsdóttir

Krakki nær sér í bók og fer að lesa um steypireyði, sem er langstærsta dýr jarðar. Hún er grá, en í sjónum virðist hún bláleit og er þess vegna líka kölluð bláhvalur.

Textinn er sambland af fróðleik og skemmtilega hugvitsömu sprelli. Afar fallegt myndmál Jenni Desmond höfðar til allra.

Hentar 3-10 ára krökkum.

48 bls.

litli Sæhesturinn

IB

**Bókin um hljóðin**

Soledad Bravi

Þýð.: Guðrún Vilmundardóttir

Fallega myndskreytt harðspjaldabók fyrir yngstu lesendurna. Frönsk klassík sem kemur nú í fyrsta sinn út á Íslandi. Hrikalega gaman að lesa saman.

120 bls.

Benedikt bókaútgáfa

HSP

**Byrjum snemma að leika og læra**

Þýð.: Bjarki Karlsson

Í þessari bók fáum við innsýn í dæmigerðan skóladag hjá fimm ungum vinum sem eru að hefja skólagöngu. Tilvalin lesning með foreldrum fyrir drengi og stúlkur sem vilja vita við hverju er að búast þegar þau byrja sjálf í skóla.

26 bls.

Unga ástin mín

IB

**Dala-dala**

Satomi Ichikawa

Þýð.: Guðrún C. Emilsdóttir

Dala-dala fjallar um ungan strák, Juma, sem ferðast með pabba sínum í lítilli dala-dala rútu á eyjunni sinni, Zanzibar í Austur-Afríku, og uppgötvar hafið og að það séu fleiri lönd lengra í burtu ...

Einstaklega innihaldsrík bók, með fallegum, nákvæmum teikningum, sem vekja forvitni og langanir.

Hentar 3-8 ára krökkum.

36 bls.

litli Sæhesturinn

IB

**Drekinn innra með mér**

Laila M. Arnþórsdóttir

Myndskr.: Svafa Björg Einarsdóttir


Lítill súlka kemst að því einn daginn að innra með henni býr dreki sem er besta skinn Hann kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og hvernig hún getur brugðist við þeim.

Samnefnd sýning var sett upp í Eldborgarsal Hörpu við miklar vinsældir barna á aldrinum 4-7 ára.

28 bls.

Veröld

IB RAF

**Dæmisögur Esóps**

Val Biro

Þýð.: Steingrímur Steinþórsson

Þekktustu sögurnar úr sagnasafni Esóps, með myndskreytingum Val Biro. Hér birtast klassískar sögur eins og Drengurinn sem hrópaði Úlfur!, Ljónið og músin, Gæsin sem verpti gulleggjum og margar fleiri sögur sem glatt hafa börn á öllum aldri í gegnum aldirnar.

199 bls.

Skrúdda

SVK EÚT

**Einar Áskell**

Einar Áskell leikur sér

Vinir Einars Áskels

Gunilla Bergström


Þýð.: Sigrún Árnadóttir

Hinn ástsæli Einar Áskell hefur kætt ótal íslensk börn og hér er hann kominn enn á ný í skemmtilega myndskreyttum bendibókum fyrir þau yngstu. Það er nóg að gera hjá snáðanum þar sem hann dundar sér við skemmtilega leiki og fönður, einn eða með vinum sínum.

12 bls.

Forlagið – Mál og menning

HSP

**Elmar**

David McKee


Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson

Litskrúðugi fíllinn Elmar hefur unnið hug og hjörtu barna um allan heim. Hugljúf og skemmtileg barnabók um fíl sem sker sig úr fílahjörðinni. Einstaklega fallega myndskreytt bók um gleði, umburðarlyndi og fjölbreytileika.

32 bls.

Ugla

IB

**Elmar fer í göngutúr**

David McKee

Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson

Elmar sér og heyrir margt ótrúlegt í göngutúrnum sínum, en hin dýrin eru of önnum kafin til að stoppa og njóta þess með honum. Hvað skyldum við uppgötva í göngutúrnum hans Elmars?

Ný bók í hinum vinsæla bókaflökki um Elmar, fíllinn fjölskrúðuga.

32 bls.

Ugla

IB

**En við erum vinir**

Hafsteinn Hafsteinsson

Hundurinn og kötturinn eru bestu vinir sem hafa ratað í ótal ævintýri saman og alla leið út í geim. Loks snúa þeir aftur til Jarðarinnar en lenda á stórfurðulegum stað þar sem skrítnar risaskepnur halda því fram að hundar og kettir séu óvinir. Þessi fallega saga um vináttuna er sjálfstætt framhald verðlaunabókarinnar *Enginn sá hundinn*. Bjarki Karlsson stílfærði í bundið mál.

32 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB




Fallegu lögin okkar

Myndskr.: Úlfur Logason
Tónlist: Jón Ólafsson

Tónbækurnar *Vögguvísurnar* og *Sönglögin* við undirleik snillingsins Jóns Ólafssonar hafa svo sannarlega slegið rækilega í gegn. Nú heldur Jón áfram og leikur 20 mannbætandi sönglög; Ég veit þú kemur, Í síðasta skipti, Flugvélar, Hvert örstutt spor, Litill fugl, Þannig týnist tíminn og miklu fleiri. Einstakar myndskreytingar Úlfs Logasonar ásamt textum laganna prýða bækurnar. 64 bls.

Sögur útgáfa



Fyrsta bókin mín

Form
Litir
Walt Disney
Fallegar og fræðandi bækur fyrir þau yngstu, úr smiðju Disney.
Edda útgáfa

HSP



Grimmsævintýri

Val Biro
Þýð.: Steingrímur Steinþórsson
Úrval úr ævintýraheimi Grimmsbræðra með myndskreytingum Val Biro. Í bókinni birtast margar af vinsælustu sögunum úr þessu alþekktu ævintýrasafni.
Skrudda

SVK EÚT



Hafmeyjan Hanna

Með hreyfanlegum palliöttum!
Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Hanna hafmeyja og vinkonur hennar sjá um að gefa út skólablaðið. Dag nokkurn er ekkert í fréttum! Í órvæntingu sinni skáldar Hanna forsíðufrétt um að drottningin ætli að heimsækja skólann. Tekst Hönnu að bjarga sér úr vandræðunum á síðustu stundu?
29 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB

IB



Freyja og Fróði eignast gæludýr Freyja og Fróði rifast og sættast

Kristjana Friðbjörnsdóttir
Myndir: Bergrún Íris Sævarsdóttir

Freyju og Fróða langar í gæludýr og hafa ýmsar góðar hugmyndir – þótt sumar séu kannski pínulítið hættulegar. Og þótt systkinin séu oftast góðir vinir slettist stundum upp á vinskapið. Þá er gott að kunna leiðir til að róa skapið og sættast aftur. Tvær fjörugar bækur um Freyju og Fróða sem eru alltaf að læra eitthvað nýtt. 32 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Fullt af lífi

Fjölbreytileiki lífsins á jörðinni

Nicola Davies
Þýð.: Ágústa Lyons Flosadóttir


Myndskr.: Emily Sutton
Lífið er alls staðar!

Sjáðu í þessari bók hvernig allar lífverur – líka við sjálf – erum hluti af stórum fjölbreyttum vef og hvernig við þurfum öll hvert á öðru að halda.

Hver einasta blaðsíða er full af litadýrð, þar sem listamaðurinn fer með okkur í ferð í kringum heiminn. 40 bls.

litli Sæhesturinn

IB



Auðvelt
að panta á
boksala.is

Alltaf
í bókunum

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Herra blýantur og litadýrd

Verónika Björk Gunnarsdóttir

Herra Blýantur er sérfræðingur í öllum litum regnbogsans og honum er ekkert dýrmætara en að geta kennt krökkum á öllum aldri um litina. Í þessari skemmtilegu og þroskandi bók fer Herra Blýantur í gegnum hvern lit fyrir sig og gerir það með aðstoð litalagsins og spurninga.

28 bls.

Verónika Björk Gunnarsdóttir

HSP



Hnubbi lubbi frá Rjómabúi Stubba

Lynley Dodd

Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir

Í fyrsta sinn kemur út á Íslandi bók um Hnubba lubba hundinn uppátækjasama og ferfætta vini hans. Textinn er í bundnu máli og sérstakur að því leyti að börnin læra fljótt hvað kemur næst og fara því að taka þátt í lestrinum. Fallega myndskreytt af höfundi.

48 bls.

Kver bókaútgáfa

IB



Hnubbi lubbi: Fótur og fit hjá dýralækninum

Lynley Dodd

Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir

Hnubbi lubbi þarf að fara til dýralæknisins. Á biðstofunni eru margir sjúklingar: hundar, kettir, mús, fuglar, meira að segja geit og ýmsir fleiri. Lítið þarf því til að uppi verði fótur og fit. Textinn er í bundnu máli með myndskreytingum sem leyfa ímyndunaraflinu að fara á flug.

48 bls.

Kver bókaútgáfa

IB



Hófi

Litabók

Myndskr.: Martine Jaspers-Versluijs

Í litabókinni eru myndir úr bókunum *Hófi er fædd* og *Hófi eignast vini*.

50 bls.

Draumsýn

SVK



Hófi eignast vini

Mónica Dagný Karlsdóttir

Myndskr.: Martine Jaspers-Versluijs


Hófi eignast nýja vini á bóndabænum á meðan hún bíður eftir að fara heim til nýju fjölskyldunnar sinnar. Lífið er spennandi og skemmtilegt í sveitinni!

Ævintýrin um Hófi eru innblásin af íslenska fjárhundinum Hólfríði frá Kolsholti (1988–2003).

48 bls.

Draumsýn

IB



Hófi er fædd

Mónica Dagný Karlsdóttir

Myndskr.: Martine Jaspers-Versluijs

Hófi litla nýtur lífsins á bóndabænum. Hún vex og dafnar og kynnist heiminum í kringum sig. Fylgið henni í þessu ævintýri um fjölskyldu hennar, arfleifð og sögu Íslands.

Ævintýrin um Hófi eru innblásin af íslenska fjárhundinum Hólfríði frá Kolsholti (1988 – 2003).

40 bls.

Draumsýn

IB



Hreyfibækur fyrir yngstu kynslóðina

Hvað ert þú að gera?

Vikan mín!

Olivia Cosneau, Janik Coat og Bernard Duisit

Ugla er að vakna og hænna að verpa, flamigóar dansa og glóbrystingurinn fer á flug.

Alla daga vikunnar borðum við gómsætan mat, gulrótarsúpu, fíflasalat eða sleikipinna, alveg eins og dýrin í bókinni.

Myndirnar hoppa upp af síðunum og koma sífellt á óvart. Dáleiddandi fallegar franskar hreyfibækur.

12 bls.

Angústúra

HSP



Hvað segja dýrin í frumskóginum?

Anna Margrét Marinósóttir og Illugi Jökulsson

Í þessari skemmtilegu hljóðbók kynnast börnin hljóðum nokkurra helstu frumskógardýranna, allt frá tígrisdýrum til fila og froska. Með fylgja ljósmyndir og fallegar sögur um dýrin. Af hverju hlær hýenan? Hvað sögðu hin dýrin þegar þau heyrðu í páfuglinum? Af hverju býr flóðhesturinn í vatni?

Að lesa, skoða og hlusta á þessa bók með börnunum skapar ógleymanlegar stundir.

28 bls.

Sögur útgáfa

HSP



Hvernig gleðja á pabba

Jean Reagan


Þýð.: Björgvin E. Björgvinsson

Bókin fjallar um hvernig knáir krakkar geta komið pabba sínum á óvart við hin ýmsu tækifæri. Til þess að það heppnist sem best þarf gott hugmyndaflug, mikla framkvæmdagleði og auga fyrir því sem á vegi verður. Svo þarf að kunna að virkja alla í fjölskyldunni. Kímin og kátleg „Hvernig-bók“.

28 bls.

Bókaútgáfan Björk

IB



Hvolpasveitin

Hvolparnir bjarga jólnum

Þýð.: Hildigunnur Þráinsdóttir

Sleði jólasveinsins hrapar í miklum stormi á leiðinni með jólagjafir til Ævintýraflóa.

Hvolpasveitin kemur auðvitað til bjargar. Mun Róberti og hvolpunum takast að koma sleða jólasveinsins á flug áður en jólin ganga í garð?

48 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



Inga einhyrningur

Aaron Blabey

Þýð.: Bragi Valdimar Skúlason

Ingu dreymir um að verða einhyrningur.

Draumar geta svo sannarlega ræst en er endilega betra að vera einhver annar en maður er?

Fallega myndskreytt bók í dásamlegri þýðingu Braga Valdimars.

32 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



Jóalögin okkar

Myndskr.: Úlfur Logason

Tónlist: Jón Ólafsson

Tónbækur Jóns Ólafssonar píanóleikara hafa svo sannarlega slegið rækilega í gegn hjá börnunum. Nú færir Jón okkur kærleiksanda jólaanna í nýrri bók með 20 sígildum og skemmtilegum jólalögum; Í skóginum stóð kofi einn, Jólasveinar ganga um gólf, Jólin alls staðar og fleiri perlum. Einstakar myndskreytingar Úlfs Logasonar ásamt textum laganna prýða bækurnar.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Jólanóttin

Töfrandi jólasaga

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Á jólanótt ríkir friður og ró. Varla heyrst nokkurt hljóð, ekki einu sinni músatíst! Þessi sígilda og töfrandi saga með skemmtilegum og líflegum myndum er kjörin til að búa börn og foreldra undir komu jólaanna.

20 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Kíkjum heim til dýranna

Anna Milbourne

Skoðum hvar og hvernig ýmiss konar dýr búa – í holum, húsum, trjám og líka í sjónum.

Einföld harðspjalda flípaþekking sem er bæði skemmtileg og fræðandi fyrir forvitna krakka 2 ára og eldri.

12 bls.

Rósakot

IB



Kormákur

Einn, tveir og Kormákur

Kormákur krummafótur

Jóna Valborg Árnadóttir

Myndir: Elsa Nielsen

Kormákur er duglegur strákur sem vill fara sínar eigin leiðir þótt það feli í sér að vera í krummafót eða reyna að telja upp í endalaust.

Tvær fallegar bækur um Kormák eru komnar út.

28 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Lárubækur

Afmæli hjá Láru

Lára fer til læknis

Birgitta Haukdal

Myndir: Anahit Aleqsonian

Láru-bækurnar eru sjálfstæðar sögur Birgittu Haukdal um töfrana í hversdegi Láru og bangsans Ljónsa. Lára undirbýr afmælisveislu fyrir Ljónsa af miklu kappi og það gengur á ýmsu en á leið heim af fótboltaæfingu dettur hún af hjólinu sínu og getur ekki hreyft fótinn. Hún þarf að fara til læknis og kvíðir því hvað hann ætla að gera við fótinn. Í bókunum eru litríkar og fallegar myndir sem krakkar hrifast af.

41 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Leika?

Linda Ólafsdóttir

Þessi fallega bók fangar töfra vináttunnar á einstakan hátt þannig að smæstu bókaormar hrifast með og vilja leika. Linda Ólafsdóttir hefur getið sér gott orð fyrir myndir sínar og sögur innan og utan landsteinanna og hefur tvívegis hlotið Barnabókaverðlaun Reykjavíkur.

32 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Leitin að Jólakettinum

Óliver Þorsteinsson

Myndir: Sumarliði E. Daðason

Eftir sögustund hjá ömmu ákveður Sara að halda af stað upp á Esju til þess að fanga jólaköttinn. Hún leggur af stað með sínum bestu vinum, Ara og Rósalind. Þau lenda í alls kyns ævintýrum með furðuverum og skrýttinni konu, en enda loks á slóð jólakattarins.

48 bls.

Tindur

IB



Komdu til okkar á Háskólatorg
eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdenta

Æðisleg bókabúð



**Prinsessur
Lesum og skreytum**
Walt Disney

Sögur, límniðar og myndarannar! Skreyttu uppáhaldspersónurnar um leið og lesið er og skreyttu herbergið með myndum. Fjórar litríkar myndir, á vegginn eða hilluna, fylgja ásamt yfir 85 margnota límniðum til að skreyta með!

16 bls.

Edda útgáfa

HSP



Litla ljúfa skrímsla

Huginn Þór Grétarsson

Litla ljúfa SKRÍMSLA fjallar um samskipti föður við litla prakkarann á heimilinu. Þó svo að litla stúlkan sé með ólæti og brjóti allt og bramli þykir þabba ekkert eins dásamlegt í heiminum og að eiga svona lítið ljúft skímsli.

44 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Litla mörgæsin og ævintýrið mikla

Kynnstu ást og vináttu

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Fylgstu með ævintýrlegu ferðalagi litlu mörgæsarinnar þar sem hún kemur til margra framandi staða og kynnist fjölmörgum spennandi persónum. Verður ævintýrið eins og hún vonaðist til? Ævintýrleg og falleg saga fyrir börn frá þriggja ára aldri.

20 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



**Litum og leikum með Binnu
Litum og leikum með Jónsa**


Sally Rippin

Nú getur þú litað og leikið með Binnu og Jónsa. Í þessum bókum eru myndir til þess að litla en þú getur einnig æft þig í teikningu, orðarugli og fleiri verkefnum. Svo má ekki gleyma öllum límniðunum.

16 bls.

Rósakot

SVK



Mandala afþreyingarbók

Töfraheimur

Töfrandi tákmyndir

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Með trépinnaum geturðu smátt og smátt skafið burt svörtu kápuna og afhjúpað 12 frábærar mandalamyndir. Finndu hvað það er slakandi að skafa og skapa! Allar myndirnar er hægt að losa úr bókinni og hengja upp!

15 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



Mömmugull

Katrín Ósk Jóhannsdóttir

Mömmugull er hjartnæm og persónuleg bók frá höfundinum Katrínu Ósk Jóhannsdóttur. Hún hefur áður skrifað bækurnar um *Karólínu kónguló*.

„Fjárslóðurinn hennar mömmu er dýrmætari en allt gull og gersemar veraldar.“

30 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Nammigrísinn

Huginn Þór Grétarsson

Glæný og betrubætt útgáfa af vinsæla ævintýrinu um hann Nonna nammigrís! Nonni lendir í ævintýri þar sem galdrakarl, tannpínupúki og nammitré koma við sögu. Hann fær illt í magann og tannpínu af sælgætisati en fyrir vikið lærir hann að borða hollan og góðan mat.

30 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Næturdyrin

Bergrún Íris Sævarsdóttir

Tónlist: Ragnheiður Gröndal

Systkinin Lúna og Nói vita fátt skemmtilegra en að leika sér saman – líka á nóttunni! Í þessari gullfallegu barnabók sameinast kraftar þeirra Ragnheiðar Gröndal og Bergrúnar Írisar. Þær búa yfir einstakri næmni sem endurspeglast í töfrandi tónum, heillandi teikningum og ljúfri sögu. Geisladiskur með öllum lögnum fylgir.

48 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



Hvolpasveitin

Píla fer á flug

Þýð.: Hildigunnur Þráinsdóttir

Flughetjan hennar Pílu er á leið til Ævintýraflóa að halda flugsýningu. Flughetjan lendir í vandræðum með flugvélna sína á leiðinni og þarf að leita til Róberts og hvolpana. Píla lendir í aðalhlutverki í björgunaraðgerðunum og fær ríkulega launað.

32 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



Rosi fer í bað

Bergljót Arnalds

Myndir: Daniel Sauvageau

Eftir af hafa leikið sér úti allan daginn finnst Rosa fátt skemmtilegra en að fara í bað, og þar heldur leikurinn áfram. Bráðskemmtileg baðbók fyrir yngstu bókaormana.

8 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Skemmtilegar dýrasögur fyrir börn

Goran Markovic


Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson

Fallegar og skemmtilegar dýrasögur fyrir börn sem byggðar eru á dæmisögum Esóps. Hér segir frá ævintýrum ljónsins og músarinnar, bjarnarins og býflugunnar, engisprettunnar og maursins. Alls eru í bókinni sex dæmisögur, sem henta mjög vel ungum lesendum og einnig lestri fyrir svefninn.

124 bls.

Unga ástin mín

IB



Snuðra og Tuðra eiga afmæli Snuðra og Tuðra í sveitaferð

Ljónn Steinsdóttir

Myndir: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Tvær nýjar bækur um systurnar uppátækjasömu.

Snuðra og Tuðra halda upp á afmælin sín með pompi, prakt og miklu fjöri. Þær þurfa þó að læra að þakka fyrir sig og vera ánægðar með það sem þær fá.

Snuðra og Tuðra fara í sveitina og hitta meðal annars kýrnar sem fara aldrei í bað og kynnin verða heldur nánari en þær áttu von á.

20 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

SVK



Stelpan sem týndi bróður sínum í ruslinu

Guðni Lindal Benediktsson

Myndskr.: Ryoko Tamura

Þrúði þykir ekkert leiðinlegra en að taka til. Dálítið rusl hefur aldrei truflað hana – fyrr en það gleypir alla fjölskylduna!

Tilneydd leggur Þrúður upp í stórættulegan og æsispennandi leiðangur gegnum gamlar matarleifar, óhreinan þvott og ógeðiseyðimörk til að finna bróður sinn og kljást við hið alræmda Ruslhveli.

40 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



Hvolpasveitin

Stóra bókin um Hvolpasveitina

Nickelodeon

Þýð.: Hildigunnur Þráinsdóttir

Viltu kynnast Róberti og ferfættu hetjunum í Hvolpasveitinni? Kappa með gjallarhornið, ofurhuganum Pílu og öllum hinum hvolpunum.

Þetta er bókin um hvolpana, farartækin þeirra og alla sigrana!

24 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB

Auðvelt
að panta á
boksala.is



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is



Stóra sögusafnið

Sögur af skemmtilegum vinum

Þýð.: Baldur Snaer Ólafsson

Í þessum dýrmæta sagnasjóði birtast hrfandi persónur í fallega myndskreyttu umhverfi. Allar sögurnar eru stuttar og því mátulega langar til að lesa með börnunum.

176 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



Söguaskjan mín

Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson

Fjórar þroskandi bækur í glæsilegri öskju sem segja frá fjórum duglegum börnum. Þetta eru sögurnar: Ég borða, Ég leik mér, Ég baða mig og Ég lúlla.

Sérlega fallegar myndskreyttar bækur fyrir yngstu krílinn. Henta vel fyrir sögustund fyrir svefninn.

48 bls.

Unga ástin mín

IB



Tré

Amandine Laprun

Yndisleg bók-skrautmunur í trélíki, til að skilja árstíðirnar um leið og bókinni er flett, og til að punta á hillu.


Á veturna er tréð bert, síðan myndast blóm á vorin, loks ávextir á sumrin. Haustið kemur, blóðin roðna og falla loks. Hringrásin hefst aftur, á meðan börn, fuglar og íkornar leika sér í kringum tréð.

Harðspjaldabók. Enginn texti.

48 bls.

litli Sæhesturinn

HSP



Ævintýri úr Þúsund og einni nótt

Val Biro

Þýð.: Steingrímur Steinþórsson

Í þessari fallega myndskreyttu bók eru sjö heillandi ævintýri úr ævintýrasafninu Þúsund og ein nótt sem gleðja munu börn á öllum aldri.

Meðal ævintýranna eru: Aladdín og töfralampinn, Alí Baba og ræningjarnir fjórutíu, Ferðir Sindbaðs sæfara og mörg fleiri.

200 bls.

Skrúdda

IB

Rosa klár
en samt svo hress

bóksala stúdenta

www.boksala.is

Barnabækur

SKÁLDVERK



Ljósaserían

Afi sterki og skrímslin í Kleifarvatni

J.K. Kolsöe

Myndskr.: Bergrún Íris Sævarsdóttir

Ferðalag langfeðganna heldur áfram. Nú fara þeir á Bedfordinum að Kleifarvatni með viðkomu í Stranda-kirkju. Við Kleifarvatn vakna þeir upp við vondan draum. Getur verið að allar þjóðsögurnar séu sannar? Að það séu ekki bara skessur í Þrengslunum og nykur í Hlíðarvatni heldur líka skrímsli í Kleifarvatni?

64 bls.

Bókabeitan

IB



Alein úti í snjónum

Holly Webb

Þýð.: Ívar Gissurarson

Dúna litla reynir í örvæntingu að eignast heimili en enginn virðist vilja eiga hana ...

Þá kemur Ella í heimsókn. Hún verður strax hrifin af Dúnu en mamma hennar er ákveðin – hún vill ekki kött.

Dúna og Ella verða ákaflega sorgmæddar. En hvað verður svo um kettlinginn sem enginn vill eiga?

128 bls.

Nýhöfn

KIL



Amma best

Gunnar Helgason

Lesari: Gunnar Helgason

Nú á Stella að fermast og þess vegna ætlar amma Köben að koma til landsins – amma sem alltaf er svo hress og skemmtileg. Fram undan er líka Norðurlandmótið í spretthjólástólaakstri, fyrsti kossinn og algerlega ótíma-bær dauði! Sögurnar um Stellu og fjölskyldu hennar hafa notið gríðarlegra vinsælda, enda fanga þær hug lesenda frá fyrstu síðu.

🔊 5:04 klst.

Forlagið – Mál og menning

HLB



Ástarsaga úr fjöllumum

A Giant Love Story

Ástarsaga úr fjöllumum

Flumbra – Eine isländische Trollgeschichte

Flumbra – En islandsk trolldemor

Flumbra – Une histoire d'amour des montagnes

Guðrún Helgadóttir

Myndir: Brian Pilkington

Sígild saga Guðrúnar Helgadóttur um tröllskessuna Flumbru og strákana hennar sjö sem heillað hefur kynslóðir barna um allan heim. Fyrir þessa nýju útgáfu á fimm tungumálum vann Brian Pilkington spánnýjar myndir í anda þeirra upprunalegu.

32 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB

EÚT



Bieber og Botnrassa í Bretlandi

Haraldur Freyr Gíslason

Hljómsveitin Botnrassa er á leið til Bretlands að keppa fyrir Íslands hönd um að komast á alheimstúr með sjálfum Justin Bieber. Sjálfstætt framhald metsölu-bókarinnar *Bieber og Botnrassa* sem sló í gegn árið 2017.

314 bls.

Bjartur

IB

RAF



Birds

Hjörleifur Hjartarson

Þýð.: Larissa Kyzer


Teikningar: Rán Flygenring

Falleg bók um íslenska fugla fyrir alla fjölskylduna, nú einnig fánleg á ensku. Spéfluglarnir Hjörleifur Hjartarson og Rán Flygenring draga fram helstu sérkenni fuglanna í máli og myndum án þess að taka sig of alvarlega og niðurstaðan er einstök og óvenjuleg en um leið fræðandi bók um íslenska fugla.

184 bls.

Angústúra

SVK



Bold-fjölskyldan

Julian Clary

Þýð.: Magnús Jökull Sigurjónsson

Myndskr.: David Roberts

Bold-fjölskyldan býr í venjulegu húsi í ósköp venjulegu úthverfi – en hún er fjarri því að vera venjuleg fjölskylda. Frú Bold hannar skringilega hatta úr eggjakössum og kjúklingabeinum. Herra Bold er mikill brandarakall sem hnusar í ruslatunnum nágrennanna. Bobby nagar sundur stóla og borð og Bettý rekur annað slagið upp skringilegan hneggjandi hlátur. Já, Bold-fjölskyldan er fjarri því að vera venjuleg og hún á sér ótrúlegt leyndarmál. Bráðfyndin bók fyrir börn á öllum aldri.

268 bls.

Ugla

IB



Brúsi

Saga um vináttu manns og refs

Finnur Torfi Hjörleifsson

Myndskr.: Þóra Sigurðardóttir

Brúsi er með óvenju fallegan feld og brúsandi skott og lifir villtur úti í náttúrunni. Hann er fljótur að forða sér þegar veiðimaðurinn nálgast. En maðurinn heillast af honum og lætur byssuna síga. Smám saman kynnast þeir og læra að treysta hvor öðrum. Ýndisleg saga um vináttu manns og refs.

67 bls.

Skrudda

IB

EÚT



Dagbók Kidda klaufa 10

Leynikofum

Jeff Kinney

Þýð.: Helgi Jónsson

Kiddi klaufi gefur ekkert eftir í leit sinni að gleði og hamingju, þótt óheppnin elti hann á röndum. Gleðilestur fyrir börn og unglinga á öllum aldri.

Kiddi hefur aldrei verið sterkari, enda völdu 5000 börn landsins síðustu bókina um hann bestu þýddu unglingabók ársins 2017 í sérstakri athöfn í Hörpu.

224 bls.

Tindur

IB



Draumurinn

Hjalti Halldórsson

„Atvikið sem breytti lífi mínu átti sér stað viku áður en Íslandsmótið í 4. flokki hófst. Refsingin virtist í fyrstu alveg hræðileg og gera endanlega út um drauminn ... en reyndist síðan vera það besta sem hefur komið fyrir mig.“

Alveg þangað til ég ákvað að hætta í fótbolta.“

126 bls.

Bókabeitan

IB RAF



Drengurinn sem vildi verða maður

Jörn Riel

Þýð.: Jakob S. Jónsson

Þegar Leifur læðist um borð í skipið hafði hann það huga að hefna föður síns. Hann grunaði ekki að hans biði ferð til Grænlands þar sem flest var ólíkt því sem hann átti að venjast á Íslandi. Fróðleg bók fyrir unga lesendur um íslenskan dreng og ævintýri hans á meðal ínúíta við lok víkingaaldar.

112 bls.

Nýhöfn

KIL



Dvergasteinn

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Húsið hennar ömmu Karólínu heitir Dvergasteinn.

Í garðinum á bakvið það er líka stór og dularfullur steinn sem ber sama nafn. Þegar Ugly heimsækir ömmu sína verður hún margs vísari og gamalt leyndarmál verður til þess að hún kemst í kynni við íbúa steinsins.

Verðlaunabókin *Dvergasteinn* kom fyrst út árið 1991 og hefur notið mikilla vinsælda. Hún hefur verið þýdd og gefin út á fjölda tungumála, en hér birtist hún að nýju með upphaflegum teikningum Erlu Sigurðardóttur.

130 bls.

Dimma

IB EÚT



Ekki opna þessa bók aftur

Andy Lee

Þýð.: Huginn Þór Grétarsson

Ekki opna þessa bók! Slepptu henni! Strax! Finnurðu þessa fylu?! Hún er af BÓKINN! Farðu frekar og gláptu á sjónvarpið. Það er stórhættulegt að lesa bækur. Ég heyrði að ef þú lest bækur geti augun dottið úr þér! 30 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Elsku Mío minn

Astrid Lindgren

Lesari: Hjalti Rúnar Jónsson leikari

Það sem Búi finnur í garðinum virðist við fyrstu sýn bara vera ósköp venjuleg flaska. En Búi trúir ekki sínum eigin augum þegar andi skýst út um stúttinn á flöskunni hans.

Elsku Mío minn er saga um baráttu góðs og ills, og er ein af vinsælustu bókum höfundarins.

3:25 klst.

Hljóðbók.is

HLB



Fíasól gefst aldrei upp

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Myndir: Halldór Baldursson

Lesari: Kristín Helga Gunnarsdóttir

Nú snýr Fíasól aftur, tíu ára og kraftmeiri en nokkru sinni fyrr. Hún stofnar björgunarsveit sem berst fyrir réttindum barna, glímir við tuddana í bekknum og spilar stuðbolta. Eldfjörug og ríkulega myndskreytt bók fyrir alla fjölskylduna og sjálfstætt framhald fyrri bóka um Fíasól sem hlotið hafa fjölda viðurkenninga og notið mikilla vinsælda.

208 bls. / 2:30 klst.

Forlagið - Mál og menning

IB RAF HLB



Auðvelt
að panta á
boksala.is

HARALDUR F. GÍSLASON

Frítt faðmlag fylgir
hverri bók

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Gilitrutt barnaópera

Salka Guðmundsdóttir
Myndskr.: Heiða Rafnsdóttir

Tónlist: Hildigunnur Rúnarsdóttir

Þjóðsöguna um Gilitrutt þarf vart að kynna fyrir Íslendingum en hér færa höfundar hana örlítið nær nútímanum, án þess þó að segja skilið við þjóðleg einkenni sögunnar sem er hér sögð í formi óperu með skemmtilegri og léttri tónlist. Texti er í bundnu máli sem heldur uppi spennu allt til enda þótt húmorinn sé aldrei langt undan. Bókin er fagurlega skreytt myndum og á vel heima í bókahillum allra barna sem vilja kynnast gömlu þjóðsögnum í nýjum og spennandi búningi. 56 bls. / Geisladiskur með upplestri fylgir með.

Töfrahröð

IB



**Fegurstu Grimmsævintýri
Fegurstu ævintýri H.C. Andersen**

H.C. Andersen

Þýð.: Dagbjört Ásgeirsdóttir og Þorgrímur Kári Snævarr
Söfn ævintýra með fallegum teikningum.

15 ævintýri í hvorri bók; önnur með sögur samdar af H.C. Andersen og hin með ævintýri skrásett af Grimmsbræðrum.

Öðinsauga útgáfa

IB



**Handbók fyrir ofurhetjur –
2. hluti: Rauða gríman**

Elias Vahlund og Agnes Vahlund

Þýð.: Ingunn Snædal

Ef mann dreymir nógu lengi um eitthvað sérstakt rættist draumurinn að lokum.

Það er komin ný ofurhetja í bæinn. Börnin í skólanum hrífast af Rauðu grímunni sem flýgur um og tekst á við bófa. Þau hafa ekki hugmynd um að hún er Lísu bekkjarsystir þeirra, sem alltaf er strítt. Lísu hefur verið að æfa sig í ofurkröftum – en nú stendur hún frammi fyrir sínu erfiðasta verkefni. Hröð, spennandi og skemmtileg saga um stúlku sem grípur til sinna ráða. 104 bls.

Drápa

IB



Handbók fyrir ofurhetjur – 3. hluti: Alein

Elias Vahlund og Agnes Vahlund

Þýð.: Ingunn Snædal

Að vera ofurhetjan Rauða gríman hefur breytt öllu fyrir Lísu. Hún hefur öðlast áður ófundið sjálfstraust – en er samt ennþá einmana.

Á sama tíma óttast allir ræningjar og aðrir glæpamenn í Rósaheð að verða handsamaðir af hinni dularfullu ofurhetju. Allir nema hættulegasti glæpaforinginn í bænum. Hann er orðinn þreyttur á afskiptum Rauðu grímunnar og ákveður að stöðva hana!

Hröð, spennandi og hjartnæm saga um stelpu sem tekur málin í eigin hendur.

104 bls.

Drápa

IB



**Harry Potter og viskusteinninn
Harry Potter og leyniklefinn
Harry Potter og fanginn frá Azkaban**

J.K. Rowling

Þýð.: Helga Haraldsdóttir

Lesari: Jóhann Sigurðarson

Fáum bókum hafa lesendur tekið jafnmiklu ástföstri við og bókunum um Harry Potter.



Uppgötvaðu galdraheim þar sem þú kemst í snertingu við nornir, galdramenn, mugga og bestu vinina Harry, Ron og Hermione.



Undirbúðu þig undir það að láta Voldemort hræða þig, að elska að hata Snape og að hlæja með tvíburunum Fred og George Weasley.

Leggðu af stað í spennandi ævintýri þegar þú hlustar á sögurnar um drenginn sem lifði í frábærum lestri Jóhanns Sigurðarsonar!

Fyrstu þrjár bækurnar í bókaflökknum koma út á árinu 2018 og næstu bækur halda síðan áfram að koma út með reglulegu millibili fram á vor 2019.

/ >>>

Storytel

HLB



Henri rænt í Rússlandi

Þorgrímur Þráinsson

Enn er lukkudýrinu Henri boðið að horfa á íslenska karlalandsliðið í fótbolta spila – og nú við Argentínu og sjálfan Lionel Messi á HM í Moskvu. Hin dularfulla Mía slæst í för með honum en á leiðinni bíða þeirra gríðarmiklar svaðilfarir. Fyrri bækurnar um Henri slógu ræki-lega í gegn og hér kemur æsispennandi framhald. 156 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



Hin illa arfleifð

Thomas Enger


Þýð.: Örn Þ. Þorvarðarson

Julie hefur aldrei séð föður sinn og móðir hennar þolir hvorki birtu né hávaða. Líf hennar er því langt frá því að vera venjulegt. Hún býr með afa sínum í stóru húsi, og er lögð í einelti í skólanum. 302 bls.

Bókaormurinn

SVK

**HELGINA
24. OG 25.
NÓVEMBER
Í HÖRPU**



**KYNNTU ÞÉR ÚRVAL
NÝRRÁ BÓKA**

Sjá dagskrá:
www.bokmenntaborgin.is

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG



Hrollur

6. Besti vinur minn er ósýnilegur
7. Draugaskólinn

R. L. Stine

Þýð.: Birgitta Elín og Marta Hlín

Draugaskólinn og Besti vinur minn er ósýnilegur.

Tvær glænýjar í Hrollsbókaflokknum. Léttar hrollvekjur fyrir 8 ára og eldri.

128 bls.

Bókabeitan

KIL RAF



Hulduheimar

Hafmeyjarif
Skýjaeyjan

Rosie Banks

Þýð.: Arndís Þórarinsdóttir

Skemmtilegu sögurnar af spennandi ævintýrum þeirra Evu, Sólrúnar og Jasmínar í Hulduheimum hafa öðlast miklar vinsældir meðal íslenskra barna. Hér eru tvær nýjar léttlestrarbækur um vinkonurnar hugrökku og átök þeirra við Nöðru drottningu og illþýði hennar.

120/112 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Jólasveinarannsóknin

Benný Sif Ísleifsdóttir

Myndskr.: Elín Elísabet Einarsdóttir

Dagana þrettán fyrir jól sefur Baldur álika lítið og gamlir afar. Hann er andvaka af spenningsi yfir fjalla-bræðrunum þrettán og rannsókinni sem hann og vinir hans, Elías og Hjörtur, ætla að gera. Vopnaðir spjaldtölvum, reglustiku, jólaseríum og apa ætla þeir nefnilega að komast að því hvort jólasveinar séu til í alvörnunni!

140 bls.

Bókabeitan

IB RAF



Jólasyrpa 2018

Walt Disney

Jólasyrpan er löngu orðin ómissandi partur af jólum margra. Fjörug lesning um íbúana í Andabæ, sem kemur öllum í hátíðarskap!

256 bls.

Edda útgáfa

IB



Ljósaserían

Korkusögur

Ásrún Magnúsdóttir

Myndskr.: Sigríður Aðils Magnúsdóttir

Korka er með sitt ljóst hár og stór blá augu. Sumir segja að hún sé algjör fyrirmyndarstúlka en foreldrar hennar vita betur.

Korka er nefnilega algjör prakkarakringla sem ræður stundum ekki við fjörið innra með sér og hefur lag á því að koma sér í vandræði. Það er samt sjaldnast henni að kenna, það gerist bara alveg óvart.

64 bls.

Bókabeitan

IB



(lang) Elstur í bekknum

Bergún Íris Sævarsdóttir

Lesari: Sigríður Læretta Jónsdóttir

Það getur verið dálítið skrítið að byrja í nýjum skóla þar sem maður þekkir engan. En það er eiginlega stórfurðulegt þegar níutíu og sex ára gamall karl sest við hliðina á manni og enginn kippir sér upp við það! Fljótlega verða bekkjarfélagarnir Eyja og Rögnvaldur ágætis vinir þrátt fyrir níutíu ára aldursmun. Þegar Eyja kemst að leyndarmáli Rögnvaldar gera þau með sér samning en tekst Eyju að standa við hann?

57 mín.

Storytel

HLB



Langelstur í leynifélaginu

Bergún Íris Sævarsdóttir

Eftir skemmtilegan skólavetur eru vinirnir Eyja og Rögnvaldur komin í sumarfrí. Þegar hinn háaldraði Rögnvaldur flytur á dvalarheimili fær Eyja að fylgja honum á meðan foreldrar hennar eru í vinnu. Áður var Rögnvaldur langelstur í bekknum en nú hafa hlutverkin snúist við og Eyja er orðin langyngst á dvalarheimilinu.

120 bls.

Bókabeitan

IB



Leyndarmál Lindu 5

Sögur af EKKI-SVO-GÁFADRI sem-veit-allt

Rachel Renée Russell

Þýð.: Helgi Jónsson


Það eru engin takmörk fyrir því hvað ein stelpa getur átt mörg leyndarmál. Linda sér um það. Alveg ókeypis.

Fimmta bókin um Lindu og leyndarmál hennar er sú allra skemmtilegasta hingað til.

320 bls.

Tindur

IB



Litla-Mús og töfrar hugans

Anna Lís Björnsdóttir


Myndskr.: Anna Lís Björnsdóttir

Litla-Mús leitar mömmu sinnar og á leið sinni nýtir hún hugarhæfileika sína öðrum dýrum til hjálpar. Þakkir dýranna færa Litlu-Mús svo nær markmiði sínu. Litla-Mús hjálpar t.d. flughræddum svani og hunangsfluglu með frjórkornaofnæmi. Gætu töfrar hugans hjálpað heima hjá þér?

Hugljúf saga fyrir börn og foreldra. Einnig til á ensku. 84 bls.

Anna Lís Björnsdóttir

SVK



Ljóðpundari

Þórarinn Eldjárn

Myndir: Sigrún Eldjárn

Í þessari bráðskemmtilegu barnljóðabók má meðal annars lesa um kláran klár, vinina Urg og Surg, fil í postulínsbúð og beinan banana. Bækur Þórarins og Sigrúnar Eldjárn hafa notið gríðarlegra vinsælda um árabil, jafnt hjá börnum og fullorðnum, og aflað höfundum sínum fjölda verðlauna.

50 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



**Lukka og hugmyndavélin:
Hætta í háloftunum**

Eva Rún Þorgeirsdóttir
Myndir: Logi Jes Kristjánsson
Lukka og Jónsi eru komin í langþráð frið og ætla að njóta sveitakyrðarinnar hjá hinum virta fornleifafraeðingi, prófessor Gulldal.

En skjótt skipast veður í lofti í lífi Lukku. Áður en hún veit af hafa systkinin dregist inn í stórhættulega atburðarrás og það reynir heldur betur á hugrekkið í þriðju og síðustu bókinni um ævintýri Lukku.

144 bls.
Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Markmaðurinn og hafið

Maria Parr
Þýð.: Sigurður Helgason
„Hver er venjulega í marki?“ Ég varð forviða. Hvernig í ósköpunum vissi hann það ekki? Allir í bænum vissu að Lena er markvörður í strákalíðinu.

Maria Parr er margverðlaunaður barnabókahöfundur og hafa margir líkt henni við Jóhönnu Spyri höfund Heiðubókanna og Astrid Lindgren.

229 bls.
Bókaormurinn

SVK




Matthildur

Roald Dahl
Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir
Myndskr.: Quentin Blake
Matthildur er eldklár og býr að auki yfir ofurkröftum, en foreldrum hennar þeim Myllu og Hrappi gæti varla verið meira sama um hana. Sem betur fer hittir hún Eddu og Unu og fleira gott fólk – það er verra með Krýsu skólastjórnann hrikalega!

Söngleikurinn Matthildur verður sýndur í vor í Borgarleikhúsinu.

233 bls.
Kver bókaútgáfa

KIL



Maxímús Músíkús fer á fjöll

Hallfríður Ólafsdóttir
Myndir: Þórarinn Már Baldursson
Lesari: Valur Freyr Einarsson
Maxímús Músíkús verður steinhissa þegar tvær ókunnugar mýs spretta upp úr tösku erlends hljómsveitarstjóra. Viva og Moto eru spennt að sjá Ísland og saman eiga mýsnar ævintýralega daga á fjöllum. Sögurnar um Maxa hafa notið gríðarlegra vinsælda og heillað jafnt börn og fullorðna um allan heim. Hljóðbókinni fylgir tónlist flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands.

41 bls. / 1:23 klst.

Forlagið – Mál og menning

IB HLB



Meira af Rummungi ræningja

Otfried Preußler
Þýð.: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Rummungur ræningi er aftur kominn á kreik og hefur numið ömmu á brott. Nú eru góð ráð dýr. Kasper, Jobbi og Fimbulfúsi yfirvarðstjóri eiga ekki margra kosta vól, en vonandi tekst þeim að hafa hendur í hári þessa óskammfeilna svikahrapps.

Önnur bókin af þremur um Rummung ræningja sem hefur heillað lesendur í meira en hálfá öld og birtist hér í fallegri afmælisútgáfu.

126 bls.
Dimma

IB



Miðnæturgengið

David Walliams
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Á miðnætti eru flest börn í fasta svefni, nema auðvitað ... Miðnæturgengið. Það er eimitt þá sem ævintýri þeirra eru rétt að hefjast ... Sérlega hugljúf og fyndin bók eftir David Walliams, hinn geysivinsæla barnabókahöfund, sem heillað hefur íslenska lesendur sína upp úr skónum. Hér í frábærri þýðingu meistara Guðna Kolbeinssonar.

478 bls.
Bókafélagið

IB



Milli svefnis og Vöku

Anna Margrét Björnsson
Myndir: Laufey Jónsdóttir
Vaka er oftast huguð og glaðvær stelpa. En þegar rökkrið sækir að líður henni ekki vel. Á nóttunni er eins og allt breytist og myrkrið gerir allt svo óhugnanlegt. Ekki bætir úr skák þegar dularfull vera kemur í heim sókn í eina nóttina og undarlegir hlutir fara að gerast.

64 bls.
Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Múminálfarnir

Litlu álfarnir, Halastjarnan, Pipuhattur galdrakarlsins
Tove Jansson
Þýð.: Þórdís Gísladóttir og Steinunn Briem
Allir þekjja múminálfana sem hafa glatt ótal börn og fullorðna áratugum saman. Hér birtast tvær af sögunum ástsælu saman í bók en einnig sú fyrsta, Litlu álfarnir, sem aldrei hefur komið út á íslensku fyrr. Ævintýrin eru ótrúleg – allt fer á flot, múmínsnáðinn og félagar halda í háskafærð upp í Einmanafjöll og pípuhattur galdrakarlsins stefnir öllu í voða.

352 bls.
Forlagið – Mál og menning

IB



Spæjarastofa Lalla og Maju
Múmiuráðgátan

Martin Widmark
Þýð.: Iris Baldurssdóttir
Myndir: Helena Willis
Á listasafninu í Víkurbae virðist 3000 ára gömul egyptsk múmía hafa vaknað til lífsins. Dauðskelkaður næturvörður er vitni í málinu en sömu nótt hverfur einnig dýrmætasta málverk safnsins. Lalli og Maja ákveða að fara og kanna málið betur. Spannandi ný saga úr Ráðgátubókaflokknum vinsæla en spæjarar á aldrinum 6–10 ára geta lesið þær aftur og aftur og í hvaða röð sem er.

92 bls.
Forlagið – Mál og menning

IB



Nornirnar

Roald Dahl
Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir
Myndskr.: Quentin Blake
Sagan segir frá dreng einum sem lendir óvart á ársþingi norna í Englandi en þeim er mjög í nöp við börn eins og allir vita. Afleiðingarnar verða orlagaríkar. Drengurinn og amma hans taka þá til sinna ráða. Fyndin fantasía með fallegan boðskap úr smíðu Roalds Dahls.

240 bls.
Kver bókaútgáfa

KIL



Nærbuxnaverksmiðjan

Arndís Þórarinsdóttir

Myndir: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

Nærbuxnaverksmiðjan hefur gnæft yfir hverfinu Brókarenda svo lengi sem elstu börn muna og þess vegna fer allt á hliðina daginn sem henni er lokað. Gutti og Ólína fara saman á stúfana þennan örlagaríka dag – Gutti til að komast að því hvað orðið hefur um ömmu hans en Ólína vegna þess að hún stenst aldrei það sem er hættulegt og bannað. Sprenglægleig saga fyrir krakka sem vilja lesa og hlæja.

90 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



Bernskubrek Ævars vísindamanns

Ofurhetjuviðin

Ævar Þór Benediktsson

Myndir: Rán Flygenring

Ofurhetjuviðin er fjórða bókin í bókaflóknum um bernskubrek Ævars vísindamanns. Þegar hinn 12 ára gamli Ævar sogast yfir í annan heim þar sem allir eru ofurhetjur þarf hann að taka á honum stóra sínum ef hann ætlar að komast aftur til baka. En langar hann aftur heim til sín? Og hvers vegna eru hetjur byrjaðar að hverfa? Ævispennandi og ofurfyndin ævintýrabók fyrir alla krakka.

221 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Orri óstöðvandi

Bjarni Fritzon

Hæ, ég heiti Orri, glaðlyndur og hugmyndaríkur 11 ára íþróttastrákur.

Orri óstöðvandi er ofurhetjuútgáfan af sjálfum mér. Eini munurinn á honum og mér, er sá að hann er hugrakkari og með meiri trú á sér.

Í þessari fyrstu bók um mig og vinkonu mína hana Móggu Messi, sem er sko geggjúð í fótbolta og uppátækjasóm með eindæmum, ætla ég að segja þér frá BESTA ÁRI LÍFS MÍNS.

240 bls.

Út fyrir kassann

IB



Ótrúleg ævintýri Brjálínu Hansen

Kóngsríkið mitt fallna

Finn-Ole Heinrich

Teikningar: Rán Flygenring

Pálína Klara Lind Hansen, stundum kölluð Brjálína, er í senn meistaraspjari, ofurfimleikastúlka og heimsmeistari í brjáli. Hún skilur ekki hvers vegna foreldrar hennar eru að skilja og hún að flytja í plasthús í hinum enda bæjarins, burt frá vinunum og skólanum og sínu fullkomna heimili, kóngsríkinu Brjálívíu. Pálína vill fá sitt gamla líf til baka og hún skal sko ná sínu fram!

Fyrsta bókin í þriggja bóka flokki.

176 bls.

Angústúra

IB



PAX – Niðstöngin

Asa Larsson og Ingella Korsell

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Myndskr.: Henrik Jonsson

TÍMINN TIFAR OG MYRKRIÐ SKELLUR Á

Yfirnáttúrulegar verur vakna til lífs. Bræðurnir Viggó og Alríkur hafa valist til að vernda leynilega bókasafnið undir kirkjuhólnum. Gömlu gæslumönnum bókasafnsins finnst bræðurnir heldur ungir til að vera stríðsmenn og vilja láta á þá reyna. Brátt stefnir í voða og Alríkur og Viggó verða að sýna af sér hugrekki og kænsku til að lifa af. Niðstöngin er fyrsta bókin í PAX-seríunni.

144 bls.

Drápa

IB



Ljósaserían

Pétur og Halla við hliðina: Útilegan

Ingibjörg Valsdóttir

Myndskr.: Auður Ýr

Nágrannarnir Pétur og Halla eru góðir vinir þótt Höllu finnst best að vera á fleygiferð en Pétur vilji heldur vera í rólegheitum. Þau fá leyfi til að fara ein í útilegu og þar gerast myndir, óvæntir og líka ægilegir atburðir.

56 bls.

Bókabeitan

IB



Óvættaför 30

Pöddudrottningin Amiktus

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Í síðustu bókinni í flokknum *Óvættaför* liggur leið Toms um frumskóg þar sem hann þarf að sigrast á slóttugum óvætti, Amiktusi. En hvaða möguleika á Tom gegn snerpu óvættarins? Og hvert er leyndarmálið sem faðir hans og Aduro töframaður hafa haldið leyndu fyrir honum?

120 bls.

IÐNÚ útgáfa

KIL



Rípa

Sigríður Ólafsdóttir

Myndskr.: Freydis Kristjánsdóttir

Tröllastelpan Rípa býr í helli uppi í fjöllum ásamt foreldrum sínum, afa, ömmu og mörgum bræðrum. Í dalnum er lítið afskekkt þorp og þar býr mannsbarnið Lóa. Dag einn þegar Rípa hefur farið lengra niður í fjallið en hún á að gera hittir hún Lóa, sem hefur farið ofar í fjallið en hún má. Segir sagan frá því hvernig vinátta þróast með þessum ólíku telpum.

64 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdenta

Frítt faðmlag fylgir hverri bók



Ropandi Rúna

Michael Rosen
Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson
Myndskr.: Tony Ross

Dag einn í ósköp venjulegu húsi varð ósköp venjulegru stelpu — henni Rúnu — það á að gefa frá sér mjög óvenjulegan ROPA. ROPA sem var svo sérstakur að hann feykti hlutum um koll. ROPA sem var svo risastór að hann fór fljótlega að skapa usla hvar sem Rúna kom — í matsalnum, í skólanum og á skólalóðinni. Þvílíkt ROPtrúlegt leyndarmál hlaut að kvísa út. Áður en varði var Rúna orðin ROPANDI fræg um allan heim ...

60 bls.
Ugla

IB



Rummungur ræningi

Otfried Preußler
Þýð.: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Ævintýri Kaspers og Jobba hefjast þegar Rummungur ræningi stelar kaffikvörninni hennar ömmu. Vinirnir tveir ætla að handsama ræningjann og endurheimta kvörnina, en það reynist þrautin þyngr. Fyrsta bókin af þremur um þennan óprúttna skúr. Litprentuð afmælisútgáfa!

115 bls.
Dimma

IB EÚT



Sagan um Skarphéðin Dungal sem setti fram nýjar kenningar um eðli alheimsins

Hjörleifur Hjartarson
Teikningar: Rán Flygenring

Skarphéðinn Dungal er ekki eins og flugur eru flestar. Hann er forvitinn, fordómalaus og gagnrýnn og grunar að heimurinn geymi fleira en sléttuna umhverfis borg flugnanna.

Stórskemmtileg þula með heimspekilegum undirtóni eftir Hjörleif Hjartarson með teikningum Ránar Flygenring en bók þeirra *Fuglar* hefur slegið í gegn hjá lesendum á öllum aldri.

72 bls.

Angústúra

IB



Seiðmenn hins forna

Cressida Cowell
Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Þegar örлагastjórnr Xars og Óskar mætast verða þau að gleyma þræufnum þjóða sinna ef þau eiga að komast í hinar leyndu dýflissur Járnvirkisins. En þar byltir sér nú eitthvað sem sofið hefur öldum saman ...

Fyrsta bókin í þriggja bóka flokki eftir metsöluhöfundinn Cressidu Cowell en bókaflokkur hennar *AÐ TEMJA DREKANN SINN* sló rækilega í gegn og eftir honum hafa verið gerðar bæði verðlaunakvikmyndir og sjónvarpsþættir.

400 bls.

Angústúra

IB



Siggi sitróna


Gunnar Helgason
Lesari: Gunnar Helgason

Stella er á leið í stóra aðgerð og kvíðir fyrir. En það er ekki eina áhyggjuefnið: Mamma er ólétt að tvíburum og allt gengur á afturfótunum við undirbúning brúðkaups þeirra pabba. Svo eru það vinirnir og Þór, kossar og hárbvottur! Þessi stórskemmtilega bók er framhald metsölubókanna *Mamma klikk*, *Pabbi prófessor* og *Amma best*.

183 bls. / 4:10 klst.

Forlagið – Mál og menning

Óvelkomni maðurinn er þriðja sagan um eftirlaunaþegann Eddu sem leysir flókin glæpamál á milli þess sem hún gerir sitt besta sem mamma og amma. Hér fellur þekktur athafnamaður fram af svólum við Birkimel og sömu nótt kveikir grandvar snyrtifræðingur í íbúð sinni. Bæði málin tengjast Eddu og hún getur ekki annað en grennslast aðeins fyrir um þau. „Edda er frábær karakter og allt gallerið í kringum hana er skemmtilegt.“ ÞT/Kiljan

296 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Piltur og stúlka – afmælisútgáfa

Jón Thoroddsen

Í tilefni af 200 ára afmæli og 150 ára ártíð Jóns Thoroddsen er frumgerð sögunnar um Pilt og stúlku nú gefin út. Þetta er fyrsta endurprentun upprunalegu útgáfunnar frá 1850 en skáldið breytti sögunni við gerð 2. útgáfu. Már Jónsson bjó til prentunar og ritar formála.

308 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Put your little hand in mine

Hugleik Dagsson

Splunkuný myndasaga eftir Hugleik Dagsson, innblásin af kvikmyndinni Groundhog Day. Myndasagan var upphaflega skyggusýning á Listahátíð 2018 til heiðurs aðalleikara myndarinnar, Bill Murray, en kemur nú loks út á bók.

112 bls.

Forlagið – Ókeiba

SVK



Refurinn

Sólveig Pálsdóttir

Lesari: Sólveig Pálsdóttir

Guðgeir starfar tímabundið sem öryggisvörður á Höfn í Hornafirði á meðan hann jafnar sig á áföllum í starfi og einkalífi. Forvitni hans er vakin og hann dregst inn í óvænta atburðarás þegar ung erlend kona hverfur sporlaust. Inni í Lóni býr kona með fullorðnum syni sínum. Hvaða óhugnaður býr í einangruninni?

Frábær hljóðbók sem nýtur sín í einstökum lestri höfundar.

🔊 9:03 klst.

Storytel

HLB



Ritgerð mín um sársaukann

Eiríkur Guðmundsson

Ástarsaga um fólar minningar, um kynslóðir sem bugast og neyðast til að jata uppgjöf sína, harmleikur sem ekki verður færður í orð. Sársauki sem er rytingur í hjarta okkar allra. En þessi ritgerð er líka ein lítill, græn rós.

Ritgerð mín um sársaukann er fimmta skáldsaga Eiríks sem er landskunnur þáttastjórnandi á Rás 1.

270 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB



Rof

Ragnar Jónasson

Árið 1955 flytja tvenn ung hjón til Héðinsfjarðar sem farinn er í eyði. Önnur kvennanna deyr með dularfullum hætti. Hálfri öld síðar finnst gömul ljósmynd sem bendir til þess að hjónin hafi ekki verið ein í firðinum. „Bækur Ragnars hafa blásið nýju lífi í norrænu glæpasöguna.“ Sunday Express

312 bls.

Veröld

KIL RAF EÚT



Saga Ástu

Hvert fer maður ef það er engin leið út úr heiminum?


Jón Kalmann Stefánsson

Öll fæðumst við nafnlaus en erum mjög fljótlega nefnd svo það verði ögn erfiðara fyrir dauðann að sækja okkur. Foreldrar Ástu völdu nafnið meðan hún var enn í móðurkviði. Nú liggur Sigvaldi faðir hennar á steyptri stétt – af hverju liggur hann þar? – og saga fjölskyldunnar rennur um huga hans. Þetta er saga Ástu, saga um ást í ólíkum myndum, íslenska sveit, skáldskap og menntunarþrá.

431 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL EÚT



Sakramentið

Ólafur Jóhann Ólafsson

Sakramentið eftir Ólafur Jóhann Ólafsson var ein af met-sölubókum ársins 2017 og hlaut einróma lof. „Frábærliga teiknaður karakter ... Minnisstæðasta sem ég hef lesið í þessu flóði. ... Verður ekki toppað. ... Fantagóð bók.“ Þorgeir Tryggvasvön, Kiljunni

294 bls.

Veröld

KIL RAF EÚT



Samfeðra

Steinunn G. Helgadóttir

Þegar móðir Janusar deyr kemst hann að því að hann á ellefu hálf systkini á svipuðu reki sem hann hefur aldrei hitt. Hann leggur upp í hringferð um landið til að kynnast þeim – en hvernig bregðast þau við því að hitta bróðurinn? Listilega spunnin saga í gráglettnum stíl, eftir höfund sem hlotið hefur Fjöruverðlaunin og fleiri viðurkenningar fyrir verk sín.

271 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Sextíu kíló af sólskinu

Hallgrímur Helgason

Drengur sem bjargast fyrir kraftaverk hlýtur að eiga sér framtíð – en hvers konar framtíð getur það orðið, í norðlenskum firði á torföld? Sagan af Eilífi bónda, Gestu syni hans og fólkinu á Segulfirði er breið og áhrifamikil frásögn af því þegar nútíminn nam land á Íslandi og öreigarnir eygðu loksins von. Snilldarlega skrifuð söguleg skáldsaga, full af hlýju, hómor og harmi.

461 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Sorgarmarsinn

Gyrðir Eliasson

Gyrðir Eliasson leggur hér lokahönd á sagnaþríleik sem hófst með *Sandárþókinni* og var síðan fram haldið í *Suðurgugganum*, en báðar fjölluðu þær með áleitnum hætti um líf og störf listamanna, önnur um málara en hin um rithöfund. *Sorgarmarsinn* segir af textasmíðnum Jónasi sem hallar sér þó aðallega að tónlistinni og hefur fundið sér athvarf í litlu þorpi á Austfjörðum. Táknræn og hrifandi frásögn af sköpun, orðleysi og einskonar pattstöðu í flóknu samspili lífs og listar.

164 bls.

Dimma

IB



Stormfuglar

Einar Káráson


Lesari: Einar Káráson

Íslenskur togari er á veiðum úti á reginhafi um miðjan vetur þegar aftakaveður brestur á. Griðarleg ísing hleðst á skipið og áhöfnin verður að berjja klakann í nistandi frosti og stórsjó. Baráttan er upp á líf og dauða: í talstöðinni glymja neyðarköll annarra skipa. Spennuþrungin áttasaga byggð á sönnunum atburðum eftir sagnameistarann Einar Káráson. ★★★★★ ÁBS / DV

124 bls. / 2:38 klst.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB



Stúlkan hjá brúnni

Arnaldur Indriðason

Lesari: Stefán Hallur Stefánsson

Ung kona sem hefur verið í neyslu er týnd og fjölskylda hennar biður Konráð lögreglumann að leita að henni. Hann er þó mest með hugann við löngu liðna atburði og skyndilega fangar lítil stúlka sem druknaði í Reykjavíkurtjörn athygli hans. Snjöll og nistandi saga um brostnar vonir og börn sem eiga sér hvergi skjól, snilldarlega fléttuð af meistara Arnaldi.

300 bls. / 9:10 klst.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB RAF HLB



Svartfugl

Gunnar Gunnarsson

Lesari: Gunnar Gunnarsson

Svartfugl er magnað skáldverk og af mörgum talin albesta bók Gunnars Gunnarssonar. Bakgrunnurinn er Sjöundármorðin, en jafnframt er dregin upp sköpp mynd af íslensku samfélagi um aldamótin 1800, stéttskiptingu og harðneskjulegum aðstæðum alþýðunnar. *Svartfugl* segir mikla sögu af mögnuðu fólki. Klassískt verk sem talar til nýrra tíma á nýjan hátt.

9:11 klst.

Hljóðbók.is

HLB



Svik

Lilja Sigurðardóttir

Lesari: Lilja Sigurðardóttir

Úrsúla fær óvænt boð um að setjast í ríkisstjórn og grípur tækifærið, grunlaus um hvað bíður hennar. Fjölmíðlar vaka yfir hverju fót máli nýja ráðherrans en aðrir fylgjast líka með henni á laun, ekki allir vinveittir. *Svik* er fjörug og hörkuspennandi saga um völd og valdaleysi, ofbeldi og þöggun, eftir verðlaunahöfundinn vinsæla, Lilju Sigurðardóttur.

390 bls. / 9:00 klst.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF HLB



Svikarinn

Lilja Magnúsdóttir

Það gefst sjaldan vel að það séu þrír í hjónabandi og þegar það eru orðnir fjórir hlýtur eitthvað að springa. Sprengingin verður þegar ung kona verður viðskila við ástmann sinn og hefur enga hugmynd um afdrif hans. Þau höfðu lengi leikið tveim skjöldum og talið sér trú um að það væri í lagi.

256 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Sögur Snjólaugar

Snjólaug Bragadóttir

Hinar dásamlegu bækur Snjólaugar Bragadóttur sem hafa verið ófáanlegar á Íslandi um tíma eru nú loksins aftur aðgengilegar, að þessu sinni sem hljóðbækur. Bækur eins og *Ráðskona óskast í sveit*, *Allir eru ógiftir í verinu*, *Holdið er torvelt að temja*, *Enginn veit hver annars konu hlýtur* og margar fleiri.

Kynntu þér allt úrvalið á Storytel.is

/ 9:00 klst.

Storytel

HLB



Sölvasaga Daníelssonar

Arnar Már Arngrímsson

Sölvasaga unglings fékk Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2016. En hvað varð svo um Sölva? Hann er á góðri leið með að verða starfsmaður aldarinnar í Bónus. Jafnaldrar hans raða saman flugferðum í heimsreisum. Hann raðar saman orðum. En orðin láta ekki að stjórn. Þetta er saga af utlaga í leit að bandamönnum, þjóð í leit að betri tilboðum og tungumáli sem fæst á 100-kall í Hertex.

Bókin fæst einnig sem hljóðbók. Lesari Árni

Beinteinn Árnason.

264 bls. / 9:00 klst.

Sögur útgáfa

IB HLB

Hljóðbók frá Storytel



The darkness surrounds me

Huggleikur Dagsson

Englar, jólasveinar og ævintýrapersónur í einni súpu. Smekklaut grín og grátt gaman en nú í fögrum litum – skrautlegra en nokkru sinni fyrir.

104 bls.

Forlagið – Ókeibæ

SVK



Tinder-match

Hörður Andri Steingrímsson
Lesari: Sindre Freyr Steinsson

Hann finnur hana á stefnumótaforritinu. Þau eru match. Svo byrja þau að tala saman. Djarft. En vill hann hitta hana? Er hún of ung fyrir hann? Og ætla hún aldrei að ná úr sér þessari pest sem hún talar endalaust um? *Tinder-match* er spennandi nívella úr samtímanum um netsamtal sem vindur upp á sig; ástina, gredduna og einmanaleikann. Hörður Andri Steingrímsson hefur gefið út tvær ljóðabækur og birt smásögu í tímaritinu *Stínu*.

🔊 2:39 klst.

Forlagið

RAF HLB



Undir hrauni

Finnogi Hermannsson

Spennandi frásögn sem byggir á raunverulegum atburðum þegar tveir þýskir skipbrotsmenn flúðu undan breska hernum upp í Hekluhraun og unnu þar í púlsvinnu fyrir Selsundsbónda. Í Reykjavík beið ung stórættuð stúlka sem áráddi að lokum að heimsækja unnustann upp í hraunið. Meistaralega fléttað saman af landskunnnum sagnaþul.

128 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Undir yfirborðinu

Tanja Rasmussen

Lesari: Silja Aðalsteinsdóttir

Lena er laus úr ofbeldissambandi, en aðeins að nafninu til. Í huganum og í draumum sínum er hún ennþá föst og hefur verið brotin niður svo rækilega að hún getur ekki risið upp. Ekki fyrir en hún hleypir Övu inn í líf sitt, Övu sem brosir til allra og ansar engum mót-bárum. *Undir yfirborðinu* er grípandi nívella eftir Tönju Rasmussen, tvítugan háskólanema og stofnanda bókaútgáfunnar Kallíópu.

🔊 2:05 klst.

Forlagið

RAF HLB



Ungfrú Ísland

Auður Ava Ólafsdóttir

Söguviðið er Reykjavík árið 1963. Ung skáldkona flytur vestan úr Dölum með nokkur handrit í förum sínum, á tímum þegar karlmenn fæddust skáld en ungum konum var boðið að taka þátt í fegurðarsamkeppni Fegrunarfélags Reykjavíkur.

Þetta er saga um sköpunarþrá og leitina að fegurð. Auður Ava hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir síðustu skáldsögu sína, *Ór*.

240 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB



Útlagamorðin

Ármann Jakobsson

Ungur maður finnst látinn í litlum bæ úti á landi. Lögreglan fer á staðinn en bærinn er fullur af erlendum ferðamönnum, kattamorðingi gengur laus, tvær systur virðast ráða öllu og ein úr lögreglulíðinu á þaðan miður góðar minningar.

Launfyndin og hörkuspennandi glæpasaga.

328 bls.

Bjartur

IB RAF



Valdamiklir menn

Þriðja morðið

Jón Pálsson

Þórhallur rannsóknarlögreglumaður glímur við eitt flóknasta glæpamál sem komið hefur á hans borð. Hann er að komast á sporið en sagast þá inn í hringiðu spillingar og yfirhyllingar þar sem hættur liggja við hvert fötmál. Nú þarf hann að gera upp við sig hvort hann fylgir þeirri línu sem lögreglan kynnr opinberlega eða freistar þess að koma lögum yfir glæpamennina.

Þriðja morðið eftir Jón Pálsson er þriðja og síðasta bókin í þrileiknum um *Valdamikla menn*.

470 bls.

Höfundaútgáfan

KIL



Vættir

Alexander Dan Vilhjálmsson

Sagan gerist í torkennilegri Reykjavík; vættir birtast á hverju húshorni, þökum og upp úr holræsum. Tré vex á gatnamótum Hofsvallagötu og Hringbrautar, hnífur rignir niður af himnum. Hvernig bregst mannhugurinn við? Alexander Dan hefur áður sent frá sér furðusögur sem væntanlegar eru í enskri þýðingu. Þetta er hefðbundin skáldsaga með töfrum og furðum.

208 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB



Það sem dvelur í þögninni

Ásta Krístrún Ragnarsdóttir


Ættarskáldsaga Ástu Krístrúnar byggir á sögum átta kvenna, allt frá öndverðri 18. öld fram á hina tuttugustu. Bókin hefur vakið marga til umhugsunar um formæður sínar og –feður, á ögurtímum í sögu Íslands. Höfundur fékk og fær enn sterk viðbrögð og jákvæð frá fjölmörgum lesendum. Valgeir Guðjónsson flytur lög sín við kvæði í bókinni. Sjá <https://www.bakkastofa.com/umsagnir-lesenda>

Höfundur les.

🔊 9:00 klst.

Studiamus

HLB



Þorpið

Ragnar Jónasson

Una, ungur kennari úr Reykjavík, ræður sig til starfa á Skálum á Langanesi árið 1985. Íbúarnir eru tíu og nemendurnir aðeins tveir. Samfélagið er lokað og tekur henni með miklum fyrirvara. Óútskýrð dauðsföll vekja ugg og á nóttunni finnst Unu stundum eins og hún sé ekki ein í herberginu sínu ...

318 bls.

Veröld

IB RAF



Þorpið sem svaf

Smásögur

Reynir Traustason

Þorpið sem svaf gerist í litlu byggðarlagi. Sögur af fólki og örlögum þess. Kvótinn er seldur og vinnan fer. Kóngarnir gegma auð sinn í aflandinu. Eftir situr fólk í sárum. Þetta eru sögur af svindli ekki síður en ást og kærleika. Fossarnir eru þurkkaðir upp. Heiðinni sökkt til að framleiða rafmagn fyrir stóriðju. Peningamenn græða á meðan náttúran grætur. Allt selt og hreinleikinn horfinn. Þeir sem sjá sjálfa sig í sögunum gera það á eigin ábyrgð. Sögurnar eru blanda af skáldskap og raunveruleika.


192 bls.

Útgáfufélagið Stundin

KIL

Skáldverk

PÝDD



Afhjúpun Olivers

Liz Nugent

Þýð.: Valur Gunnarsson

„Ég hafði búist við meiri viðbrögðum þegar ég kylði hana í fyrsta sinn.“

Eftir þessa nístandi opunarsetningu er enginn vafi hver gerandinn er í þessum taugatrekkjandi sálfræði-þriller. Það er ástæðan að baki sem heillar lesandann á meðan höfundurinn flettir fagurfræðilega ofan af sannleikanum. Hvaða leyndarmál hefur Oliver að fela sem þolir ekki dagsins ljós og lætur hann gjörsamlega missa stjórn á sér?

227 bls.

Portfolio Publishing

KIL



Alein

Mary Higgins Clark

Þýð.: Pétur Gissurarson

Celia fer í siglingu með lúxusfarþegaskipinu Queen Charlotte. Hún vill forðast sviðsljósið eftir að unnsti hennar er handtekinn fyrir fjármálasvindl. Um borð í skipinu ríkir glaðværð en ekki er allt sem sýnist. Sumir samferðamennirnir sigla undir fölsku flaggi. Einn daginn finnst stórrík vinkona Celiu myrt og dýrmætu hálsmeni hennar hefur verið stolið. Celia er staðráðin í að finna morðingjann en hún áttar sig ekki á því strax að sjálf er hún í mikilli lífshættu. Æsispennandi met-sölubók eftir meistara háspennunnar.

270 bls.

Ugla

IB



Allt sundrast

Chinua Achebe

Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir

Skáldsagan *Allt sundrast* eftir nigeríska höfundinn Chinua Achebe (1930–2013) er talin höfuðrit af ríkra nútímabókmennta. Hún segir sögu hins óttalausa Igbo-stríðsmanns Okonkwo í upphafi nýlendutímans þegar ágengir Evrópumenn ógna heimi ættflokkanna á svæðinu.

Allt sundrast hefur verið þýdd á 58 tungumál og selst í yfir 20 milljónum eintaka.

272 bls.

Angústúra

KIL



Átta fjöll

Paolo Cognetti


Þýð.: Brynja Cortes Andrésdóttir

Einstæð saga um sterka og einlæga vináttu tveggja drengja með ólíkan bakgrunn, uppvöxt þeirra og samband sem þróast í árána rás. Þótt leiðir þeirra skilji og Bruno verði um kyrrt í fjöllumunum en Pietro flakki um heiminn slitnar bandið sem tengir þá aldrei. *Átta fjöll* hlaut Strega-verðlaunin, virtustu bókmenntaverðlaun Ítala, árið 2017.

233 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Áttunda dauðasyndin

Rebecka Aldén

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Áttunda dauðasyndin er spennusaga um hluti sem við viljum halda leyndum, um mannlegan breyskleika og skelfileg leyndarmál.

Nóra er vinsæll álitsgjafi, rithöfundur og fyrirlesari. Hennar skilaboð eru að allir geti orðið hamingjusamir og náð árangri í lífinu. Það gerði hún nefnilega sjálf fyrir tíu árum, eftir að hún datt ofan af sjöundu hæð og var næstum dáin. Hægt og bitandi eltir fortíðin hana uppi. Kannski var það sem gerðist fyrir tíu árum ekkert slys? 336 bls.

Drápa

KIL



Bak við luktar dyr

B.A. Paris

Þýð.: Ingunn Snædal

Lesari: Álfur Helga Örnólfsdóttir

Allir þekkjá þör á borð við Jack og Grace. Hann er myndarlegur og heillandi, hún glæsileg og hæfileikarík. Þau eru vel stæð og heimili þeirra óaðfinnanlegt. Þig langar ekki endilega til að láta þér líka við þau en annað er ekki hægt. Þú vilt kynnast Grace betur. Það er þó erfitt. Af því að þau eru óaðskiljanleg. Sumir myndu kalla það sanna ást. Aðrir myndu furða sig á því að hún svarar aldrei símanum og fer aldrei neitt án Jacks.

🔊 7:35 klst.

Storytel

HLB



Beckomberga-geðsjúkrahúsið

Sara Stridsberg

Þýð.: Tinna Ásgeirsdóttir

Þegar Jimmie Darling er vistaður á Beckomberga-geðsjúkrahúsinu verður það líka heimur dóttur hans, Jackie.

Heillandi frásögn eftir einn virtasta höfund Svíþjóðar þar sem sjúkrahúsið verður táknmynd samfélags sem reynir að halda utan um þá veiku en líka halda þeim fjarri.

351 bls.

Bjartur

KIL RAF

Auðvelt
að panta á
boksala.is

Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is



Sælkeraverslun
bókafólksins

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Bókmennta- og kartöflubökufélagið

Mary Ann Shiffer og Annie Barrows

Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir

Skáldkona kynnist ást og sorgum á Guernsey undir þýsku hernámi, og vináttu sem er engri lík.


Bókmennta- og kartöflubökufélagið hefur farið sigurför um heiminn.

„Bestu meðmæli fyrir þá sem hafa gaman af hlýlegum ástarorðum, krydduðum með smá sorg og trega.“ Mbl.

326 bls.

Bjartur

RAF EÚT



Dag einn í desember

Josie Silver

Þýð.: Herdís Hübner

Þegar Laurie situr í strætó á köldum desemberdegi kemur hún auga á hann – hinn eina rétta – og svo ekur vagninn af stað. Þegar hún sér hann næst er hann kærasti vinkonu hennar. Laurie reynir að láta lífið halda áfram og í tíu ár skarast leiðir þeirra. Skemmtileg, hjartnæm og grípandi ástarsaga um örlög sem tvinnast saman og flækjast á ýmsa vegu.

470 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Dagar höfnunar

Elena Ferrante

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Dagar höfnunar er að margra mati magnaðasta bók ítalska höfundarins Eleno Ferrante. Lýsingar hennar á sálarlífi og félagslegri stöðu konu á barmi örvæntingar eru sterkar, átakanlegar og stundum grátbroslegar. Bóklaklúbburinn Sólin gefur út vandaðar þýðingar á eftirtækta verðum bókum heimsins.

191 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL



Dóra Bruder

Patrick Modiano

Þýð.: Sigurður Pálsson

Patrick Modiano hlaut Nóbelsverðlaunin 2014. Þessi skáldsaga tengist honum persónulega því viðfangsefnið, týnda stúlkan Dóra Bruder, kallar fram minningar frá liðnum tíma. Þetta ferðalag er í senn undursamlegt og skelfilegt.

163 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Englar Hammurabís

Max Seeck

Þýð.: Sigurður Karlsson

Starfsmaður finnska sendiráðsins í Zagreb hverfur í kjölfar hótana. Daniel Kuisma og Annika Lehto eru send til að grafa fyrir um afdrif landa síns. Brátt finna þau þræði sem liggja inn í hrylling Balkanstríðsins. Hvað gerðist raunverulega fyrir tuttuðu árum? Hverjir eru Englar Hammurabís og hver vill þá feiga?

456 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Etýður í snjó

Yoko Tawada


Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir

Þrjár kynslóðir ísbjarna segja sögu sína með eigin orðum. Heillandi saga um samband manna og dýra, um útleð, fjölskyldur, aðskilnað og það að vera öðruvísi eftir japanska rithöfundinn Yoko Tawada sem er búsett í Þýskalandi.

322 bls.

Angústúra

KIL



Evgenía Grandet

Honoré de Balzac

Þýð.: Sigurjón Björnsson

Með þessari skáldsögu hófst sigurför Balzacs sem skáldsagnahöfundar en þessi dramatíska saga er löngu orðin klassísk og hefur verið þýdd á fjölda tungumála. Hún kemur nú út í fyrsta sinn á íslensku.

204 bls.

Skrúdda

IB



Ég er að spá í að slúttu þessu

Iain Reid

Þýð.: Árni Óskarsson

Jake og kærasta hans heimsækja foreldra hans sem búa á frekar afskekktum bóndabæ. Spennuþrungin og taugatrekkjandi saga um ökuferð sem endar með skelfingu. Bókin hefur slegið rækilega í gegn víða um heim og leikstjórinn Charlie Kaufman vinnur nú að stórmynd eftir sögunni.

218 bls.

Veröld

KIL RAF



Fjörður hinna dauðu

Hans Jakob Helms

Þýð.: Eiríkur Brynjólfsson

Langt er um liðið frá því síðan upplýst var að Bandaríkjaher flaug flugvélum hlöðnum kjarnorkusprengjum til herstöðvarinnar í Thule. En getum við verið viss um að málinu hafi lokið þar með?

312 bls.

Draumsýn

SVK



Fléttan

Laetitia Colombani

Þýð.: Ólöf Pétursdóttir

Þrjár konur, þrjú líf, þrjár heimsálfur. Þessar konur eiga það sameiginlegt að neita að gefast upp fyrir örlögum sínum og andstreymi. Þær ákveða að berjast fyrir sínu og svo fer að þræðir þeirra fléttast saman.

224 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Flúraða konan

Mads Peder Nordbo
Þýð.: Ingunn Snædal

Lík af fornum víkingi finnst í Grænlandsjökli en skömmu síðar hverfur líkið og lögreglumáður finnst myrtur. Morðið virðist tengjast óleystum morðmálum frá árinu 1973. Bláðamaður fer að rannsaka málið með aðstoð ungrar konu sem var að losna úr fangelsi fyrir að hafa myrt föður sinn.

357 bls.
Veröld

KIL RAF



Forargata Reykjavík

Sólvieg Eggerz
Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Forargata Reykjavík er áhugaverð frásögn um þroska-sögu stúlku sem fæðist í sveit þar sem skýr mörk eru milli efnaðra og fátækra. Stúlkan flýr úr sveitinni eftir átök við bóndasoninn og sér höfuðstaðinn í hillingum. Þar verði lífið annað og léttara og auðvelt að framfleyta sér. Annað kemur upp á daginn en stúlkunni tekst með einbeitni og dugnaði að finna sér samastað í tilverunni. Hernámið setur mikinn svip á söguna og lífinu í Reykjavík er vel lýst og þeim áhrifum sem það hefur á ákvarðanir Siggu.

-Guðrún Kvaran, prófessor.

280 bls.
Tindur

KIL




Fórnamýrin

Susanne Jansson
Þýð.: Erna G. Árnadóttir

Nathalie Ström snýr aftur á bernskuslóðir til að vinna að doktorsritgerð um mýrlendi. Líkfundur gefur henni – og lögreglunni tilefni til þess að rifja upp fortíðina. „Hrollvekjandi glæsileg frumraun.“ Paula Hawkins (Konan í lestinni)

301 bls.
Bjartur

KIL RAF



Fyrir fallið

Noah Hawley
Þýð.: Ísak Harðarson

Í sumarþöku síðla kvölds hrapar einkaþota á leið til New York með 11 manns innanborðs. Þeir einu sem komast af eru 4 ára drengur, erfingi ótrúlegra auðæfa, og listmálari. Var þetta slys eða voru einhver myrkræfili að verki? Mögnuð spennusaga eftir Noah Hawley, höfund sjónvarpsþáttaraðarinnar Fargo.

464 bls.
Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Galdra-Manga

Dóttir þess brennda
Tapio Koivukari

Þýð.: Sigurður Karlsson
Manga, heimasæta í Árneshreppi á Ströndum, flýr heimasveit sína eftir að faðir hennar er brenndur fyrir galdra. Sagan lýsir tildrögum galdramálsins og baráttu Möngu við yfirvöld og byggir á raunverulegum atburðum á 17. öld. Þjóðsagnapersónan Galdra-Manga fær hér uppreisn æru í stórfenglegu skáldverki eftir hinn margverðlaunaða finnska höfund.

304 bls.

Bókautgáfan Sæmundur

IB



Gilead

Marilynne Robinson
Þýð.: Karl Sigurbjörnsson

Gamall prestur í bænum Gilead í Iowa í Bandaríkjunum veit að hann á skammt eftir ólífað. Hann skrifar ungum syni sínum bréf til að miðla reynslu sinni og sögu fjölskyldu sinnar og bæjarins. Áhrifarík innsýn í umbrotatíma og átök og glímu fólks við lífið og dauðann, mannlega reisin, breyskleika og dýpstu rök tilverunnar.

Margverðlaunað meistara verk eftir einn virtasta skáldsagnahöfund Bandaríkjanna.

302 bls.

Ugla

KIL



Guð hins smáa


Arundhati Roy
Þýð.: Ólaf Eldjárn

Þessi stórbrotna, hlýja og seiðandi verðlaunaskáldsaga frá Indlandi kom fyrst út fyrir rúmum tuttugu árum og snerti hugi og hjórtu lesenda víða um heim – einnig hér á landi, en hún kom út í íslensku þýðingu árið 1998. Bókin er nú endurútgefin í tilefni þess að höfundurinn hefur loks sent frá sér aðra skáldsögu sem nefnist *Ráðuneyti æðstu hamingju*.

336 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF EÚT



Gullykillinn

George MacDonald

Huldulandskógur er rétt við garðinn hans Mosa. Dag einn sér hann nokkuð stórfenglegt, regnboga, sem kallar hann til sín og hefst þá ferðalag sem á eftir að endast honum ævina. Hann kynnist Flækju og saman halda þau æ lengra inn á við í leit að landinu þaðan sem skuggarnir falla.

80 bls.

Rót Forlag

KIL



Hawklín-skrímslið

- gotneskur vestri

Richard Brautigan


Þýð.: Þórður Sævar Jónsson

Richard Brautigan (1935–1984) var á meðal þekktustu rithöfunda Bandaríkjanna á sinni tíð. Hann samdi 10 skáldsögur og gaf út 9 ljóðasöfn og eitt smásagnasafn á ferli sínum. *Hawklín-skrímslið* var sú fimmta sem hann sendi frá sér og er á margan hátt einstök í höfundarverkinu þar sem hún er skopstæling á hinna vinsælu bókmenntagrein vestranum.

182 bls.

Dimma

SVK



Hefnd grasflatarinnar

Sögur 1962–1970

Richard Brautigan

Þýð.: Þórður Sævar Jónsson

Í 62 örsögum bregður höfundur upp hverfulum svipmyndum af furðulegum raunveruleika. Textinn er í senn ljóðrænn, fjarstæðukenndur, frumlegur, harmrænn og ómótstæðilega fyndinn. Fá skáld standa Brautigan snúning hvað myndvísni og myndlíkingar varðar, en hann sá póesíu og fegurð á stöðum sem fæstir veita nokkra eftirtekt.

208 bls.

Partus forlag

SVK



Hin órólegu

Linn Ullmann

Þýð.: Ingibjörg Eypórsdóttir

Óvenjuleg og áhrifamikil saga um börn sem vilja verða fullorðin og fullorðna sem helst vilja vera börn. „Einn besti rithöfundur Noregs skrifar frábæra og tófrandi bók um sína frægu foreldra og eigin uppvöxt.“ VG, Noregi

315 bls.

Bjartur

KIL RAF



Hinir smánuðu og svívirtu

Fjodor Dostojevskí


Þýð.: Gunnar Þorri Pétursson og Ingibjörg Haraldsdóttir

Viðburðarík skáldsaga frá 1861; saga um gæsku og illsku, ástir, svik og stéttaskiptingu – og samspil alls þessa í lífi eftirminnilegra sögupersóna. Ingibjörg Haraldsdóttir (d. 2016) þýddi mörg helstu skáldverk Dostojevskís og hóf þýðingu þessarar bókar en varð frá að hverfa. Við tók Gunnar Þorri Pétursson sem lauk verkinu, ritaði skýringar og eftirmála.

555 bls.

Forlagið

KIL RAF



Hinn grunaði hr. X

Keigo Higashino

Þýð.: Ásta S. Guðbjartsdóttir

Hinn grunaði hr. X er hugvittsamleg skáldsaga eftir einn vinsælasta rithöfund Japana um þessar mundir, Keigo Higashino, hinn „japanska Stieg Larsson“.

„Óvenjuleg og grípandi spennusaga sem er falleg og átakanleg í senn og vekur lesandann til umhugsunar.“

★★★★ Kolbrún Bergþórsdóttir/Frbl.

395 bls.

Bjartur

KIL RAF



Homo Sapina

Niviaq Korniliussen

Þýð.: Heiðrún Ólafsdóttir

Eftir að Fía hættir með kærastanum og kynnist Söru gjörbreytist líf hennar. Fía, Inuk, Sara, Arnaq og Ivinnguaq eru öll í leit að ástinni og sjálfum sér. Við fylgjum einni persónu í hverjum kafla en sögur þeirra fléttast allar saman í ísköldum grænenskum veruleika þar sem fordómar og fastheldni ráða ríkjum.

160 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Hrakinn

Astrid Saalbach

Þýð.: Arnrún Eysteinsdóttir

Andreas Ruud Christensen lendir í skíðaslysi í Ólpunum. Þegar hann vaknar úr dái eftir nokkra sólarhringa, hefur hann misst minnið að hluta til og breytingar hafa orðið á persónuleika hans. Hann reynir að endurheimta sitt fyrra líf, en hann fjarlægist umhverfið enn meira.

291 bls.

Draumsýn

SVK



Hvert andartak enn á lífi

Tom Malmquist

Þýð.: Davíð Stefánsson

Mögnuð og ógleymanleg saga um missi og djúpa sorg, ástina, lífið og dauðann. Karin og Tom eiga von á fyrsta barni sínu þegar Karin veikist skyndilega og er flutt í snarhasti á sjúkrahús. Þegar Tom snýr heim er hann einn – með litlu dóttur sinni og sárri sorginni. Margverðlaunuð bók sem var m.a. tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

271 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Hözzlaðu eins og þú verslar

Lin Jansson

Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir

Lovisa nálgast þrítugt og er enn einhleyp. Vinkonurnar ráðleggja henni að reyna við stráka eins og hún kaupir skó, að hözzla eins og hún versli. Kölluð Fyrsta uppi-standsskáldsagan og sló í gegn í Svíþjóð.

„Hözzlaðu eins og þú verslar er í toppbaráttu við fyndnustu bækur síðari tíma.“ JMA/Mbl.

357 bls.

Bjartur

KIL RAF



Kalak

Kim Leine

Þýð.: Jón Hallur Stefánsson

Kalak er skáldævisaga. Kim strýkur úr samfélagi Votta Jehóva í Noregi til Kaupmannahafnar. Flóttinn berst síðan til Grænlands þar sem við sögu koma skrautleg og fjölbreytileg störf hjúkrunarfræðings í grænenskum byggðum. En einnig misfriðsamar ástkonur, veiðiferðir og barferðir. Nú fánleg í kilju.

320 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL EÚT



Kapítóla

E.D.E.N. Southworth

Þýð.: Eggert Jóhannsson

Lesari: Þórunn Hjartardóttir

Sagan um uppreisnargjörnu strákastelpuna Kapítólu, karlauskinn Fellibyl, sem reynir að gera hana að hefðar-dömu, ræningjaforingjann svarta Donald og öll hin hefur heillað lesendur í meira en eina öld og hér er hún enn komin. Silja Aðalsteinsdóttir sá um útgáfunu og ritar eftirmála.

552 bls. /

Forlagið

KIL RAF HLB EÚT



Konan í glugganum

A.J. Finn

Þýð.: Friðrika Benónýsdóttir

Anna Fox ráfar um húsið sitt, týnd í minningum um hamingju sem var, stígur aldrei út undir bert loft en fylgist með nágrönnunum út um gluggana. Ný fjöl-skylda flytur í götuna og eitt kvöldið verður Anna vitni að atviki sem enginn átti að sjá – eða sá hún það í raun og veru? Mun einhver trúa henni? Ævispennandi saga sem ekki er hægt að leggja frá sér.

458 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Krítarmaðurinn

C. J. Tudor

Þýð.: Ingunn Snædal

Þegar Eddie var tólf ára komu vinirnir leynilegum skilaboðum hver til annars með krítarteikningum – allt þar til figúrurnar leiddu þá að líki ungrar stúlku.

C.J. Tudor sló í gegn með þessum magnaða sálfræðitrylli. „Stórkostleg frumraun hjá ótrúlega hæfileikaríkum höfund.“ Sunday Mirror

316 bls.

Bjartur

KIL RAF



Krökaleiðir hamingjunnar

P.Z. Reizin


Þýð.: Herdís Magnea Hübner

Hér er glettin og skemmtileg samtímasaga um Jen sem vinnur við að þjálfra gervigreind. Gervigreindin tekur sér það bessaleyfi að skreppa út á veraldarvefinn og skoða sig um. Hún ákveður að hressa upp á ástarlíf Jen og kynnist þar öðrum gervigreindum sem hafa sloppið út á veraldarvefinn en eru ekki allar jafnvelviljaðar mannfólkinu.

386 bls.

Björt bókaútgáfa – Bókabeitan

KIL RAF



Köld slóð

Emelie Schepp

Þýð.: Kristján H. Kristjánsson

Lesari: Kristján Franklín Magnús leikari

Á köldu desemberkvöldi staðnæmist hraðlestin frá Kaupmannahöfn til Stokkhólms á aðalstarstöðinni í Norrköping. Ung kona finnst látin um borð og reynist hún vera með eiturlyf innvortis. Ferðafélagi hennar, önnur ung stúlka, er horfin sporlaust út í myrkið. Jana Berzelius saksóknari fær málið til rannsóknar og fyrr en varir flækist hún í atburðarás þar sem skuggaleg leyndarmál fortíðar hennar minna á sig.

396 bls. / 9:32 klst.

mth útgáfa

KIL HLB

Hljóðbók frá Hljóðbók.is



Lífið heldur áfram

Winnie M Li

Þýð.: Herdís Hübner

Áhrifamikil og spennandi saga, byggð á reynslu ungrar konu sem 15 ára unglíngur nauðgaði í Vestur-Belfast á Norður-Írlandi árið 2008. Glæpurinn var framinn á vordegi þegar hún var í gönguferð. Höfundurinn, Winnie Li, skrifar söguna út frá reynslu sinni, en einnig frá sjónarhóli Johnnys, gerandans. Bókin er því í raun saga þeirra beggja og því að hluta skáldsaga.

394 bls.

Almenna bókafélagið

KIL



Lífsnautnin frjóa

Anne B. Ragde

Þýð.: Silja Aðalsteinsdóttir

Fimmta sagan í hinum geysivinsæla bókaflökki um Neshov-fjölskylduna. Torunn starfar með Margido á útfararstofunni og gerir upp gamla húsið á Neshov. Og í Danmörku eru Erlend og Krumme líka að gera upp hús fyrir sig, börnin þrjú og barnsmæðurnar. Og á elliheimilinu situr Tormod með leyndarmál sín ... Kærkomin bók fyrir alla aðáendur Ragde.

325 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Lífsspeki kúa

Rosamund Young

Þýð.: Bjarni Jónsson

Ást er allt sem þarf. Rosamund þekkir hverja einustu skepnu á bænum með nafni, kann ættartölur þeirra utanbókar og elskar þær allar út af lífinu. Öllu stressi og álagi er bægt frá þessum stórbrotnu dýrum eins og framast er unnt. Og það er einföld staðreynd að kýr elska hver aðra og við getum margt lært af blessuðum beljunum. Bókaklúbburinn Sólin gefur út vandaðar þýðingar á eftirtektarverðum bókum heimsins.

143 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL



Líkblómið

Anne Mette Hancock

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Æsispennandi saga um réttlæti, hefnd og fyrirgefningu. Allt er í uppnámi hjá blaðamanninum Heloise Kaldan – í vinnunni og einkalífinu. Einmitt þá taka henni að berast bréf frá Önnu Kiel, sem er eftirlýst fyrir morð á ungum lögfræðingi. Svo er framið annað morð. Eru morðingjarnir tveir? Af hverju tengjast málin Heloise – og er líf hennar sjálf frá í hættu?

329 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Lukkuriddarinn

Jan-Erik Fjell

Þýð.: Atli Steinn Guðmundsson

Bífvélavirki finnur bein úr mannhendi í undirvagninum á gömlum Cadillac. Rannsóknarlögreglan sendir Anton Brekke til Fredrikstad til að rannsaka manndráp þar sem miðaldra kona er fórnarlambið.

442 bls.

Björt bókaútgáfa – Bókabeitan

KIL RAF



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdenta

Frítt faðmlag fylgir hverri bók



Metsölubækur Jenny Colgan

Jól í Litla bakariinu við Strandgötu
Sumar í Litla bakariinu við Strandgötu
 Jenny Colgan

Þýð.: Ingunn Snædal

Jenny Colgan hefur heillað lesendur um allan heim með notalegum, myndnum og lystaukandi bókum sínum. Nýjasta bókin, *Jól í Litla bakariinu við Strandgötu*, er lokabókin í þrileiknum um Litla bakarið.

Polly Waterford sér fyrir sér róleg og hugguleg jól í faðmi unnustans, hunangsþóndans Huckles, og lundans Neils í gamla vitanum sem þau hafa gert að heimili sínu en hlutirnir fara ekki alltaf á þann veg sem ætlað er. Verður jólnum bjargað?

Angústúra

SVK KIL



Mín sök

Clare Mackintosh

Þýð.: Eyrún Edda Hjörleifsdóttir

Lítil drengur sleppir hendi móður sinnar og skýst út á götu – beint í veg fyrir bíl. Eftir dauðaslysið og martröðina á eftir flýr Emma Gray í afskekkt þorp þar sem hún reynir að koma lífi sínu á réttan kjöl. En óttinn, sorgin og minningarnar um það sem gerðist þennan örlagaríka dag halda henni í heljargreipum. Þessi hörkuspennandi bók hefur selst í milljónum eintaka víða um heim og hlaut ein virtustu glæpasagnaverðlaun Bretlands árið 2016.

425 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Myrkrið bíður

Angela Marsons

Þýð.: Ingunn Snædal


Hin framlíðnu segja ekki frá leyndarmálum ... nema þú leggir við hlustir.

Ílla útleikið andlitíð starði ósjáandi upp í bláan himininn, munnurinn var fullur af mold. Morðingi virðist hafa fundið hina fullkomnu leið til að breiða yfir glæpi sína. Önnur stúlka verður fyrir áras og er skilin eftir í blóði sínu, líkaminn fullur af sljógvandi lyfjum og munnurinn af mold. Kim Stone virðist augljóst að radmorðingi sé að verki – en hve mörg lík munu finnast? Og hver er næst?

400 bls.

Drápa

KIL



Njósnaarinn

Paulo Coelho

Þýð.: Kristín Svava Tómasdóttir

Þegar Mata Hari kom til Parísar var hún allslaus en ekki leið á löngu þar til hún var lofsungin sem helsta glæskvendi borgarinnar. Hún bæði heillaði og hneykslaði, átti aðdáendur á æstu stigum samfélagsins. Ógleymanleg saga af konu sem þorði að brjóta síðalögmál samtímans og þurfti að gjalda fyrir það. Paulo Coelho hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín.

173 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Okkar á milli

Sally Rooney

Þýð.: Bjarni Jónsson

Þessi fyrsta skáldsaga höfundar vakti gífurlega athygli og hefur hlotið mikið hrós; hún var kosin ein besta bók ársins 2017 af stórbliðunum *Sunday Times*, *Observer* og *Telegraph*, og tískutímaritinu *Vogue*. „Ótrúlega frumleg saga um framhjáald“, *NYT*. Bókaklúbburinn Sólin gefur út vandaðar þýðingar á eftirtektarverðum bókum heimsins.

302 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL



Óboðinn gestur

Shari Lapena

Þýð.: Ingunn Snædal

Glænýr og hörkuspennandi sálfræðitryllir eftir höfund metsölubókarinnar Hjónin við hliðina.

„★★★★ Ágæt spennusaga með óvæntum vendingum og ísköldum húmor.“ Kolbrún Bergþórsdóttir/Erbl.

301 bls.

Bjartur

KIL RAF



Óttinn

C.L. Taylor

Þýð.: Ingunn Snædal

Þegar Lou Wandsworth hljópst á brott til Frakklands ásamt kennaranum sínum Mike Hughes, hélt hún að hann væri stóra ástinn í lifinu. En annað kom á daginn.

Nú er Lou orðin 32 ára og hún uppgötvar að Mike er enn á ný að gera hosur sínar grænar fyrir unglingsstúlku. Ákveðin í að koma í veg fyrir að Mike endurtaki leikinn, snýr hún aftur til heimabæjar síns til þess að láta hann horfast í augu við þann skaða sem hann olli. Óttinn heldur lesandanum í heljargreipum frá fyrstu blaðsíðu.

336 bls.

Drápa

KIL



Óþægileg ást

Elena Ferrante

Þýð.: Brynja Cortes Andrésdóttir

Móðir Deliu finnst liðið lík í sjónum við baðstað þar sem fjölskyldan hafði stundum farið í sumarfrí. Í kjölfarið þarf Delia að svara knýjandi spurningu: Hver var eiginlega móðir hennar?

Fyrsta skáldsaga Elenu Ferrante sem hlotið hefur heimsfrægð fyrir Napólí-fjórleik sinn.

190 bls.

Bjartur

KIL RAF



Rauða minnisbókin

Sofia Lundberg

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Níutíu og sex ára gömul, nánast vina- og fjölskyldulaus, ákveður Doris að skrifa sögu sína í rauða minnisbók.


Saga hennar er einstök örlagasaga konu sem þurfti að þola eynd og ósgra en náði einnig að njóta frægðar og frama. Og yfir og allt um kring er átakasaga Evrópu á öldinni sem leið.

334 bls.

Veröld

KIL RAF

KYNNTU ÞÉR
 ÚRVAL NÝRRÁ
 BÓKA



BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

24. OG 25. NÓVEMBER Í HÖRPU

Sjá dagskrá: www.bokmenntaborgin.is



Ráðuneyti æðstu hamingju

Arundhati Roy

Þýð.: Árni Óskarsson

Eftir tveggja áratuga bið kemur loks ný og mögnuð skáldsaga frá höfundu metsölubókarinnar *Guð hins smáa*. Hér er sagt frá fólki í felum, hundeltu fólki og útskúfuðu, og söguþráðurinn vindur sig frá öngstrætum Gömlu-Delhi til fjallanna og dalanna í hinu stríðshrjáða Kasmír. Ágeng, gáskafull og átakanleg saga þar sem mannlífið sjálft er undir smásjá.

480 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Saga tveggja borga

Charles Dickens

Þýð.: Þórdís Bachmann

„Þetta voru bestu tímar, þetta voru verstu tímar ...“

Í *Sögu tveggja borga* lýsir Dickens af einstöku innsæi þeim vonum sem margir báru í brjósti við upphaf frönsku byltingarinnar og þeim hryllingi sem hún leiddi til.

Magnaðar mannlífslýsingar gera bókina að yndislestri.

Eitt af meistaraverkum heimsbókmenntanna sem á ekki síður erindi við lesendur nú á tímum.

592 bls.

Ugla

IB



Sagan um Ísfólkið

Margit Sandemo

Þýð.: Snjólaug Bragadóttir

Sagan um Ísfólkið hefur selst í um 40 milljónum eintaka um allan heim og hafa bækurnar lengi verið ófánlegar á Íslandi. Núna mun allur sagnabálkurinn verða aðgengilegur aftur, að þessu sinni sem hljóðbækur og í glæsilegum lestri úrvalslíðs ungra íslenskra leikkvenna.

Bækurnar segja söguna um ætt Ísfólksins. Það hvílir bölvun á ættinni vegna þess að ættfaðirinn seldi Satani sál sína. Í hverri kynslóð fæðist einn einstaklingur sem skal vera í þjónustu Satans. Sagan um Ísfólkið hefst svo á 16. öld þegar maður fæðist í ættinni sem reynir að snúa hinu illa til góðs. Hann er kallaður Þengill hinn góði.

Storytel

HLB



Sagnaseiður

Sally Magnusson

Þýð.: Urður Snædal

Árið 1627 fóru sjóræningjar ránshendi um strendur Íslands og rændu yfir 400 Íslendingum. Meðal þeirra voru annar presturinn í Heimaey, kona hans og börn. Í þessari mögnuðu, sögulegu skáldsögu fyllir Sally Magnusson í eyðurnar og dregur upp lifandi og litríka sögu af örlögum prestfrúarinnar Ástu Þorsteinsdóttur, sem seld var í ánaud í Alsír.

Sally Magnusson er þekkt sjónvarpskona hjá BBC í Skotlandi, dóttir Magnúsar Magnússonar, sjónvarpsmannsins kunna.

310 bls.

Tindur

IB



Sakfelling

Forboðnar sögur frá Norður-Kóreu

Bandi

Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir

Sjú sögur frá Norður-Kóreu sem lýsa lífi fólks í landi einræðis og einangrunar í stjórnartíð Kim Jong-Il. Höfundu sagnanna, sem gengur undir dulnefinu Bandi, tókst að smygla þeim úr landi og hafa þær verið þýddar á 20 tungumál. Einstaklega fallega skrifaðar sögur, samdar af næmni fyrir mannlegri tilveru.

304 bls.

Angústúra

KIL



Smásögur heimsins: Asía og Eyjaálfa

Ritstj.: Jón Karl Helgason, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Rúnar Helgi Vignisson

Í *Smásögum heimsins* birtast íslenskar þýðingar á snjöllum smásögum úr öllum heimsins hornum. Í þessu þriðja bindi er að finna smásögur eftir ýmsa fremstu smásagnahöfunda Asíu og Eyjaálfa síðustu hundrað árin, til dæmis Katherine Mansfield, Peter Carey, Mo Yan, Bandi, Amos Oz og fleiri.

312 bls.

Þjartur

KIL RAF



Soralegi Havanapríleikurinn

Pedro Juan Gutiérrez

Þýð.: Kristinn R. Ólafsson

Bók í anda soraraunsæis þar sem ekkert er dregið undan – bönnuð bók í heimalandi höfundar. Sögusviðið er Kúba fyrst eftir fall Sovétríkjanna þegar eina glætan er kynlíf, romm og marjúkana. Harðneskjuleg lýsing á karlrembu og hörmungum, fellibyljum og flótta en yfir og undir öllu er Castro-stjórinn.

420 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Spámennirnir í Botnleysufirði

Kim Leine

Þýð.: Jón Hallur Stefánsson

Sögusviðið eru nýlendubýggðir Grænlands á 18. öld, Kaupmannahöfn, Noregur og háskalegt sjómannslíf. Bókin hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og frábærar viðtökur. Önnur endurprentun kilju kom út sumarið 2018.

500 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL EÚT



Sunnan við mærin, vestur af sól

Haruki Murakami

Þýð.: Uggi Jónsson

Hajime elst upp sem einbirni og honum virðist sem allir í kringum hann eigi bræður og systur. Nánasti vinur hans er stúlka á hans reki, Shimamoto, líka einbirni. Þau missa samband og árin líða. Hajime rekur stefnulaust áfram uns hann finnur hamingju með eiginkonu og tveimur börnum. Þá birtist Shimamoto. Þetta er endurútgáfa á þessari klassísku bók Murakamis.

272 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB EÚT



Syndaflóð

Kristina Ohlsson

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Maður finnst myrtur á heimili sínu í Stokkhólmi. Á litla fingur hefur hann giftingarhring látinnar dóttur sinnar. Einhvers staðar er örvæntingarfull kona innilokuð með börnum sínum og eiginmanni sem færast sífellt nær brjálseminni ... Sjötta bók Kristínu Ohlsson um lögreglumennina Fredriku Bergman og Alex Recht er æsispennandi saga um duldar misgjörðir og hefnd.

447 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Sæluvíma

Lily King
Þýð.: Uggi Jónsson

Margverðlaunuð skáldsaga eftir bandaríska rithöfundinn Lily King sem byggir á raunverulegum atburðum í lífi mannfræðingsins Margaretar Mead þegar hún var við störf á Nýju-Gíneu árið 1933. Þrír mannfræðingar eiga í áhugaverðu samstarfi og ástríðufullu sambandi á vettvangi en ekki líður á löngu uns afbrýðisemi og græði stefnir öllu í voða.

360 bls.
Angústúra

KIL




Sænsk gúmmistígvél

Henning Mankell
Þýð.: Hilmar Hilmarsson

Þegar hús Fredriks Wellin brennur missir hann allt – bernskuheimilið, minningarnar og ítölsku skóna sína. Svo kemur í ljós að brennuvargur hefur verið að verki og hann liggur sjálfur undir grun. Hann heillast af blaðakonu, dóttirin lendir í vanda og kallar á hjálp, og biðin eftir nýjum gúmmistígvélum verður löng. „Afburðavel uppbyggð og listilega sögð saga.“ *Publishers Weekly*

438 bls.
Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Týnda systirin

B.A. Paris
Þýð.: Ingunn Snædal

Mersölhöfundurinn B.A. Paris snýr aftur með krassandi sálfræðitrylli.

HVARFID: Fyrir tólf árum hvarf kærasta Finn sporlaust.

GRUNURINN: Hann sagði lögreglunni sannleikann um atburði kvöldsins. Þó ekki allan sannleikann.

ÓTTINN: Finn hefur tekist að halda áfram með líf sitt. Fortíðin neitar þó að láta kyrrt liggja ...

Frá B.A. Paris, höfundi metsölbókanna *Bak við luktar dyr* og *Örvænting*.

320 bls.
Drápa

KIL



Uglan drepur bara á nóttunni

Samuel Björk
Þýð.: Ásta S. Guðbjartsdóttir

Unglingsstúlka sem strokið hefur frá upptökuheimili finnst látin úti í skógi; nakin, umkringd fjöðrum og með hvíta lilju í munni.

Samuel Björk er nú ein skærasta stjarnan í heimi vandaðra, sálfræðilegra spennusagna og hafa bækur hans hlotið mikið lof og orðið metsölbækur víða um heim.

554 bls.
Bjartur

KIL RAF



Undraherbergið

Julien Sandrel
Þýð.: Ólóf Pétursdóttir

Thelma er einstæð móðir, önnur kafin og upptekin af starfi sínu. Dag einn á hún, einu sinni sem oft, í basli með að koma tólf ára syni sínum fram úr rúminu. En tíminn æðir áfram og verkefni þola enga bið. Grunlaus um að þetta sé dagurinn sem allt breytist, að innan skamms verði lífi þeirra umturnað á einu andartaki, halda þau sínu venjubundna striki ... En svo blasir miskunnarlaus veruleikinn við. *Undraherbergið* er fyrsta bók höfundar en sló umsvifalaust í gegn og hefur verið gefin út víða um lönd.

223 bls.
Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Uppgjör

Lee Child
Þýð.: Björn Garðarsson

Besta leyniskyttan í heimi reynir að myrða Frakklandsforseta og óttast er að næsta skotmark verði fundur þjóðarleiðtoga í London. Sá eini sem getur hugsanlega stöðvað tilræðismanninn er Jack Reacher. En það stendur tæpt. Eitilhörð háspennusaga, óvæntir atburðir við hvert fótímal og endalokin óútreiknanleg. Ellefta bókin á íslensku um harðjaxlinn Reacher.

404 bls.
Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Uppruni

Dan Brown
Þýð.: Ingunn Snædal

Robert Langdon er mættur á Guggenheim-safnið í Bilbaó, þar sem Edmond Kirsch, heimsþekkt tölvuséni og frumkvöðull, hefur boðað vísindalega uppgötvun sem muni skekja trúarlegan grundvöll kristinna manna. „Hringiða stórra hugmynda og stanslaus spennna.“

New York Times
585 bls.
Bjartur

KIL RAF



Vegurinn heim lengist með hverjum morgni

Fredrik Backman
Þýð.: Jón Danielsson

Nói og afi hans geta rætt um allar lífsins gátur en heimur afans er að breytast, hann verður sífellt óreiðukenndari og það verður honum er erfðara að kalla fram minningarnar. Það rennur upp fyrir þeim að brátt þurfi þeir að kveðjast. Einstök bók eftir höfund *Maður sem heitir Ove*.

70 bls.
Veröld

IB RAF



Víti

Dante Alighieri
Þýð.: Einar Thoroddsen
Ritstj.: Jón Thoroddsen

Stórvirki í íslenskrri bókmenntasögu
Ljóðapýðingar Einars Thoroddsen á *Víti Dantes*, í ritstjórn Jóns Thoroddsen.

Bræðurnir Einar og Jón hafa í áratug unnið að fyrstu heildarþýðingunni í bundnu máli á hinu 700 ára gamla *Víti Dantes*, einu áhrifamesta bókmenntaverki heims. Afraksturinn er einstakt stórvirki þar sem ítalski frumtextinn er birtur samhliða íslensku þýðingunni. Í bókinni eru teikningar eftir Ragnar Kjartansson.

498 bls.
Guðrún útgáfufélag

IB



Það sem að baki býr

Merete Pryds Helle
Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Grípanði og dramatísk saga Marie, sem elst upp á dönsku eyggi Langeland á kreppu- og stríðsárunum í fátækri fjölskyldu þar sem matur og hjartahlýja eru af skornum skammti. Hún fer svo til Kaupmannahafnar í leit að nýrri og bjartari framtíð – en Langeland fylgir henni. Sagan hlaut Bókmenntaverðlaun *Politiken* og Gylltu lárviðarlaunin 2016.

413 bls.
Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Þar sem áin streymir

Norman Maclean

Þýð.: Skúli Björn Gunnarsson

Áhrifamikil og einstök saga eftir einum af meisturum smásögunnar. Vatnsföll mynda ramma um verkið og höfundur beitir tungutaki fluguveiðimanna við að lýsa lífinu. Ljóðræn og falleg frásögn sem hreyfir við lesendum, ekki síst þeim sem hafa fengist við fluguveiðar.

163 bls.

Dimma

SVK



Þetta er Alla

Jon Fosse


Þýð.: Hjalti Rögnvaldsson

Signý hugsar til baka og sér sjálfa sig á yngri árum. Hún var ástfangin af Alla, en hann fór á sjóinn og kom ekki til baka. Stutt en stór saga um ástina og sambúðina við sjóinn sem hefur valdið straumhvörfum í lífi fólks kynslóð eftir kynslóð.

87 bls.

Dimma

SVK



Þetta var bróðir minn ...

Théo og Vincent van Gogh

Judith Perrignon

Þýð.: Rut Ingólfssdóttir

Théo lífði Vincent einungis sex mánuði. Lok sumars, haust, byrjun vetrar ...

Franski rithöfundurinn Judith Perrignon fékk að láni rödd og minningar yngri bróðurins Théo til að skrifa sögu sem bregður upp mögnuðum myndum úr örlagaríku lífi hins heimsfræga listmálara, Vincent van Gogh, og sambandi þeirra bræðra.

Listilega vel skrifuð bók.

160 bls.

Ugla

KIL



Þú og ég og allt hitt

Catherine Isaac

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Fyrir tíu árum sleit Jessica sambandi við Adam og hefur alið son þeirra upp ein. En móðir hennar sannfærir hana um að drengurinn þurfi á föður að halda og mæðginin fara til Frakklands, þar sem Adam rekur hótél. Þar þarf Jessica að horfast í augu við fortíð og framtíð og meta lífið upp á nýtt. Saga um ást og fjölskyldubönd, harmleik, kvíða og von.

412 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



Þorsti

Jo Nesbø

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Kona finnst látin í íbúð sinni í Osló eftir Tinderstefnumót. Líkið er blóðlaust og brátt fylgja fleiri morð í kjölfarið. Lögreglan er ráðþrota og aðeins einn maður getur hjálpað, Harry Hole! Hann er sestur í helgan stein en tekur slaginn þegar ástvinum hans er ógnað. Þetta er ellefta sagan um kappann og margir telja hana þá bestu.

583 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Þrír dagar og eitt líf

Pierre Lemaitre

Þýð.: Friðrik Rafnsson

Ungur drengur verður vini sínum að bana fyrir slysi en felur líkið og það finnst ekki. Meira en áratug síðar þarf hann að snúa aftur á heimaslóðir og um hann læsist hrollkaldur ótti við að upp um hann komist og hamingjuríkt líf hans breytist í martröð. Spennusagnahöfundurinn Pierre Lemaitre hefur þrisvar hlotið glæpasagnaverðlaunin Alþjóðlega rýtinginn fyrir verk sín.

264 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Þurrviðri

Peter Robinsson

Þýð.: Dagný Baldvinsdóttir

Þurrkasamarið mikla stendur lögreglufulltrúinn Banks frammi fyrir skelfilegu verkefni. Thornfield lónið hafði gufað upp í brakandi þurrkinum. Þá komu í ljós rústir litla Yorkshirþorpssins, Hobb's End, sem geymdi bein ungrar konu sem augljóslega hafði verið myrt. Nú þarf Banks að afhjúpa morðingja sem í hálföld hafði komist upp með grimmilegt morð. Ljót leyndarmál Hobb's End koma fram í dagsljósið hvert af öðru þrátt fyrir að fyrrum íbúar hafi flutt burt eða jafnvel kvatt þennan heim.

425 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Þú og ég og allt hitt

Catherine Isaac

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Fyrir tíu árum sleit Jessica sambandi við Adam og hefur alið son þeirra upp ein. En móðir hennar sannfærir hana um að drengurinn þurfi á föður að halda og mæðginin fara til Frakklands, þar sem Adam rekur hótél. Þar þarf Jessica að horfast í augu við fortíð og framtíð og meta lífið upp á nýtt. Saga um ást og fjölskyldubönd, harmleik, kvíða og von.

412 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Þrylluránið

Jonas Bonnier

Þýð.: Eyrún Edda Hjörleifsdóttir

Stokkhólmur, 2009: Bírafærir þjófar rændu þyrlu, lentu henni á þaki peningageymslu, brutust inn og komust undan með einn stærsta ránsfeng í sögu Svíþjóðar – og lögreglan horfði á en gat ekkert gert ... Jonas Bonnier tók ítarleg viðtöl við ræningjana og hefur unnið úr þeim hörkuspennandi og vel fléttaða sögu.

453 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Alltaf
í bókunum

bókala.studenta

www.boksala.is

Auðvelt að panta á boksala.is

Ljóð og leikrit



Að lesa ský

Þýð.: Magnús Sigurðsson

Safn ljóða eftir 19 bandarísk skáld, þekkt jafnt sem úr alfaraleið, og er hið elsta fætt árið 1903 en hið yngsta 1984. Efnistöð og umfjöllunarefni eru margvísleg og endurspeglja ólíkan reynsluheim skáldanna – allt frá múslimskum bakgrunni Naomi Shihab Nye og ádeilu-ljóðum Amiri Baraka, til hins skoplega hversdags í prósaljóðum Lydiu Davis og náttúrustemminga Mary Oliver.

210 bls.

Dimma

SVK



Að ljóði munt þú verða

Steinunn Sigurðardóttir

Tíunda ljóðabók eins helsta skálds þjóðarinnar.

„Náttúru ljóð Steinunnar gætu ein og sér skipað henni í fremstu röð íslenskra ljóðskálda því sýn hennar á íslenska náttúru er ætíð fersk, oft óvænt og aldrei klisjukennnd.“ Soffía Auður Birgisdóttir

80 bls.

Bjartur

IB RAF



Áratök tímans

Steinunn Ásmundsdóttir

Bókin skiptist í þrjá kafla eftir efni ljóðanna, Heima-land, Útland og Innland. Flest ljóðin eru ný, hafa orðið til á tveimur síðustu árum og eru líkleg til að koma lesendum á óvart. Steinunn vakti athygli sem ljóðskáld ung að aldri og hafði um þrítugt sent frá sér þrjár ljóðabækur. Með þessari nýju bók er rofin tveggja áratuga þögn hennar á vettvangi skáldskaparins. Hugverkavefur Steinunnar er: www.yrkir.is

88 bls.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

IB



Dagur Sigurðarson

Ritsafni 1957-1994


Dagur Sigurðarson

Dagur Sigurðarson var eitt framsæknasta skáld á Íslandi á sinni tíð og varð mikið eftirlæti skáldakynslóðanna sem komu á eftir honum. Það er mikill fengur í þessu ritsafni sem inniheldur allar útgefnar ljóðabækur hans en líka efni sem aðeins birtist í tímaritum. Hér er einnig prentaður á fyrsta sinn óperutextinn *Reköldin* sem Dagur hafði nýlengi við þegar hann lést. Í bókinni eru fjölmargar myndir af málverkum hans og teikningum, auk ljósmynda af manninum sjálfum. Einar Ólafsson skáld ritaði formála.

400 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Dansað í Ódessa

Ilya Kaminsky

Þýð.: Sigurður Pálsson og Sölvi Björn Sigurðsson

Dansað í Ódessa eftir rússnesk-bandaríska skáldið Ilya Kaminsky var síðasta verkið sem Sigurður Pálsson vann að, en auðnaðist ekki að ljúka þrátt fyrir ómælda elju allt til hinsta dags. Þegar ljóst varð að lítið vantaði upp á til að klára bókina til útgáfu, kom Sölvi Björn Sigurðsson að verkinu, þýddi það sem út af stóð og ritaði formála. Óvenjuleg og tilfinningarík ljóðabók um töfraheima jafnt sem harðneskju bernskuáranna. Verk sem hlotið hefur mikið lof og fjölda verðlauna.

76 bls.

Dimma

SVK



Dauðinn í veifarferaskúrnum

Elísabet Jökulsdóttir

Elísabet Jökulsdóttir hefur sent frá sér ljóðabækur og önnur skáldverk sem hlotið hafa góðar viðtökur og síðasta bók hennar, *Enginn dans við Ufsaklett*, hlaut Fjöruverðlaunin og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Hér yrkir hún um síðustu dagana í lífi móður sinnar, Jóhönnu Kristjónsdóttur, ástvinamissi, tilfinningar og sambönd.

48 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK EÚT



Eldgos í aðsigi

Imminent Eruption

Vala Hafstað

„Að koma heim eftir þrjátíu ár/er eins og að mæta á grímuball“ skrifar Vala Hafstað, sem bjó í Bandaríkjunum í þrjá áratugi áður en hún fluttist aftur heim. *Eldgos í aðsigi* er önnur ljóðabók Völu, en að auki hafa fjölmörg ljóða hennar birst á netinu. Í þessari tvítyngdu bók lýsir hún umskiptunum frá bandarísku úthverfi í íslenskan veruleika þar sem óbeisluð náttúruöflin endurspeglar oft lífið sjálft.

106 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Ellefti snertur af yfirsýn


Ísak Harðarson

Ísak Harðarson sendir nú frá sér sína elleftu ljóðabók eftir níu ára hlé. Bókin geymir myndræn, einlæg og oft gáskafull ljóð um furður lífsins – ort er um allsherjarmissi, hrun og tóm og efsta dag, en líka um ást og von og sjálfa hamingjuna. Síðasta ljóðabók Ísaks, *Rennur upp um nótt* frá 2009, var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

55 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Enn logar jökull

Matthías Johannessen

Hér er ort um landið, tjaldskör tímans og tekist á við ellina með skírskotun til Egils.

Við erum lifandi steingervingar/ vaxnir af holdi og beinum/ þeirra sem dreifðust/ um jörðina á tveggja fóta/ göngu, lögðu undir sig víðáttur/ grámosans sem faðmar að sér/ hraun og kalda steina, minnst þess/ þegar jörðin logaði af kraumandi tilfinningum/ og opnaði sárin að sjó/ og Selatöngum.

175 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

SVK



Fíðrildi í rökkrinu

Magnús Skúlason

Fíðrildi í rökkrinu hefur að geyma safn ljóða þar sem litið er yfir farinn veg og lífið í öllum sínum tilbrigðum. Reynsla og innsýn í mannlega tilveru vekja hugrenningar sem birtast hér á myndrænan, hlýjan og fágaðan hátt. Höfundur hefur starfað við geðlækningar um áratugaskeið og hefur áður birt ljóð í blöðum og tímaritum. Þetta er fyrsta ljóðabók hans.

51 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Flekaskil

Éða nokkrar hugleiðingar út frá jarðfræði og kenningum Alfreds Wegeners sem hvílur frosinn á miðjum aldri djúpt í Grænlandsjóki

Lárus Jón Guðmundsson

Hver er sprettan á andlegum akri miðaldra karlmanns sem skynjar eigin dauðleika handan við hornið? Á hvaða vegferð er hann? Hvernig líður honum? Verður jarðarförin fjölmenn?

Ljóðabókin *Flekaskil* er fjórða bók höfundar.

Flekaskil fæst á www.hugall.is, verð 3690 m.vsk.

Fri heimsending.

72 bls.

Hugall ehf.

IB



Fræ sem frjóvga myrkríð

Eva Rún Snorrardóttir

Fræ sem frjóvga myrkríð fjallar meðal annars um nærfatakaup í sólarlandferðum, vináttu kvenna, samfarir og saumaklúbba.

Eva Rún er sjálfstætt starfandi sviðslistakona og ljóðskáld. Hún hefur áður sent frá sér tvær ljóðabækur:

Heimsendir fylgir þér alla ævi og *Tappi á himninum*.

80 bls.

Benedikt bókaútgáfa

SVK



Haustaugu

Hannes Pétursson

Haustaugu eru ellefta ljóðabók Hannes Péturssonar, en tólf ár eru liðin frá því han gaf síðast út bók með frumsömdum ljóðum. Hér yrkir maður sem er síngur í ljóðmáli sínu og viðhorfi. Hann hvarflar haustaugum yfir umhverfi sitt og tíma, vekur okkur til vitundar um aðkallandi mál og minnst genginna vina á ljúfsáran hátt. Ný ljóðabók frá Hannesi er bókmenntaviðburður og hvalreki öllum þeim sem unna ljóðlist og íslenskri tungu.

68 bls.

Bókaútgáfan Opna

IB



Hjarta landsins

Ómar Ragnarsson

Myndir: Friðþjófur Helgason

Ómar Ragnarsson reynir hér með nýju hugtaki, ljósmyndaljóðabók, að fanga þá stórkostlegu og fjölbreyttu stemningu sem tengsl þjóðarinnar við náttúru landsins hafa skapað gegnum aldirnar. Þótt ljóðin standi fyllilega undir sér ein og óstudd og myndirnar séu listaverk hver um sig, skapast órofa heild þegar ljósmyndir og ljóð mætast í þessari einstöku bók.

Friðþjófur Helgason, helsti samverkamaður Ómars um áratugaskeið, tók ljósmyndirnar í þessari bók af sinni alkunnu list.

192 bls.

Tindur

IB



Homo economicus I

Sigfús Bjartmarsson

Homo economicus I eru ljóðmáli sem fjalla um gleðileikinn íslenska fram að hruni og þessa manntegund sem aðhyllist frjálshyggju og markaðstrú. Einum kann að finnast ljóðin háð og spott, öðrum öfugmæli, þriðja skopstæling, fjórða oflof og þar með nið – en eitt er ljóst að aldrei áður hefur hinu íslenska „hagmennni“ verið gerð viðlíka skil í bundnu máli.

256 bls.

mth útgáfa

KIL



Hrafnaklukkur

Kristian Guttesen

Hrafnaklukkur er ellefta ljóðabók Kristians Guttesen. Hún fjallar um mennsku, anda og sjálf.

Áður hefur Kristian gefið út ljóðaurval og skáldsöguþýðingu, en fyrir hana var hann tilnefndur til Íslensku þýðingaverðlaunanna 2007.

Verk Kristians hafa m.a. verið þýdd á ensku og úkraínsku.

83 bls.

Bókaútgáfan Deus

KIL



Hryggdýr

Sigurbjörg Prastardóttir

Sigurbjörg Prastardóttir hefur sent frá sér skáldsögu og ljóð, *Hryggdýr* er áttunda ljóðabók hennar og skiptist í fimm hluta. Hér yrkir Sigurbjörg meðal annars um eilífar tilraunir manneskjunnar til að standa upprétt, um náttúrukrafta og glæfræga nánd. Ljóð hennar einkennast af léttleika og hárfinni myndvísi en undir niðri kraumar ævinlega dauðans alvara. Hún hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir skáldsöguna *Sólar sögu* og tilnefningu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir ljóðsöguna *Blysfarir*.

80 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK

Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdentta

Allar nýjustu bækurnar og líka þær elstu



Í bakkafullan lækinn

Bjarni Bjarnason

Ljóðskáldið Bjarni Bjarnason, fyrrverandi lektor og leiðsögumaður, yrkir hér um lífið, ástina, guðdóminn og töfrandi náttúru. *Í bakkafullan lækinn* er önnur ljóðabók höfundar. Bókin *Brot í bundnu máli*, sem út kom árið 2011, hlaut góða dóma og viðtökur ljóðelskra lesenda.

42 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Í hugarum ráðgeri morð

Eyrún Ósk Jónsdóttir

Ný ljóðabók frá Eyrúnu Ósk sem hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2016 fyrir síðustu bók sína, *Góðfúslegt leyfi til sigarettukaupa*.

80 bls.

Bjartur

SVK RAF



Jökulhvörf

Kári Tulinius

Kári Tulinius sendir að þessu sinni frá sér ljóðabókina *Jökulhvörf*. Áður hafa komið út eftir hann skáldsögurnar *Píslarvottar án hæfileika* (2010) og *Móðurhugur* (2017). Kári er einn af stofnendum Meðgönguljóða. Í *Jökulhvörfum* er ort um mátt náttúrunnar, mennskuna, ástina og lífið.

56 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK RAF



Kver um kerskni og heimsósóma


Helgi Ingólfsson

Hér er skopast að dægurþrasi líðandi stundar og stjórnmálamenn teknir á beinið, stundum nokkuð stórkarlega, en inn á milli eru alvarlegri ljóð og stökur. Form ljóðanna er fjölbreytt – kvæði, drápur, limrur, ferskeytlur, slitrus, sléttubönd – en jafnan fylgt hefðbundinni bragfræði, með ljóðstöfum og rími.

192 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Ljóð muna ferð

Úrval úr ljóðum Sigurðar Pálssonar

Sigurður Pálsson

Sigurður Pálsson (1948–2017) var einstaklega hugmyndaþrí og listfengt skáld og ljóð hans álf yfir sérstökum töframætti. Hann var einlægur fegurðarunnandi en orti jafnframt af innsei og næmi um þær flóknu og stundum sáru tilfinningar sem fylgja því að vera manneskja. Hér hefur Kristján Þórður Hrafnsson valið efni úr öllum sextán ljóðabókum Sigurðar. Hann ritar jafnframt formála og Ragnar Helgi Ólafsson eftirmála.

271 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Melgras

Birna Guðrún Friðriksdóttir

Birna Guðrún Friðriksdóttir fæddist í Brekku í Svarfaðardal árið 1924. Hún ólst upp í Hverhóli í sömu sveit og var húsfreyja á Melum í 3 áratugi.

Í ljóðum hennar kemur berlega í ljós hve íslensk náttúra, fuglarnir, grösín og blómin stóðu hjarta hennar nærri. Hún var söngvin og ljóðelsk og ljóð voru stór hluti þeirra bókmennta sem hún átti og naut. Hún lést í júlí 2011.

280 bls.

Tindur

IB



Mín klukka, klukkan þín

Baldur Gunnarsson

Ljóðabókin *Mín klukka, klukkan þín* er sjötta bók Baldurs Gunnarssonar sem hefur getið sér gott orð fyrir skáldsögur sínar. Í ljóðum hans falla möskvar tungumálsins vítt yfir mannheim og ánetja þann sannleik sem fer oft huluðu höfði; hið undraverða í hinu algenga, hið dýrmæta í hinu látlausa.

230 bls.

Bergó útgáfan

SVK



Reykjavíkurmýndir

Óskar Árni Óskarsson

„Ef Óskar væri tónlistarmaður ... væri hann þá ekki munnhörpuleikari í blúshljómssveit, sem ætti það til að breytast í dreymna djasssveit?“ skrifar Jón Kalman Stefánsson í formála. Ljóðasafn þetta hefur að geyma úrval ljóða Óskars Árna. Fjölbreytt og fögur ljóðin eiga það sameiginlegt að fjalla um Reykjavík, stundum á augljósan og stundum dulmagnaðan hátt.

206 bls.

Benedikt bókaútgáfa

SVK



Rof

Bubbi Morthens

Lesari: Bubbi Morthens

Í þriðju ljóðabók sinni yrkir Bubbi af hugrekki og yfirvegum um atburð sem hafði ómæld áhrif á líf hans, reif niður sjálfsmyndina og sambönd við annað fólk. *Rof* er í senn mögnuð lýsing á sálrænum afleiðingum misnotkunar og leit að friði og sátt. Ljóðin eru þarft innlegg í umræðu samtímans en ekki síst áminning um hve brothætt við erum, öll sem eitt.

64 bls. / 15 mín.

Forlagið – Mál og menning

SVK RAF HLB



Sálumessa

Gerður Kristný

Sálumessur flytja bæn þeirra sem lífa um að sál þess látna megi bjargast. Í þessum ljóðabálki er sungin messa yfir konu sem féll fyrir eigin hendi svo að þjáning hennar og líf fái ekki að gleymast. Gerður Kristný er eitt víðlesnasta samtímaskáld okkar og ljóðabálkar hennar hafa hlotið verðskuldaða athygli innan lands og utan fyrir meitlað ljóðmál og brýnt erindi.

88 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF

Skepnur eru vitlausar í þetta

Eyþór Árnason

Eyþór Árnason hefur vakið mikla athygli og hlotið verðlaun fyrir ljóðabækur sínar. Hér kemur hann víða við; hann fer til útlanda, setur ýmsar sögulegar hljómplötur á fóninn og glímur við óvissuna. En alltaf er þó sveitin skammt undan.

94 bls.

Veröld

SVK

RAF

**Skuggaveiði**

Sindri Freysson

Í *Skuggaveiði* er okkur boðið að heimsækja fagran dal þar sem skínandi áin rennur um kjarri vaxið hraun og norðurljós eru bara ljós. Þarna er náttúra okkar og land í samhengi hins stóra hnattar en um leið í samhengi hins skrýtna, skondna og hversdagslega, með undiröldu lúmskrar ógnar og sterkrar ástar. Bók um hjartað í landinu og landið í hjartanu.

75 bls.

Sögur útgáfa

SVK

**Ský til að gleyma**

Arngunnur Árnadóttir

Ský til að gleyma er önnur ljóðabók Arngunnar Árnadóttur, sem starfar sem fyrsti klarínuttuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Arngunnur hefur áður sent frá sér ljóðabókina *Unglingar* (2013) og skáldsöguna *Að heiman* (2016), sem hlaut Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta.

52 bls.

Partus forlag

SVK

Smáa lettrið

Linda Vilhjálmisdóttir


Sjöunda ljóðabók Lindu Vilhjálmisdóttur, kynngimögnuð og full af hárbeittum, sjóðandi femínískum byltingarljóðum sem eru hrein og bein, meitluð og leiftrandi kímín á köflum, en áhrifamáttur þeirra felst ekki síst í því hve rækilega þau afhjúpa ríkjandi ástand. Einlæg og kröftug bók sem opnar augu lesenda. ★★★★★ „Heiðarleg og grimm. Kaldhæðin og hlý“ ÓKP / *Fréttablaðið*

68 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK

RAF

**Steinrunnin augu**

Steindór Ívarsson

Steinrunnin augu er fjórða ljóðabók Steindórs Ívarssonar en hann gaf einnig út smásagnasafnið *Hótel* á síðasta ári. Í þessari myndskreyttu ljóðabók ljær hann höggmyndum í almenningsrými í Reykjavík rödd. Skilaboð þeirra eru á stundum hárbeitt ádeila á samtímann en einnig skondin og skemmtileg.

71 bls.

Steindór Ívarsson

IB

Tregahandbókin

Magnús Sigurðsson

Hér ægir saman frumsömdum ljóðum og prósum, launfynndum hugrenningum og lánstextum sem mynda frumlega og yfirgrípsmikla heild. Í 250 liðum er vörðuð hin villugjarna leið um tregaslóðir hugans.

104 bls.

Dimma

IB

**Tveir leikþættir**

Ragnar Helgi Ólafsson

Efni: Sjá titil.

78 bls.

Tunglið forlag

SVK

**Vammfirring**

Þórarinn Eldjárn

Bók sem geymir fjölbreytt ljóð, bundin og óbundin, stókur, prósaljóð og sögukvæði. Hér er ort um rætur og vængi, dali og sóli, eftirminnilegan varning og íslenska myndni, en líka endurminningar og söknuð. Þórarinn Eldjárn hefur á löngum ferli sent frá sér fjölda vinsælla ljóðabóka fyrir börn og fullorðna og hefur alla tíð verið í hópi okkar bestu skálda.

80 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK

**Vetrarland**

Valdimar Tómasson

Valdimar Tómasson hefur áður sent frá sér nokkrar ljóðabækur sem hafa hlotið góðar viðtökur og ratað til lesenda. Hér yrkir hann faguð ljóð um draumkennt vetrarmyrkur og hyldýpi næturinnar.

28 bls.

Forlagið – JPV útgáfa


SVK



Allar nýjustu
bækurnar og líka
þær elstu

bókala.studenta

www.bokala.is



Villimaður í París

Bórunn Jarla Valdimarsdóttir
Myndir: Eggert Þór Bernharðsson
Villimaður í París er þriðja ljóðabók Bórunnar. Þetta eru Parísarljóð innblásin af dvöl þeirra hjóna, Bórunnar og Eggerts Þórs, við Signubakka vorið 2013. París er skoðuð með augum ljósmyndarans Eggerts og sögulegri sýn Bórunnar. Bókin er tileinkuð Eggerti (1958–2014). 80 bls.
Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Vistarverur

Haukur Ingvarsson
 Með þessari bók kemur skáldið með ferskan og frjóan andblæ inn á ljóðasviðið. Ort er um hinar ýmsu vistarverur innra með manneskjunni sem og úti í hinum stóra heimi og dregnar eru upp myndir sem eru í senn margræðar og skemmtilega óvæntar. Höfundur hefur áður sent frá sér skáldsögu og fræðirit en hér er á ferð önnur ljóðabók hans og fyrir hana hlaut hann Ljóðaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2018. 85 bls.
Forlagið – Mál og menning

SVK



Vör/Lip

Anne Carson
 Bókin er uppseld hjá útgefanda. 43 bls.
Tunglið forlag

SVK



Pessa heims

Guðrún Hannesdóttir
 Frá Guðrúnu birtist nýtt safn ljóða í hennar sjöundu bók. Sem fyrr eru ljóð hennar þéttur en látlaus vefur þar sem saman koma forn minni lands og lífshátta, kröftug myndauði í meitluðu máli, þungri alvöru og sáru gamni. Í safni fimmtíu og þriggja ljóða kallast hún á við hefð og nýja tíma, þenur út skynjun á ljóðmáli og heim skáldlistarinnar. 67 bls.
GH

KIL



Því miður

Dagur Hjartarson
 Athugið að bókin kann að innihalda hljóðritunarbúnað. 50 bls.
Tunglið forlag

SVK



Listir og ljósmyndir



111

Spessi
 Efra-Breiðholt og íbúar þess birtast í öllum sínum fjölbreytileika í einstökum ljósmyndum Spessa, sem bera það með sér að hann hefur náð náinni og einstakri tengingu við viðfangsefni sín en gæfir þess um leið að halda hæfilegri fjarlægð og sýna þeim virðingu. Myndirnar veita nýja og óvænta sýn á hverfi sem á margan hátt er óvenjulegt í borginni. Eftirmála rita Mika Hannula og Æsa Sigurjónsdóttir. 144 bls.
Forlagið – JPV útgáfa

IB



Barflies Reykjavík 2

Snorri Bros
 Kaffibarinn í Reykjavík er einn nafntogaðasti samkomustaður Íslandssögunnar. Í tilefni af 25 ára afmæli hans kemur út ný og stóraukin útgáfa hinnar sígildu bókar, *Barflies Reykjavík*, eftir tvíeykið Snorri Bros., gefin út í samstarfi við powerHouse í New York. 304 bls.
Crymogea

IB



Bolur dagsins X ára

Örn Smári Gíslason
 Bókin er samantekt grafíkur sem höfundur gerði mánuðina í kringum hrun og segir þá sögu á tímalínu frá 21. júlí 2008 til janúarloka 2009 auk 18 seinntímabola. Heiti bókarinnar vísar til þess að grafíkin var birt sem hönnun á t-boli sem kallað var bolablogg. Bókin er á tveimur tungumálum, íslensku og ensku og því góð gjöf til vina erlendis. 188 bls.
Ansans – Örn Smári slf.

SVK



Hringfarinn / Sliding Through

Einn á hjóli í hmatferð / Around the world on a motorbike – Alone
Kristján Gíslason og Helga Guðrún Johnson
 Falleg og litrík bók um einstakt ferðalag kerfisfræðings sem fór einn á mótörhjóli í kringum hnöttinn. Kristján Gíslason kynntist gæsku og gestrisni fólks um allan heim og skilar hér ferðasögunni í myndum og máli. Það þurfti kjark til að takast þessa ævintýraferð á hendur en vonandi verður bókin öðrum hvatning til að láta sína drauma rætast. Söluandvirði bókarinnar rennur óskipt til góðgerðarmála. Bókin er einnig fánleg á ensku og heitir þá *Sliding Through*. 189 bls.
Sliding Through

IB



Höfuðljóð

Leifur Breiðfjörð

Höfuðljóð er nýstárleg bók. Tólf þjóðþekkt skáld tókust á við þá áskorun að semja ljóð út frá höfuðmyndum listamannsins Leifs Breiðfjörð en jafnframt birtast hér myndir hans: tólf hausar, tólf ljóð. Þannig mætast þrettán óflugir listamenn og leiða saman ólík form og búa til nýjan galdur sem orkar á lesendur á frumlegan og skapandi hátt.

32 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Ísland

Allt sem er

Max Milligan

Undanfarin ár hefur skoski ljósmyndarinn Max Milligan unnið að gerð þessara glæsilegu bókar um Ísland sem spannar flest það sem skiptir máli þ.e. náttúruna, atvinnulífið, sögu og menningu.

Max hefur um árabíl unnið fyrir National Geographic og BBC. Bókin verður gefin út á bæði íslensku og ensku

272 bls.

Nýhöfn

IB



Jökull

Ragnar Axelsson

Formáli: Ólafur Eliasson myndlistarmaður

Hönnun: Einar Geir Ingvarsson

Jökull er óður til jökla á Íslandi, myndræn lofgjörð eftir Ragnar Axelsson. Ragnar ólst upp í grennd við jökla og hefur flogið vél sinni í ótal skipti yfir hjarnbreiður þeirra. Hann er því nátengdur freðanum sem hefur mótað land og hugarheim Íslendinga og heillað Ragnar allt fá öndverðu. Nær því óhlutdrægar svart-hvítar myndir og gagnorðir, íhugulir textar opna okkur sýn yfir form, áferð og mynstur jökla eins og þau birtast á flugi sem hefst ofar skýjum og lýkur við sjávarmál.

200 bls.

Qerndu

IB



Langa blokkinn í Efra Breiðholti

The Long Apartment Block in Upper Breiðholt

David Barreiro

Ritstj.: Ingunn Jónsdóttir

Ritn.: Margrét Hallgrímsdóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir
Lengd byggingarinnar er um 320 metrar og í fljótu bragði líkist hún helst virkisvegg. Í tuttugu stigagöngum og 200 íbúðum búa nokkur hundruð manns. David Barreiro ljósmyndaði bygginguna, íbúana og umhverfið heima hjá þeim. Íbúarnir eiga það sameiginlegt að hafa flust til Íslands víða að úr heiminum.

93 bls.

Þjóðminjasafn Íslands

SVK



Reykjaneskagi

Náttúra og undur

Ellert Grétarsson

Reykjaneskaginn býr yfir stórfenglegri náttúru sem er engri annarri lík! Í þessari fallegu bók gefur að líta úrval ljósmynda Ellerts Grétarssonar sem hann hefur tekið á undanförunum tólf árum. Áhrifaríkar myndir Ellerts sýna okkur undursamlega töfraveröld.

160 bls.

Nýhöfn

IB



Róf

Haraldur Jónsson

Ritstj.: Markús Þór Andrésson

Rófþeinir sjónum að ferli myndlistarmannsins Haraldar Jónssonar. Í bókinni er fjöldi mynda og aðgengilegar greinar sem veita innsýn í viðfangsefni listamannsins. Rætur Haraldar liggja í fyrirbærafræði og hann hefur fengist við fjölbreytt viðfangsefni s.s. tengsl manns og rýmis, vitundar og umhverfis. Greinar rita Sigríður Þorgeirsdóttir, Sjón, Markús Þór Andrésson, Ólöf K. Sigurðardóttir og Kristín Ómarsdóttir sem tók viðtal við listamanninn.

152 bls.

Listasafn Reykjavíkur

IB



Somewhere in Iceland

Páll Stefánsson

Glæsileg ljósmyndabók eftir einn reyndasta og snjallasta ljósmyndara þjóðarinnar. Texti bókarinnar er á ensku og formála skrifar Elisa Reid, forsetafrú.

Til bæði í litlu og stóru broti.

160 bls.

Þjartur

IB



Tengingar / Connections

Sigurjón Ólafsson og nokkrir samferðamenn hans / Sigurjón Ólafsson and some of his contemporaries

Aðalsteinn Ingólfsson

Ritn.: Birgitta Spur og Harpa Þórsdóttir

Útgáfustjóri: Svanfríður Franklinsdóttir

Sýningarskrá með sýningunni Tengingar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, með verkum 14 myndlistarmanna sem tengdust Sigurjóni Ólafssyni og list hans. Myndskreytt sýningarskrá á íslensku og ensku þar sem Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur skoðar verkin í listfræðilegu samhengi og fjallar einnig um persónuleg tengsl Sigurjóns og þessara myndlistarmanna.

52 bls.

Listasafn Íslands

SVK



Þingvellir – í og úr sjónmáli

Harpa Rún Kristjánsdóttir

Myndir: Pálmi Bjarnason og Sigrún Kristjánsdóttir

Afar glæsileg myndabók um Þingvelli, prýdd skáldlegum og óvenjulegum texta þar sem sagan og þjóðin birtast okkur í nýstárlegu ljósi. Bókin er tvímála á ensku og íslensku. Falleg gjafabók, heima og erlendis.

224 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB


Merki og form

Sælkeraverslun
bókafélksins

bókala.stúdentu

www.bokala.is

Saga, ættfræði og héraðslýsingar



Brautryðjendur fyrir vestan

Bættir úr sögu vegagerðar á Vestfjörðum
Samant.: Hallgrímur Sveinsson

Þessi bók er út gefin til heiðurs vestfirskum vegavinnu-
mönnum: Verkstjórum, ráðskönum, vinnukönnum, tipp-
urum, hefilsstjórum, gröfumönnum, bílstjórum, jarð-
ýtustjórum, snidduhleðslumönnum og öllum öðrum
sem lögðu hönd á plóg. Þar á meðal hinum mörgu
strákum sem byrjuðu sinn feril í vegavinnunni. Vegfar-
endur koma nokkuð við sögu við ýmsar aðstæður.

112 bls.

Vestfirska forlagið

SVK



Fiskur að handan

Frásagnir og minningabrot
Sigvaldi Gunnlaugsson frá Hofsrárkoti

Sigvaldi Gunnlaugsson var fæddur og uppalinn í
Hofsrárkoti í Svarfaðardal og var bóndi þar í 30 ár. Vann
svo á búinu fram á áttiræðisöld. Í Laugaskóla, hjá
Arnóri skólustjóra, kviknaði áhugi á að skrifa um fólk
í landinu og örlög þess. Þegar hans var ekki lengur þörf
í fjósi, hóf hann að rita minningar frá æskuárum og við-
burðum á langri ævi.

215 bls.

Vestfirska forlagið

SVK



Fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu

um aldamótin 1900

Vera Roth

Hér segir af hetjudáðum og harmleikjum, ferðagörpum
af báðum kynjum og á ýmsum aldri og viðureignum við
beljandi jökulár og skjóllausa eyðisanda. Hér er einnig
að finna margháttaðan fróðleik um lífshætti og sögu
héraðsins.

Bókina prýðir mikill fjöldi ljósmynda og korta. Hún
er gefin út í tilefni af 20 ára afmæli Kirkjubæjarstofu.

270 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Fornar hafnir

Útver í aldanna rás

Karl Jeppesen

Ljósmyndir og frásagnir af 160 verstöðvum á Íslandi.
Ferðalagið hefst á Horni og síðan liggur leiðin allt í
kringum landið. Áningarstaðirnir eiga það allir sam-
eiginlegt að þaðan reru forfeður okkar til fiskjar. Höf-
undur á að baki farsælan feril sem ljósmyndari og kvik-
myndagerðarmaður. Bókin er glæsilegur gripur með
yfir 550 litmyndum.

320 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Hrakningar á heiðarvegum

Fleiri háskalegar ferðir um óblíð örfæfi Íslands

Pálmi Hannesson og Jón Eypórsson

Lesari: Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari

Jólin 2016 kom út bókinn *Hrakningar á heiðarvegum* þar
sem safnað var saman frásögnum úr þessum sögulega
bókaflokki og seldist hún upp á örskömmum tíma. Hér
kemur ný hljóðbók með nýjum og gripandi frásögnum
úr safninu.

„Þjóðlegur fróðleikur eins og hann gerist æsilegastur“
Egill Helgason, Kiljunni.

7:50 klst.

Hljóðbók.is


HLB



Kíktu í bók og kaffi

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Kambsmálið

Engu gleymt, ekkert fyrirgefið
Jón Hjartarson

Vorið 1953 létu yfirvöld bjóða upp dánarbú bónda á Kambi í Árneshreppi. Móðirin var á berklahæli en heima fyrir börnin átta, það elsta 18 ára. Eftir uppboðið átti að ráðstafa börnunum eftir fornum reglum um sveitarómaga. En 18 ára stúlka fyrirbýður að systkina-hópnum sé tvístrað og hreppstjórinn verður að lúpast burt.

112 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi


Arnþór Gunnarsson

Frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari hafa flugsamgöngur gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi, bæði innanlands og milli landa. Grundvöllur þessarar starfsemi hvílir á rekstri flugvalla og flugleiðsöguþjónustu. Hér er rakin spennandi saga þessara stóða flugsins allt frá því að landsmenn fóru fyrst að þreifa fyrir sér um flugrekstur. Bókin er í stóru broti og búaín fjölmörgum glæsilegum ljósmyndum.

544 bls.

Isavia

IB



Skagamenn

í gamni og alvöru

Bragi Þórðarson

Safn þátta sem Bragi Þórðarson hefur ritað og birt í *Árbókum Akurnesinga* á liðnum árum. Í þessum skrifum hefur Bragi ofið saman ýmsa þræði úr ævi sinni og starfi, allt frá bernsku til efri ára, og gefa þættirnir innsýn í lífshlaup hans. Hér er brugðið upp skemmtilegum svipmyndum af samferðafólki og sagðar sögur af því, í gamni og alvöru.

🔊 5:48 klst.

emma.is

RAF HLB



Þar minnst fjöll og firðir

Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson

Bók sem veitir innsýn í lífið í afskekktari sveit á Vestfjörðum sem lítið hefur verið fjallað um áður. Sennilega er hvergi hægt að nálgast jafn ítarlegar heimildir um Gufudalshrepp, íbúa hans, jarðir og landshætti frá fornu fari til nútíma.

Hvar er hinn heimsfrægi Teigsskógur og Hallsteinsnes? Svona má endalaust spyrja. Svörin er mörg að finna í þessari bók.

229 bls.

Vestfirska forlagið

SVK EÚT



Ævisögur og endurminningar



Amma – Draumar í lit


Hólmfríður Helga Sigurðardóttir

Bókin *Amma – Draumar í lit* er blæbrigðarík og næm frásögn Hólmfríðar Helgu Sigurðardóttur blaðamanns af lífshlaupi ömmu hennar, Hólmfríðar Sigurðardóttur, sem var fyrsta stúlkun frá Raufarhöfn til að fara í menntaskóla. Hún varð húsmóðir í Reykjavík, síðar ástríðufullur kennari barna með þroskahömlun og loks skáld á efri árum. Hólmfríður er sjö barna móðir en á meðal barna hennar eru Vigdís Grímsdóttir rit höfundur og rannsóknarlögreglumaðurinn Grímur Grímsson. Þetta er falleg kvennasaga sem veitir innsýn í hverfandi lífshætti og samfélagsgerð.

90 bls.

Útgáfufélagið Stundin

KIL



Aron – sagan mín

Aron Einar Gunnarsson og Einar Lövdahl

Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson opnar sig upp á gátt í þessari mögnuðu bók. Lesandinn fylgir honum frá fyrstu skrefum á Akureyri yfir á stærsta svið heims þar sem hann glímdi við menn á borð við Ronaldo og Messi. Einstök innsýn í líf atvinnumannsins, ævintýri landsliðsins og það sem gerist bak við tjöldin þegar myndavélarnar eru fjarri.

304 bls.

Fullt tungl

IB



Bylting

Sagan sem breytti Íslandi

Hörður Torfason

Hörður Torfason tónlistarmaður veitir einstaka innsýn í einhverja mikilvægustu atburði í sögu þjóðarinnar, þegar tugþúsundir Íslendinga komu saman til að mótmæla ríkisstjórninni á fundum sem hann skipulagði og mótaði. Hörður segir frá því sem gerðist að tjaldabaki og birtir brot úr dagbókarfærslum sínum. Rifjaðir eru upp fréttaviðburðir og sýndar ljósmyndir frá vettvangi frá þessum viðburðaríka tíma. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur greinir áhrif Búsáhaldaþyltingarinnar á samfélagið. Fjöldi annarra segja frá upplifun sinni.

192 bls.

Útgáfufélagið Stundin

SVK



Ekki gleyma mér

Kristín Jóhannsdóttir

Kristín Jóhannsdóttir hélt til náms austur fyrir jártjald árið 1987. Í tvo áratugi sat hún á sér en gat svo ekki meir. Hafði maðurinn sem hún elskaði bara verið Stasí-njósni?


„Spennandi og rígheldur lesandanum, ekki hvað síst vegna sögu elskendanna og örlaga þeirra.“

BB/Fréttablaðinu

270 bls.

Bjartur

KIL EÚT



Ég kaus frelsið

Víktor Kravtsjenko

Formáli: Dr. Hannes H. Gissurarson

Víktor Kravtsjenko lýsir hungursneyðinni í Úkraínu, hreinsunum Stalíns og þrælkunarbúðum. Kommúnistar á Vesturlöndum, þar á meðal hér, réðust á hann af öllu afli. Lárus Jóhannesson, lögfræðingur, þýddi bókina, sem kom fyrst út hér 1951. Fjórlega skrifuð, en átakanleg og áhrifamikil. „Ég hef fáar bækur lesið jafnskemmtilegar og fróðlegar sem sjálfsævisögu Kravtsjenkos,“ sagði Ólafur Thors forsætisráðherra.

584 bls.

Almenna bókafélagið

KIL



Frjáls eins og fuglinn

Myndir og minningar


Mats Wibe Lund

Í þessari bók rekur Mats Wibe Lund ljósmyndari minningar sínar en jafnframt er bókin yfirlit um ljósmyndaferil hans sem spannar meira en 60 ár.

175 bls.

Skrudda

IB



Gandreid á geimöld


Ragnar Arnalds

Í bókinni *Æskubrek á atómöld* sem út kom 2017 sagði Ragnar Arnalds frá æskuárum sínum og vaknandi pólitískum áhuga fram til þess að hann var kosinn á þing í júní 1963, 24 ár gamall. Störfum hans á Alþingi lauk 36 árum síðar vorið 1999. Í þessari bók segir hann frá ýmsum þeim samferðamönnum sem hann átti hvað mest samskipti við á löngum stjórn málaferli, en Ragnar var formaður Alþýðubandalagsins um langt skeið og átti sæti í tveimur ríkisstjórnnum, fyrst sem ráðherra mennta- og samgöngumála á árunum 1978–80 og síðan sem fjármálaráðherra á árunum 1980–83.

440 bls.

Tindur

IB



Geðveikt með köflum

Sigursteinn Másson

Af einlægni, hispursleysi en líka kankvísi fjallar Sigursteinn um lífshlaup sitt og andleg veikindi, hvernig hann sá samsæri í hverju horni, og td. um þátt Guðmundar- og Geirfinnsmála í veikindunum.

Áhrifamikil frásögn um tvísýna baráttu og hvernig höfundur tókst að ná tökum á geðsjúkdómi sínum.

200 bls.

Bjartur

IB RAF



Gunnar í Hrutatungu

Genginn ævivegur

Gunnar Sæmundsson

Hér segir frá unglingi sem var of efnalítill til að komast í Héraðsskólann á Reykjum. En einnig vormanni í upp-risu sveitanna til nýrrar velmegunar með vélvæðingu og framförum á seinni hluta 20. aldar. Bændahreyfingin, stofnbréf í sparísjóði, hrafn með mannsvit og snjó á Holtavörðuheiði. Fróðleg bók, rituð á kjarngóðri íslensku.

384 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Hasim

– götustrákur í Kalkúttu og Reykjavík

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir

Sex ára strákur er settur aleinn upp í lest og hafnar í stórborg þar sem enginn tekur á móti honum. Næstu árin er hann umkomulaus og einn í heiminum. Svo er hann sendur yfir hálfan hnöttinn, úr örbið í allsnægtir. En að ári liðnu er hann aftur einn. Hasim Ægir Khan á sér ótrúlega sögu – sögu af hrakningum, höfnun, baráttuvilja og dug. Einstök frásögn.

198 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Heiðra skal ég dætur mínar

Lene Wold

Þýð.: Örn Þ. Þorvarðarson

Lene Wold hefur verið miklum tíma í Jórdaníu undanfarin þrjú ár með föður sem drap móður sína og aðra af tveimur dætrum sínum til að endurheimta heiður fjölskyldunnar.

Þetta er sérstök og harmþrungin saga sem lætur lesandann ekki ósnortinn.

186 bls.

Draumsýn

SVK



Henny Hermanns

– Vertu stillt!

Margrét Blöndal

Henny Hermanns varð goðsögn þegar hún var valin Miss Young International – alheimstáningurinn – árið 1970. Hún lifði sannkölluðu glæsiflfi en tilveran á bak við glansmyndina var oft sár og nöpur.

Margrét Blöndal skrifar sögu Henny af innsæi og næmni, og miðlar jafnframt andblæ þessa tíma.

304 bls.

Bjartur

IB RAF



... hjá grassins rót

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir

Maðurinn er aldrei einn. Allir eiga formæður og forfeður. Hér segir af fólki sem elskaði og missti, gladdist og hryggðist, tók því sem að höndum barn. Hólmfríður K. Gunnarsdóttir segir sögur af fólki sínu, formæðrum og forfeðrum, jafnframt því að rifja upp minningar frá því hún var barn í norðlenskum dal og framtíðin óskrifað blað.

310 bls.

Tindur

IB



Hornauga

Ásdís Halla Bragadóttir

Á fullorðinsárum stóð Ásdís Halla andspænis nýfundnum genum sínum eftir að hafa komist að því hver blóðfaðir hennar er. Hún segir hér stórmerka sögu formæðra sinna í föðurlegg og án þess að draga nokkuð undan lýsir hún því hvernig hún missti stjórn á rás atburðanna með ófyrirséðum afleiðingum.

255 bls.

Veröld

IB RAF



Hundakæti

Dagbækur Ólafs Davíðssonar 1881–1884


Formáli: Þorsteinn Vilhjálmsson

Dagbækur Ólafs Davíðssonar eru einstök heimild um líf og hugsunarhátt ungra íslenskra menntamanna á síðasta fjórðungi 19. aldar. Ólafur lýsir meðal annars svallveislum skólasveina, segir kjaftasögur úr Reykjavíkurlífni og fjallar afar opinskátt um eigin tilfinningar – ekki síst til skólabróður síns. Dagbækurnar voru áður gefnar út 1955 en þá ritskoðaðar; nú er ekkert dregið undan.

224 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



Jón Gunnarsson – Ævisaga

Jakob F. Ásgeirsson


Fáir menn hafa markað jafn djúp spor í atvinnusögu Íslendinga á tuttugustu öld og Jón Gunnarsson, húnvetnski sveitastrákurinn sem lauk verkfræðiprófi frá MIT árið 1930. Hann var framkvæmdastjóri SR á þeim árum þegar síldarvinnsla var mikilvægasti útflutningsatvinnuvegur landsmanna. Síðar byggði hann upp stærsta fyrirtæki Íslendinga í útlöndum, Coldwater Seafood Corporation, og skapaði íslenskum sjávarafurðum nafn á stærsta markaði heims.

Pungvæg ævisaga um einstakan afreksmann.

400 bls.

Ugla

IB



Katrín mikla

Jón P. Þór

Saga Katrínar miklu keisarainnu í Rússlandi er ævintýri líkust. Hér er saga hennar rakin frá fæðingu, sagt frá valdatöku hennar árið 1762 og ævintýralegum valdaferli allt til dauðadags árið 1796.

239 bls.

Urður bókafélag

KIL



Kennedybræður

Óskar Þór Halldórsson

Þeir hafa verið kenndir við Kennedy, bræðurnir fimm frá Akureyri, Baldur, Vilhelm, Birgir, Skúli og Eyjólfur. Þrír þeirra stofnuðu stærstu bílaleigu landsins og hinir tveir hafa líka starfað þar. Þetta er saga framkvæmdamanna og frumkvöðla sem einnig hafa látið til sín taka í íþróttum og félagsmálum. Í bókinni eru um 300 ljósmyndir, margar áður óbirtar.

368 bls.

Almenna bókafélagið

IB



Lífssporin mín

Erla Jónsdóttir

Lífssporin mín heitir sjálfævisaga Erlu Jónsdóttur, fyrrverandi forstöðumanns Bókasafns Garðabæjar. Erla segir m.a. frá uppvextinum á Akureyri, námi í M.A., Akureyrarveikinni, blaðamennsku á DV, dvöl í Svíþjóð, skilnaði og baráttunni við að læra að lifa ein og hvernig hún um síðir fann ástina að nýju. Fróðleg og hrifandi frásögn.

260 bls.

Almenna bókafélagið

IB



Myndir á háalofti


Sigríður Svana Pétursdóttir

Hér segir frá ævi listamannsins og vélstjórans Guðmundar Víborg Jónatanssonar og fjölskyldu hans á Íslandi og í Vesturheimi.

140 bls.

Urður bókafélag

IB



Níu líf

Gísla Steingrímssonar ævintýramanns úr Eyjum

Sigmundur Ernir Rúnarsson

Það er vægast sagt ótrúlegt að einn og sami maðurinn skuli hafa lifað af hvert sjóslýsið á fætur öðru og lent í fjölmörgum háskalegum mannrænum um heim allan. Saga Eyjapeyjans Gísla Steingrímssonar sýnir og sannar að veruleikinn getur verið lygilegri en nokkur skáldskapur.

312 bls.

Veröld

IB RAF



Nú – nú, óskráð saga

Steinþór Þórðarson segir frá

Umsj.: Stefán Jónsson

Árin 1969–1970 mælti Steinþór á Hala minningar sínar af munni fram í Ríkisútvarpinu. Steinþór var bróðir Þórbergs rithöfundar eins og kunnugt er. Þeir sem hlustuðu á frásagnir hans muna þær í hillungum, svo vel sagði hann frá og orðfærið var svo sérstakt að unun var á að hlýða, enda urðu þættirnir fádæma vinsælir. Hér er ómetanleg heimild um samtíma hans og lifandi sagnahefð. Gefið út með góðfúslegu leyfi RÚV.

🔊 12:35 klst.

Hljóðbók.is

HLB

Auðvelt
að panta á
boksala.is

Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is



Erum með úrvalið
...sérvallið

bóksala stúdenta
www.boksala.is



Nú brosir nóttin

Theódór Gunnlaugsson
Ævisaga refaskyttunnar Guðmundar Einarssonar sem var goðsögn í lifanda lífi. Hér er lýst samskiptum náttúrubarns 19. aldar við landið og lífríki þess. Ævisögunni, sem fyrst kom út 1960, fylgir hér margskonar ítarefni. Lífsviðhorf Guðmundar refaskyttu kallast á við umhverfisvitund nútímans og á fullt erindi við okkar tíma.
320 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Nytsamur sakleysingi

Otto Larsen
Þegar Stalín gaf upp öndina vorið 1953, hírdust þrjár milljónir manna í þrælabúðum hans. Einn þeirra var norskur fiskimaður, Otto Larsen, sem hafði tekið að sér njósnir fyrir ráðstjórnina. Mikla athygli vakti, þegar hann var haustið 1953 látinn laus eftir átta ára vist í Gúlaginu og sagði sögu sína. AB gaf bók hans út 1956 í þýð. Guðmundar G. Hagalíns.
160 bls.

Almenna bókafélagið

KIL



PQ-17 skipalestin

Sigling Alberts Sigurðssonar til heljar Kolbrún Albertsdóttir
Ein allra dramatískasta saga sjóhernaðar í seinni heimsstyrjöld. Skipalestin PQ-17 fór frá Hvalfirði til Rússlands með hergögn handa Stalín. Lestin setti ógurlegum árásum Þjóðverja. Íslenskur háseti fylgdist með öllu saman. Skip hans var eitt fárra sem komust alla leið til Rússlands þar sem tók við núturleg vist. Mögnuð frásögn um djörfung og ótta andspenningis tröllslegum örlögum.

Bókin fæst einnig sem hljóðbók. Lesari Tinna Hrafnadóttir.

295 bls. /

Sögur útgáfa

IB HLB

Hljóðbók frá Storytel



Riddarar hringavitleysunnar

Ágúst Kristján Steinarrsson
Einstök frásögn af upplifun manns á fjórum æviskeiðum lífsins af erfiðum líkamlegum áföllum og óútreiknanlegum andlegum veikindum. Sagan einkennist af leiftrandi frásagnargleði, berskjöldun, kærleika og dásamlegum húmor. Sannarlega bók sem á erindi til allra.
280 bls.

Folda

SVK



Skrifað á vegg

Einskonar ævisaga
Þorsteinn Antonsson
Mannsævin meðan hún endist frá sjónarmiði þolanda með tilvísun á hina sem hlutu að taka þátt í ævi hans og þá sem slógust í för á leiðinni. Höfundur leggur áherslu á sannleikann. Og á ekkert umfram hann. Líf kviknar á mörkum borgar og sveitar og reynir að skapa sér ævi. Hér er árangurinn. Handa börnunum.
262 bls.

Sagnasmiðjan

SVK



Skúli fógæti - faðir Reykjavíkur

Saga frá átjándu öld

Þórunn Jarla Valdimarsdóttir

Skúli Magnússon varð fógæti fyrstur Íslendinga og flutti vísi iðnbyltingarinnar til Íslands. Hann var líka búðarstrákur, framagjarn embættismaður, kvennagull og svallari, sýslumaður Skagfirðinga og baráttumaður gegn einokun – og lífsþreytt gamalmenni sem endaði ævina í skjóli andstæðinga sinna. Allar þessar hliðar Skúla sýnir Þórunn á sinn einstaka hátt og lýsir samferðafólki hans og samtíð af innlifun.
256 bls.

Forlagið - JPV útgáfa

IB RAF



Stalín - ævi og aldurtili


Edvard Radzinskij

Þýð.: Haukur Jóhannsson

Ítarlegust og merkust af öllum þeim fjölda ævisagna sem komið hafa út um hinn goðumlíka harðstjóra. Bókin er afrakstur eigin reynslu höfundar og áratuga rannsókna. Hér koma fram ýmis áður óþekkt atriði, s.s. trúarlegar vísanir í harðstjórn Stalíns, undirbúningur þriðju heimsstyrjaldarinnar og að lokum frásagnir af dularfullum dauða Stalíns.
708 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

SVK



Stefán sterki

Þórir Stephensen


Presturinn Stefán Stephensen var þjóðsagnapersóna í lifanda lífi, annálaður kraftamaður, stórhuga hugsjónamaður og dugnaðarforkur sem skilaði merku ævistarfi. En hann var einnig breyskur drykkjumaður og á köflum fljótfer og mistækur.

Hér segir frá pereatinu, símamálinu og margskonar brambolti. Yfir öllu er svo stórfengleg ættarsaga Stefánunga.

350 bls.

Þórir Stephensen

IB



Ærumissir

Davíð Logi Sigurðsson

1927. Jónas frá Hríflu er orðinn valdamesti stjórnmaðmaður landsins. Hugsjónaríkur umbótamaður eða pólitískt óargadýr? Nú mun á það reyna. Sýslumaðurinn Einar M. Jónasson verður fórnarlamb Jónasar, eða er hann jafn vanhæfur og Jónas vill vera láta? Ærumissir er átakanleg saga einstaklinga sem urðu leiksoppar í mögnuðu valdatafli, skrifuð á næman og spennandi hátt.

Bókin fæst einnig sem hljóðbók. Lesari Jakob Þór Einarsson.

229 bls. /

Sögur útgáfa

IB HLB

Hljóðbók frá Storytel

Matur og drykkur



Beint í ofninn

Heimilismatur og hugmyndir

Nanna Rögnvaldardóttir

Matreiðslubók fyrir alla sem langar til að bera fram hollan og gómsætan mat, eldaðan frá grunni, án þess að eyða löngum tíma í eldhúsinu. Eftir stuttan undirbúning þarf bara að stinga réttinum í ofninn og fara að huga að öðru – maturinn sér um sig sjálfur. Leiðbeiningar fylgja um hvernig megi breyta uppskriftum, aðlaga þær að því sem til er í skápunum, nýta afganga og forðast matarsóun.

217 bls.

Forlagið – Iðunn

IB



Góðborgarar

Nina Olsson

Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir

Grænmetisborgari framtíðarinnar er hér kynntur til sögunnar. Hann er ekki aðeins augnayndi heldur líka virkilega ljúffengur, girnilegur og ómótstæðilegur, meira að segja fyrir alæturnar. Hér er að finna bragð og keim frá öllum heimshornum. Einstakar uppskriftir að næringarríku grænmetisborgurum, brauði, sósum og hnossgæti.

160 bls.

Angústúra

IB



Grillmarkaðurinn

Hrefna Rósa Sætran

Myndir: Björn Árnason

Grillmarkaðurinn hefur verið meðal vinsælustu veitingastaða landsins síðan hann opnaði árið 2011. Aðalstef Grillmarkaðarins er samspil íslenskra hefða og nútímans og þessi bók geymir vinsælustu uppskriftir veitingastaðarins. Bókin kemur út bæði á íslensku og ensku.

156 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Grænkerakrásir Guðrúnar Sóleyjar

vegan uppskriftir fyrir mannúðleg matargöt

Guðrún Sóley Gestsdóttir

Myndir: Rut Sigurðardóttir

Heill heimur opnaðist fyrir mér þegar ég varð vegan og ég trúði varla möguleikunum sem öll þessi hráefni bjóða upp á; kryddin, ferska grænmetið, baunirnar, ávextirnar, jurtirnar, hneturnar, fræin. Pastað! Pizzurnar! Hamborgararnir! Kökurnar, kruðerið og sælgætið. Og sósurnar – maður lifandi, sósurnar! Hér er á ferðinni gullfalleg matreiðslubók með frábærum vegan uppskriftum.

168 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Heilnæmi jurta og hollusta matar

Margrét Þorvaldsdóttir og Sigmundur Guðbjarnason

Hér er m.a. fjallað um forvarnir gegn sjúkdómum og að finna fróðleik um þá eiginleika jurta, ávaxta og efna í þeim sem styrkja varnir gegn sjúkdómum og geta gagnast í baráttunni við sykla. Þá er greint frá hættum af hormónatruflandi efnum sem berast í líkamann með mat og snyrti- og hreinlætisvörum sem og gömlum íslenskum heimildum um jurtalækningar.

206 bls.

Háskólaútgáfan

IB



Hvað er í matinn?

Jóhanna Vigdís gefur uppskriftir að einföldum mat fyrir alla daga vikunnar

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

Myndir: Magnús Hjörleifsson og Silja Magg

Góð máltíð í dagslok er ekki bara næring, heldur líka einstök samverustund. Hér kemur Jóhanna Vigdís með tillögur að einföldum, gómsætum og girnilegum réttum fyrir öll kvöld vikunnar – í níu vikur – og hefur víða leitað hugmynda, hérlandis og erlendis. Hún er þekkt fyrir að elda ljúffenga sælkerarétti og hefur áður sent frá sér tvær vinsælar matreiðslubækur.

160 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Kraftbjór

Euan Ferguson

Þýð.: Hafsteinn Thorarensen

Heimsins bestu brugghús opna bækur sínar í fyrsta sinn, ausa úr viskubrunni sínum og deila uppskriftum svo að þú getir orðið heimsklassa heimabruggeri. Fleiri en 60 uppskriftir frá Brewdog, Mikkeller, Evil Twin, Omnipollo, Beavertown, Lagunitas, íslensku brugghúsunum og mörgum fleiri. Skyldueign bjóráhugamanna.

226 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdenta

Sælkeraverslun bókafélksins



Stóra bókin um sous vide

Viktor Örn Andrússon
Myndir: Karl Petrusson

Loks fáanleg á ný! Grundvallarrit um allt sem við kemur eldun með sous vide tækni eftir verðlaunakokkinn Viktor Örn Andrússon. Sous vide matreiðsla er auðveld en skilar engu að síður fullkomlega elduðu hráefni með hreinu og fersku bragði og er fullkomin fyrir þá sem brenna af áhuga og metnaði í eldhúsinu.

224 bls.
Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB EÚT



Stóra Disney uppskriftabókin

100 vinsælustu uppskriftirnar
Samant.: Tobba Marinós

Hinar geysivinsælu Disney-matreiðslubækur hafa verið ófáanlegar um nokkurt skeið.

Nú hefur matgæðingurinn Tobba Marinós tekið saman vinsælustu uppskriftirnar úr bókunum – og bætt við fjölda nýrra rétta.

192 bls.
Edda útgáfa

IB



Súrkál fyrir sælkeru

Dagný Hermannsdóttir
Myndir: Gunnar Sverrisson og Halla Bára Gestsdóttir

Súrkál og sýrt grænmeti nýtur æ meiri vinsælda, enda verður fólki sífellt ljósara að gerjað grænmeti getur stórbætt meltinguna og eftir heilsuna – auk þess sem það er bragðgott og gefur matnum nýjan keim. Súrkálsdrottningin Dagný Hermannsdóttir miðlar hér af þekkingu sinni og uppskriftum og gefur góð ráð um allt sem lýtur að súrsun grænmetis.

104 bls.
Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Úlfar og kokkarnir á frökkunum

Úlfar Eysteinnsson og Stefán Úlfarsson
Myndir: Lárus Karl Ingason

Matreiðslubók þessi er hluti af arfleifðinni hans Úlfars, uppskriftir sem hann hefur unnið með og að í mörg ár þar sem hann laðar fram það besta úr fiskinum sem hann lætur aldrei staldra of lengi við á pönnunni. „Órlítið krydd og engin ástæða til að nota marga liti af papriku eða fela fiskinn með öðrum hætti“ segir hann og býður þér að upplifa töfra matreiðslunnar úr eldhúsinu á þremur frökkum með sér.

Bókin er einnig fáanleg á ensku.
80 bls.

Ljósmynd – útgáfa

IB



Vegan – 7 mínútur í eldhúsinu

Émilie Perrin
Þýð.: Ólöf Pétursdóttir

Sífellt fleiri tileinka sér veganlífsstílinn og njóta þess að borða ljúffenga og um leið holla rétti. Flestum kemur á óvart hve auðvelt er að elda góða veganrétti. Þessi bók er sniðin að þeim sem hafa lítinn tíma til að elda en vilja borða góða veganrétti. Nú verður eldað!

66 bls.
Bókafélagið

SVK



Við matreiðum

Grundvallarrit í sérhvert eldhús
Anna Gisladóttir og Bryndís Steinþórsdóttir

Bókin hefur að geyma fjölbreytt úrval hefðbundinna og nýrra uppskrifta auk gagnýtra upplýsinga um matargerð. Leitast er við að hafa réttina einfalda og fljótlega en jafnframt næringarríka. Þetta er endurskoðuð útgáfa bókarinnar, en hún kom fyrst út 1976 og hefur alla tíð notið fádæma vinsælda.

336 bls.
IÐNÚ útgáfa

SVK



Auðvelt að panta á boksala.is

Sælkeraverslun
bókafólksins

bóksala stúdentu

www.boksala.is

Fræði og bækur almenns efnis



100 vestfirskar gamansögur 2.

Úr sagnabanka Vestfirskra forlagsins
Samant.: Hallgrímur Sveinsson

Enn förum við á flot með gamansögur úr hinum mikla þjóðsagnabanka Vestfirskra forlagsins af Vestfirðingum. 100 stykki takk. Margar hafa þær komið á prenti áður í bókunum að vestan og víðar. Sögurnar lýsa orðheppni Vestfirðinga og hæfileika þeirra til að fanga augnablikið. Þær eru býsna góðar mannlýsingar og út úr þeim má lesa ýmsa karaktera.

112 bls.

Vestfirskra forlagið

SVK



104 sannar Þingeyskar lygasögur

Jóhannes Sigurjónsson

Hér segir m.a. frá tugthúslimum í stjórn KB, Heiðari bómudrelli, drulludelum í Skúlagarði, bremsulausum Lúther, Alla Geira, Lenín á Rauðatorginu, Þórhalli í fimmtugri skyrtu, The Everyhole brothers í Öxarfirði, lærleggjaspaugsemi séra Sighvats, glæpakvendi á Hjarðarhólnum og er þá fátt eitt upptalið. Þessa bók verður bara að lesa.

88 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



130 vísnaðátur

Páll Jónasson frá Hlíð

Hér finnurðu 130 vísnaðátur, bæði léttar og erfiðar, en allar skemmtilegar. Hver þraut gengur út á ákveðið orð sem þú reynir að finna út frá vísbendingum í hverri ljóðlínu. Þessi bók er ómissandi á hverju heimili, en hentar líka vel í ferðalagið, sumarbústaðinn og á vinnustaðinn.

70 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Að búa til ofurlítinn skemmtigarð

Íslensk garðsaga – landslagsarkitektúr til gagns og þryði
Einar E. Sæmundsen

Einstakt yfirlitsverk um sögu og þróun íslenskrar garðhönnunar og er umhverfismótunin sett í samhengi við rætur íslenskrar menningar og tengd alþjóðlegum straumum og stefnum. Fjallað er um sögu garða á Íslandi en einkum um tímabilið frá þéttbýlismyndun þegar almenningsgarðar og útivistarsvæði urðu hluti af skipulagsgerðinni.

397 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Að fortíð skal hyggja

Samant.: Hallgrímur Sveinsson

Einar Benediktsson orti:


„Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja, án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt.“

Hér er hugað að fortíð jarðanna Rauðsstaða og Borgar við merk tímamót í samgöngusögu Vestfjarða. Gangamunni Dýrafjarðarganga er örskammt frá bæjarstaði Rauðsstaða og stutt til Borgar.

54 bls.

Vestfirskra forlagið

KIL



Aðlöðunaraflið

Ekkert leyndarmál lengur

Þormóður Símonarson

Hér er útskýrt hvernig hægt er að bæta lífið með því að breyta um hugarfar. Með einföldum aðferðum er hægt að auka gleði og jákvæðni. Hér eru kynntar leiðir til að uppræta reiði og öfund en með fyrirgefningu og sjálfsviðtekt eflir þú líf þitt og gjafir þess.

www.leyndarmalid.is

112 bls.

Tvíoddi útgáfa

KIL



Af hverju stráir

Arní Daníel Júlíusson

Í þessari bók eru heimildir um umhverfissögu Íslands á tímabilinu 1300–1570 kannaðar. Fæstar af þeim heimildum hafa verið skoðaðar áður, sérstaklega allar þær heimildir sem er að finna í Íslenska fornbréfasafninu. Árangurinn er að ný mynd af umhverfissögu landsins á tímabilinu birtist, mynd sem mun koma mörgum á óvart.

Óvart.

Háskólaútgáfan

SVK



Afbrot og íslenskt samfélag

Helgi Gunnlaugsson

Bókin er innlegg í umræðu um íslenskt samfélag og þróun þess frá sjónarhorni félags- og afbrotaræðinnar. Tilgangur hennar er að koma á framfæri aðgengilegu íslensku lesefni um afbrot á Íslandi og um leið að vekja áhuga og umræður um málefnið. Stuðst er við viðhorfsmælingar, opinber gögn, rýnihópa, fjölmiðla og niðurstöður sem túlkaðar eru í ljósi alþjóðlegs samanburðar.

312 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Almanak Háskóla Íslands 2019

Ritstj.: Gunnlaugur Björnsson og Þorsteinn Sæmundsson

183. árgangur. Auk dagatals má hér finna upplýsingar s.s. um sjávarföll og gang himintungla, elstu fyrirbæri á himni séð frá Íslandi, stjörnukort, yfirlit um hneitti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð, mannfjöldi o.m.fl. Þá eru birtar nýjar greinar um fjarlægðir í geimnum og nýjar niðurstöður um stærð Vetrarbrautarinnar.

96 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Almanak HÍP 2019 ásamt Árbók 2017

Jón Árni Friðjónsson


Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Auk dagatala má hér finna upplýsingar s.s. um sjávarföll og gang himintungla, elstu fyrirbæri á himni séð frá Íslandi, stjörnukort, yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð, mannfjölda o.m.fl. Árbók fjallar um helstu viðburði ársins 2017.

180 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



AM 677 4°. Four Early Translations of Theological Texts.

Ritstj.: Haukur Þorgeirsson

Inng.: Andrea de Leeuw van Weenen

Bókin er útgáfa á handriti með trúarlegu efni frá fyrri hluta 13. aldar og er hér um að ræða eitt elsta íslenska handritið sem varðveist hefur. Í inngangi er ítarleg greining á réttitun og málfræði textans sem varpar ljósi á íslenskt mál eins og það var ritað þegar margar helstu perlur íslenskra fornbókmennta voru settar saman.

384 bls.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

KIL



Andvari 2018. 143. ár

Ritstj.: Gunnar Stefánsson

Aðalefni *Andvara* nú er Ármann Snævarr prófessor og fyrrverandi rektor HÍ. Páll Sigurðsson ritar aðalgreinina. Auk þess má hér finna eftirfarandi: Hjalti Þorleifsson: Lífhyggjumaður eða rómantíker, Jón Yngvi Jóhannsson: Sjálfbært fólk? Um hag- og vistkerfi Sumarhúsa, Jón Sigurðsson: Brún og upplit djarft til viljans sagði, Sveinn Einarsson: Soffía Guðlaugsdóttir leikkona og Kjartan Már Ómarsson: Dysin, varðan og verðandinn.

120 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Arkitektúr á Íslandi Entdecke Islands Architektur Discover Icelandic Architecture

Birgit Abrecht

Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir, Anna Yates og Helga Soffía Einarisdóttir

Hér eru kynntar 170 byggingar, frá torfbæjum og reisu- legum timburhúsum fyrri tíma til nýstárlegra bygginga nútímans. Allar eiga byggingarnar það sammerkt að skipta máli í sögu íslenskrar húsagerðarlistar, hver með sínum hætti. Bókin er á íslensku, ensku og þýsku.

366 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Á mörkum mennskunnar

Jón Jónsson

Sögur af sérkennilegu fólki hafa lengi heillað, þ.á m. fjölbreyttar sagnir um fátækt rufufólk sem flakkaði um landið. Fjallað er um frásagnirnar og stöðu flakkara í samfélaginu. Hópurinn var umtalaður, rækilega jaðar- settur og oft líkari þjóðtrúarverum en manneskjum. Hörmulegt atlæti Stuttu-Siggu í ásku, skringileg skemmtiatriði Halldórs Hómers, rífin klæði Jóhanns bera og Sólvi Helgason kemur allt við sögu.

254 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Á vora tungu

Afmælisrit til heiðurs Kristjáni Árnasyni

Ritstj.: Ari Páll Kristinsson og Haukur Þorgeirsson

Bókin hefur að geyma úrval tímaritsgreina og bókar- kafla eftir Kristján Árnason, fv. prófessor í íslensku við Háskóla Íslands. Efninu er skipt í þrjá meginkafla: Málvístfræði og kenningar, Af málræktarfundum og Hljóðþróun og málsaga. Jafnframt ritar Kristján inn- gangskafla þar sem hann setur efnið í samhengi og segir frá meginhugmyndum greina og kafla bókarinnar.

424 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Blessunarorð

Samant.: Karl Sigurbjörnsson

Guð blessi Ísland – einhver eftiminnilegustu orð síðasta áratugar, flestir Íslendingar þekkja samhengi þeirra. En hvað er blessun? Höfundurinn svarar því í þessari bók sem inniheldur safn blessunarorða úr ýmsum áttum.

96 bls.

Skálholtsútgáfan

SVK



Bolvíska blótið

Auður Hanna Ragnarsdóttir

Sagan segir að á bóndadaginn eigi húsfreyja að gera sér- staklega vel við bónda sinn. Fyrir liðlega 70 árum tóku bolvískar eiginkonur upp þennan sið með því að halda þorrablót fyrir karla sína. Bók þessi er skemmtileg heimild um þær konur sem verið hafa í nefndum á vegum blótanna og hvað þær höfðu til skemmtunar fyrir eiginmenn sína og gesti.

82 bls.

Vestfirski forlagið

SVK



Borðaðu froskinn!

Tímastjórnun, kulnun og markmið

Brian Tracy


Þýð.: Berglind Baldursdóttir

Þessi bók getur gjörbreytt lífi þínu en hún sýnir þér hvernig á að skipuleggja hvern dag svo þú getir miðað út veigamikil verkefni og lokið þeim á skilvirkan og árangursríkan hátt. Með því að fylgja leiðunum sem kenndar eru geturðu aukði afköst, upplifað minni streitu og meiri orku.

128 bls.

Bergmál

KIL



Bókin um gleðina

Varanleg hamingja í breytilegum heimi

Dalai Lama og Desmond Tutu

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Hvernig er hægt að finna gleði og frið þegar þjáníningi í heiminum er svona mikil? Vinirnir Dalai Lama og Desmond Tutu, andlegir leiðtogar milljóna manna og friðarverðlaunahafar Nóbels, hittust til að leita svara við þessari áleitnu spurningu og miðla af reynslu sinni og boðskap. „Sjaldgæfur fjársjóður fyrir þá sem vilja lifa lífi sínu til fullnustu.“ *New York Journal of Books*

407 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Bætt melting – betra líf

Michael Mosley

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Meltingin er grunnur allrar starfsemi líkamans og hefur áhrif á líkamlega og andlega heilsu. Hér fer lækurinn Michael Mosley, höfundur bókana *5:2-mataræðið* og *8 vikna blóðsykurkúrinn*, í ferðalag um meltingarveginn, skýrir starfsemi hans og mikilvægi heppilegs mataræðis. Í bókinni er fjöldi uppskrifta að girnilegum réttum sem bæta meltinguna.

299 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK RAF



Death and Governmentality

Neo-liberalism, Grief and the Nation-form

Ritstj.: Arnar Árnason og Sigurjón Baldur Hafsteinsson

A contribution to debates concerning the state of death in the contemporary Western world. Death has recently undergone a revival, the book problematizes the idea that this revival is caused by general trends in society i.e. rising individualism. The book describes a link between the revival of death in Iceland and neo-liberal governmentality

170 bls.

Háskólaútgáfan

RAF



Dvergasteinn

Þjóðsögur og sagnir úr Djúpavogshreppi

Alda Snæbjörnsdóttir

Þjóðsögur og sagnir úr Djúpavogshreppi. Hér koma fyrir ýmsir kynlegir kvistir og kynjaverur. Draugarnir Skála-Brandur og Voga-Móri, flækingurinn Gvendur ralli, Menglöð tröllkona, huldufólk og álagablettir, úti- legumenn, slysfarir, áheit á helga menn, fornar sagnir og margt fleira mætti telja.

304 bls.

Skrúdda

IB



Einar Jónsson myndhöggvari

Verk, tákneimur og menningarsögulegt samhengi

Ólafur Kvaran

Einar Jónsson (1874–1954) var brautryðjandi í íslenski höggmyndalist. Í þessari bók er fjallað um stórbrotinn listferil hans, merkingarheim höggmyndanna, listræna hugmyndafræði og viðtökur á Íslandi.

280 bls.

Híð íslenska bókmenntafélag

IB



Eins og skot

Handbók um skotfæri, hleðslu þeirra, notkun og virkni

Böðvar B. Þorsteinsson

Í þessari bók er fjallað um skotfæri, samsetningu þeirra og virkni. Hér er að finna þróunarsögu skotfæra í gegn um aldirnar. Fjallað er um patrónur, hvellhettur, þúður og byssukúlur og val á þeim út frá fyrirhugaðri notkun. Sagt er frá því hvernig meta skal gæði skotfæra og kalla fram nákvæmni og hittni o.fl. o.fl.

550 bls.

Skrúdda

IB



„Ekki misskilja mig vitlaust“

- Mismæli og ambögur

Guðjón Ingi Eiríksson

Guðbjartur Jónsson fullyrðir að „margt smátt geri eitt lítið“. Lási kokkur hefur „vaðið fyrir ofan sig“. Heimir Már Pétursson segir „heilbrigðisráðherra hafi tekið ákvörðunina að höfðu samræði við lækna“. Eyþór í Lindu fullyrðir að „ekki séu allir peningar til fjár“. Ingófur Bjarni flytur frétt sem á „einkum við um vanfærar konur á barneignaraldri“. Ína af Ströndum vill vera „dauð fluga á vegg“. Og Vigdís Hauksdóttir, drottning mismælanna, ætla ekki að „stinga höfðinu í steininn“. Þetta er bara brotabrot af snilldinni sem hér má finna. 80 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Flóra Íslands

Blómplöntur og byrkningar

Höður Kristinsson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir


Myndir: Jón Baldur Hlíðberg

Flóra Íslands er yfirgripsmesta rit sem út hefur komið um íslensku flóruna. Hér er fjallað um allar 467 tegundirnar og þeim gerð ítarleg skil í máli, kortum og stórkostlegum vatnslitamyndum. Einstaklega fallegt og fróðlegt stórvirki sem á erindi inn á öll íslensk heimili.

744 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Forystu-Flekkur

Ritstj.: Einar Sæmundsen

Fallegar dýrasögur úr gamla bændasamfélaginu sem lýsa ástríku sambandi manna og dýra og einstökum vitsmunum málleysingjanna. Sögurnar eiga það sammerkt að vera reynslusögur höfunda af samskiptum sínum við dýrin. Sögur sem láta engan ósnortinn og eiga erindi við unga sem aldna. Falleg endurútgáfa.

144 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB EÚT



Framtíð smáþjóðanna


Arnulf Øverland

Árin milli stríða var Arnulf Øverland eitt dádasta skáld Norðmanna. Eftir seinna stríð snerist hann gegn kommúnisma. Þegar hann hélt fyrirlestra um vanda Norðurlanda í öryggis- og varnarmálum á Íslandi vorið 1948, réðust íslenskir kommúnistar harkalega á hann. Í þessu riti eru fyrirlestrar Øverlands á Íslandi ásamt nokkrum öðrum erindum.

108 bls.

Almenna bókafélagið

KIL



Æðisleg bókabúð

bókala.studenta

www.boksala.is



Framtíðarmúsík

Ritstj.: Kristín Valsdóttir

Sl. 20 ár hefur orðið mikil gerjun og endurnýjun á sviði tónlistarmenntunar. Nýjar aðferðir og ný viðmið hafa rutt sér rúms í tónlistar- og tónmenntakennslu. Bókin inniheldur 12 greinar sem byggjast á nýjum rannsóknum og þróunarverkefnum um efnið og er fyrsta bók sinnar tegundar sem gefin er út á íslensku og fengur fyrir alla sem áhuga hafa á tónlistarmenntun á Íslandi.

250 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Frá miklahvelli til mannheima


Ólafur Halldórsson

Hér segir frá síaukinni fjölbreytni tilverunnar eftir miklahvell. Þróun alheimsins og lífsins á jörðinni er einnig gerð skil og því lýst hvers vegna við erum eins og raun ber vitni.

360 bls.

Urður bókafélag

SVK



Frelsi mannsins

Jiddu Krishnamurti

Þýð.: Kristinn Árnason

Í þessu klassíska verki skorar lífsþekkingurinn á okkur lesendur að leggja til hliðar allar fyrirfram mótaðar hugmyndir um ást, hamingju, ofbeldi, fegurð og dauða – og læra að horfast í augu við okkur sjálf eins og við erum. Krishnamurti er talinn einn merkasti hugsuður 20. aldar og hafði meðal annars mikil áhrif á þá Halldór Laxness og Þórberg Þórðarson.

172 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Frjálst og fullvalda ríki

Ísland 1918–2018

Ritstj.: Guðmundur Jónsson

Ritn.: Guðmundur Hálfðanarson, Ragnhildur Helgadóttir og Þorsteinn Magnússon


Hvaða hugmyndir hafa Íslendingar gert sér um fullveldi? Er hægt að framselja hluta þess? Hvaða áhrif hefur það haft á íslenskt samfélag og samskipti þess við önnur ríki? Getur Ísland haldið fullveldi sínu í hnattvæddum heimi? Í tilefni þess að nú eru 100 ár frá því að Ísland varð fullvalda ríki skoða 13 fræðimenn fullveldið frá ólíkum sjónarhornum.

416 bls.

Sögufélag í samstarfi við Afmælisnefnd aldarafmælis

sjálfstæðis og fullveldis Íslands

IB



Fyrstu mánuðirnir –

Ráðin hennar Önnu ljósu

Anna Eðvaldsdóttir og Sýlvía Rut Sigfúsdóttir

Hér eru ráð hennar þaulreyndu ljósmóður Önnu Eðvaldsdóttur, sem betur er þekkt sem Anna ljósa, handa foreldrum ungbarna. Bókin er full af gagnlegum upplýsingum um þegar barnið kemur í heiminn, brjóstgjöf, grátur, meltingu, líðan móður, veikindi barna og allt annað sem mikilvægt er að vita um fyrstu mánuði í lífi barnsins.

188 bls.

Bókafélagið

KIL



Geggjaðar GÁTUR og góðar

Guðjón Ingi Eiríksson

Hvað verður sá aldrei sem aldrei er forvitinn? Hvenær lykta allir menn eins? Af hverju rignir aldrei tvo daga í röð? Hver af forsetum Íslands, á undan Guðna Th., notaði stærstu skóna? Hvað gera allir á sama tíma? Hver á alltaf síðasta orðið? Hvar er hnifur þess manns sem á í stökustu vandræðum? Hvernig gabbarðu fiðlu? Þessar gátur og margar fleiri, léttar og erfiðar, en allar skemmtilegar í þessari bráðsmellnu bók sem fólk á öllum aldri mun elska að glíma við.

64 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Gleðilega fæðingu

Velliðan, valkostir og verkjastilling í fæðingu

Aðalbjörn Þorsteinsson, Hildur Harðardóttir og Þorbjörg Marinósdóttir

Rannsóknir sýna að allur fæðingarundirbúningur styrkir verðandi foreldra, dregur úr kvíða og eykur líkur á jákvæðri upplifun af fæðingunni. Hér er fjallað um aðdraganda fæðingar og valkosti þegar kemur að fæðingarstöðum. Í seinni hluta bókarinnar er fjallað ítarlega um mismunandi leiðir til að lina fæðingarverki, ekki síst mænurótardeyfingu. Höfundar, auk Þorbjargar Marinósdóttur, eru Hildur Harðardóttir fæðingarlæknir og Aðalbjörn Þorsteinsson svæfingalæknir.

136 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK



Gleðin að neðan

Píkan, legið og allt hitt

Nina Brochmann og Ellen Stökken Dahl

Þýð.: Saga Kjartansdóttir

Myndir: Hanne Sigbjørnsen

Allt sem þú þarft að vita um kynfærin og kynlíf, leyndardóma snípsins, villtan hormónadans tíðahringsins og hvernig getnaðarvarnir virka á líkamann. Gagnreyndar upplýsingar um algenga kyn- og kvensjúkdóma og svör við viðkvæmum spurningum. Leikandi létt, aðgengileg og fordómalaus bók eftir læknanemana Ellen Stökken Dahl og Ninu Brochmann.

352 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB

RAF



Gleymna óskin

Ólafur Stefánsson og Kári Gunnarsson

Þessi saga á engan sinn líka. Í heillandi og mannþæandi frásögn býður Óli Stef. upp á óvenjulega bjarta sýn á veruleikann og lífið. Þetta er áventýri fyrir alla. Kári Gunnarsson teiknari skapar undurfagra myndheim sem hæfir sögunni.

52 bls.

Sögur útgáfa

SVK



Gorgías

Plátón

Þýð.: Eyjólfur Kjalar Emilsson

Gorgías er ein glæsilegasta samræða Plátóns og telst til hinna svokölluðu sókratísku samræðna. *Gorgías* fjallar að nafninu til um mælskulist, en þegar liður á verkið leiðir sú rökræða til þess að leita þarf svara við mikilvægum spurningum um mannlegt lífferni og stjórnfara.

210 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB

EÚT



Grasnytjar á Íslandi, þjóðtrú og saga

Guðrún Bjarnadóttir
Myndir: Jóhann Óli Hilmarsson

Fjallað er um grasnytjar á Íslandi í gegnum tíðina ásamt þjóðtrú og hindurvítni sem tengist nýjunum. Bókin hentar öllum aldurshópum og nýtist vel til að vekja upp áhuga og virðingu á náttúrunni í kringum okkur. Ljósmyndirnar eru eftir Jóhann Óla Hilmarsson og Bjarni Guðmundsson myndskreytir. Bókin er einnig gefin út á ensku. www.grasnytjar.is.
130 bls.

Hespuhúsið

IB



Gripla XXIX

Ritstj.: Emily Lethbridge og Rósa Þorsteinsdóttir
Gripla er alþjóðlegt ritrýnt tímarit og er mikilvægur vettvangur fyrir rannsóknir á sviðum íslenskra og norræna fræða. Í 29. hefti eru frumútgáfur á broti úr jólapredikun og kvæði séra Magnúsar í Laufási og fjallað um fjölbreytt efni: Ólafs sögu helga, Völuspá, söngbækur, kristni rétt, Skáldskaparmál, Aðalstein Englandskonung og vessakenninguna.
320 bls.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

SVK



Grænlandsfarinn

Vigfús Geirdal

Vigfús Sigurðsson varð nafnkunnur sem fylgdarmaður landkönnuða um Grænlandsjökul. Eitt sinn var farið þvert yfir jökulinn með vetursetu og komust leiðangursmenn naumlega lífs af. Önnur fór var með Alfred Wegener, höfundandi landrekikeningarinnar. Sjálfur stóð Vigfús fyrir leiðangri til að fanga vísi að íslenskum sauðnautastofni. Dóttursonur Vigfúsar bjó frásagnirnar til útgáfu.
316 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Grænlandsför Gottu

Halldór Svavarsson

Ellefu vaskir Íslendingar héldu í mikla háskaför árið 1929 á mótorbátum Gottu VE. Tilgangurinn var að fanga sauðnaut á Grænlandi sem áttu að verða visir að nýrri búgrein. Skipshöfnin lenti oft í mikilli hættu og hremmingum þar sem lítið mátti útaf bregða. *Grænlandsför Gottu* er meistaraleg frásögn Halldórs Svavarssonar af þessu mikla ævintýri.
132 bls.

Halldór Svavarsson

SVK



Hafið starfar í þögn minni

Þýðingar á ljóðum eftir Pablo Neruda
Ritstj.: Hólmfríður Garðarsdóttir

Tvímála útgáfa, á spænsku og íslensku, á ljóðum eftir síleska ljóðskáldið Pablo Neruda. Þýðingarnar hafa áður birst í ýmsum ljóðasöfnum, tímaritum og dagblöðum. Í inngangi fjallar ritstjóri um ævi og störf Neruda og í þýddri grein eftir Edwin Williamson er sagt frá ljóðagerð hans.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum gefur út í samvinnu við Háskólaútgáfunu.
236 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Hagnýt stærðfræði fyrir matvælagreinar

Jóhann Ísak Pétursson

Í bókinni eru kynnt grunnatriði töflureiknis og hvernig hann nýtist á sviði matvælagreina og til ákvarðanatöku í rekstri. Fengist er við margvíslega útreikninga, lagerhaldi og áhrifum rýrnunar á verðmyndun, sem og tilboðsgerð.
207 bls.

IÐNÚ útgáfa

IÐNÚ útgáfa

GOR



Heilabilun á mannamáli

Hanna Lára Steinsson

Heilabilun er gjarnan nefnd „fjölskyldusjúkdómur 21. aldarinnar“. Ástæðan er sú að aldur er helsti áhættuþáttur heilabilunar og hlutfall aldraðra mun aukast hratt á næstu árum og áratugum. Bók þessi er hugsuð sem kennslubók fyrir heilbrigðisstéttir en ekki síður fyrir aðstandendur og áhugafólk.
84 bls.

IÐNÚ útgáfa

SVK



Helguleikur

Saga Helgu Ingólfsdóttur og Sumartónleika í Skálholtskirkju

Kolbeinn Bjarnason

Ritstj.: Möður Árnason


Hér segir frá sémalleikaranum Helgu Ingólfsdóttur, Sumartónleikum í Skálholtskirkju og sögu barokktónlistar á Íslandi. En einnig frá alþjóðlegum straumum í tónlist frá Bach til Boulez. Lesandinn er leiddur inn í heilandi sögu frumherja í tónlistarstarfi sem gerðu jafnvel Bach að Biskupstungnamanni. Bókinni fylgja sex hljómdiskar með leik Helgu.
458 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB

Auðvelt
að panta á
boksala.is

Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is



Allar nýjustu bækurnar
og líka þær elstu

bóksala stúdenta
www.boksala.is



Heyannir

Um baráttu þjóðar fyrir lífi sínu
Þóður Tómasson

Heyskapur þjóðarinnar í þúsund ár, verkfæri og vinnubrögð, siðir, þjóðtrú og málfar. Rosablettir í túni, heylutningar á vögum, sögur af sláttukonum, engjafang og vitaskuld töðugjöld. Hér er miklum fróðleik til skila haldið í einstaklega glæsilegum grip sem rekur heyskaparsöguna allt fram í tíma hestasláttuvéla.

260 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Hinir útvöldu

Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918
Gunnar Þór Bjarnason

1. desember 1918 var ríkisfáni Íslands dreginn að hún í fyrsta sinn og Ísland varð fullvalda ríki. Sagan um þetta er rakin í lifandi og myndskreyttri frásögn, sagt frá eftirminnilegum einstaklingum, hörðum átökum og þjóðlífi í skugga heimsstyrjaldar og áfalla hið viðburðaríka ár 1918. Var þessi fámenna þjóð í stakk búin til að reka sjálfstætt ríki?

404 bls.

Sögufélag í samstarfi við Afmælisnefnd aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands

IB



Hjarta Íslands

Perlur hálendisins

Gunnsteinn Ólafsson og Páll Stefánsson

Í bókinni sprettur hálendi Íslands fram í aðgengilegum texta og stórbrotnum ljósmyndum. Fjallað er um allar helstu perlur hálendisins frá Eiríksjöklum í vestri til Lónsöræfa í austri; frá Jökulsárgljúfrum í norðri til Eyjafjallajökuls í suðri – svæðið sem gjarnan er kallað hjarta Íslands.

192 bls.

Veröld

IB RAF



Hnignun, hvaða hnignun?


Goðsögnin um niðurlægingartímabilið í sögu Íslands
Axel Kristinsson

Var miðbikið í sögu Íslands tími hnignunar og volæðis? Voru Íslendingar fátækir, frumstæðir og vesælir? Var Ísland fátækasta land Evrópu? Hér eru færð sterk rök fyrir því að hugmyndin um hnignun og niðurlægingu í sögu Íslands sé pólitísk goðsögn, sköpuð í þjónustu margs konar hugmyndafræði. Bók sem enginn áhugaður um sögu landsins má missa af.

280 bls.

Sögufélag

SVK



Hugsað með Aristótelesi

Ritstj.: Svavar Hrafn Svavarsson

Bókin er safn kafla um ólíkar hliðar á heimspeki Aristótelesar. Meðal efnis: Grímur Thomsen: Aristóteles, Ólafur Páll Jónsson: Vegvisir um Frumspækina, Henry Alexander Henrysson: Hvers vegna að spyrja til hvers?, Svavar Hrafn Svavarsson: Aristóteles, farsældin, náunginn og guð, Geir Þórarinn Þórarinnsson: Farsæld í Siðfræði Evdemosar, Eiríkur Smári Sigurðarson: Antifon og dýr Aristótelesar, Vilhjálmur Árnason: Aristóteles og Habermas, Geir Sigurðsson: Hugsað með Aristótelesi um Konfúsíus og ófugt og Björn Þorsteinnsson: Vorkunn og raunir í Skáldskaparlist Aristótelesar

Háskólaútgáfan

SVK



Hugsanir hafa vængi

Konráð Adolphsson


Sérlega góð sjálfshjálparbók eftir Konráð Adolphsson, stofnanda Dale Carnegie á Íslandi. Uppfull af góðum ráðum. Hugsanir hafa mikil áhrif á líf okkar og framkvæmdir. Þær hafi áhrif á hvernig við tölum, viðhorfum, ákvörðunum og tilfinningum. Hegðun og samskipti byggjast á hugsunum okkar en við höfum val. Fyrst þurfum við að skilja kraftinn að baki hugsuninni.

176 bls.

Konráð Adolphsson

KIL

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL
NÝRRRA FRÆÐIBÓKA



BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

HELGINA 24. OG 25. NÓVEMBER Í HÖRPU

Sjá dagskrá: www.bokmenntaborg.is



Hugur 29. hefti

Ritstj.: Finnur Dellsén

Tímarit um heimspeki. Meðal efnis má finna viðtal við Mariu Braghramian, þýðingu um vitnisburðarranglæti, greinar eftir Atla Harðarson, Svavar Hrafn Svavarsson, Stefán Snævarr, Jón Ásgeir Kalmansson og Sigurð Kristinsson auk ritdóma.

136 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Hver er ég?

Nú persónuleikalyásingar enneagramms

Sigríður Hrönn Sigurðardóttir

Bókin fjallar um Enneagramm, níu persónuleikamyndur, sem byggja á gömlum merg. Lesandinn speglar sjálfan sig og aðra í myndstrinu til að auka skilning á veikleikum og styrkleikum hvers og eins. Bókin er hjálp til að líta í eigin barm og vaxa og þroskast, bæði á eigin forsendum og í samskiptum við aðra. Bókin nýtist vel í markþjálfun, ráðgjöf og sálgaeslu.

141 bls.

Salt ehf. útgáfufélag

SVK



Hvítabirnir á Íslandi

Rósa Rut Þórisdóttir

Hér er komið yfirgripsmikið rit um þessar grimmu og ógnvekjandi skepnur, hvítabirni, sem oft hafa komið hingað til lands og þá aldrei sem auðfugastir. Sagt er frá landgöngu þeirra allt frá landnámi til okkar daga og farið yfir munnmæla- og þjóðsögur sem þeim tengjast. Bókin er að stórum hluta byggð á heimildasafni Þóris heitins Haraldssonar, lengi menntaskólakennara á Akureyri.

272 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



Í helgum steini

Karl Sigurbjörnsson

Það er list að tala inn í hraðfleygan nútímann og fá fólk til að nema staðar um stund og hlusta. Hér tekst höfundurinn með eftirminnilegum hætti en bókin geymir úrval af ræðum hans frá því hann settist í helgan stein. Boðskapurinn er skýr og kröftugur. Sígildir textar kristinnar trúar eru skoðaðir með ferskum augum og í ljósi hringiðu samtímans.

415 bls.

Skálholtsútgáfan

SVK



Íslendingasögur – Íslendingaþættir

Heildarútgáfa

Ritstj.: Aðalsteinn Eypórssón, Bragi Halldórsson, Jón

Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson

Þessi glæsilega nýja heildarútgáfa Íslendingasagna og Íslendingaþátta er gefin út í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins. Auk sagnanna geyma þessi 5 glæsilegu bindi vandaða formála, visnaskýringar, töflur, landakort, skýringargreinar, sagnalykil, nafnaskrá og orðskýringar, sem greiða lesendum leið að sagnasjóði okkar. Útgáfan er jafnframt búin stórkostlegum litprentuðum myndverkum listakonunnar Karen Birgitte Lund.

2684 bls.

Saga forlag

IB



Íslensk-ensk viðskiptaorðabók

Þórir Einarsson og Terry G. Lacy

Í þessari veglegu og gagnlegu bók eru um 17.500 uppflettiorð og 10.000 máldæmi. Orðaforðinn byggist á öllum helstu sviðum almennra viðskipta, svo sem fjármálum, hagfræði, lögum, stjórnun og tryggingum. Bókin kemur nú út í annað sinn, mikið aukin og endurskoðuð, og er nauðsynleg öllum sem vinna með íslenskt og enskt viðskiptamál.

512 bls.

Forlagið

IB



Íslensk knattspyrna 2018

Víðir Sigurðsson

Allt um íslenska knattspyrnu á því hárfína ári 2018. Íslenski boltinn og HM í Rússlandi. Valsarar voru sterkir í deildinni og Stjarnan í bikarnum en Blikarnir tvöfaldir meistarar í kvennboltanum.

Ómissandi í safnið fyrir áhugamenn og konur um íslenska boltann. Hm ... knattspyrnuna ... boltann ... Þið ráðið.

272 bls.

Tindur

IB



Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum

Ritstj.: Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson

Hér er fjallað um nýlega rannsókn á íslensku sem námsgrein og kennslutungu. Þar var framkvæmd kennslu könnuð og staða, spurt um stefnumörkun, námsefni, starfshætti og viðhorf nemenda, kennara og stjórnenda. Niðurstaðan er sú að svara þurfi spurningum um hæfni, beitingu og meðferð málsins, leikni eftir hvert skólastig og hvaða skilning og þekkingu á tungumálinu og bókmenntum nemendur hafi öðlast.

262 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Íslenska kraftaverkið

Á bak við tjöldin

Þórir Einarsson

Í þessari áhugaverðu og skemmtilegu bók dregur Þórir Einarsson upp einstakar svipmyndir af lífinu á bak við tjöldin hjá íslenska landsliðinu í knattspyrnu, og sýnir „strákana okkar“ í sigrum og ósigrum, gleði og sorgum, hjátrú og hefðum. Fjöldi áður óbirtra ljósmynda prýðir bókina.

224 bls.

Bjartur

KIL RAF



Íslenskar bænir fram um 1600

Ritstj.: Margrét Eggertsdóttir

Inng.: Svavar Sigmundsson

Ritið hefur að geyma elstu bænir á íslensku, bæði stakar bænir og heilar bænabækur sem varðveittar eru í handritum, sumar í Árnasafni en aðrar í erlendum handritasöfnum. Bænatextunum fylgir ítarlegur inngangur, skýringar og skrár, bæði nafnaskrá og skrá yfir upphöf bæna. Einnig eru í bókinni myndir úr handskrifuðum bænaókum.

403 bls.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

IB



Íslenskar rúnir

1000 ára saga

Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík

Áður en latneskt skrifletur og bókmenning barst í Norðurlöndum voru rúnir notaðar sem letur. Á Íslandi voru rúnir notaðar frá landnámi og áfram fram undir 19. öldina miðja. Hér þróaðist sér íslenskt rúnakerfi sem hélt velli langt fram eftir öldum. Rakin er í stuttu máli saga og þróun hinna íslensku rúna, notkun þeirra og menningarlegt gildi.

52 bls.

Almenna bókafélagið

KIL



Íslenskir heyskaparhættir


Bjarni Guðmundsson

Mannfrekir heyskaparhættir hér á landi höfðu lítið breyst í rás aldanna þar til vélar komu til sögunnar á tuttugustu öldinni, og tækninni fleygði síðan svo hratt fram að nú á dögum snertir mannhöndin vart heyið. Í þessari bók eru helstu atriði þeirrar sögu rakin. Hún er systurbók *Íslenskra sláttuhátta* sem komu út árið 2015.

346 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag og Bókaútgáfan Opna

IB



Íslenskt lýðræði

Starfsvenjur, gildi og skilningur

Ritstj.: Vilhjálmur Árnason og Henry Alexander Henrysson

Í bókinni er íslenskt lýðræði skoðað út frá siðfræði, sagnfræði, stjórnmálafræði, stjórnsýslufræði, fjölmiðlafræði og menntaheimspeki. Áhersla er lögð á að greina starfshætti og stefnumótun í ljósi hugmynda rökræðu-lýðræðis. Ritið er framlag til þess að bæta lýðræðislega stjórnarhætti svo að endurheimta megi traust á stjórn-málum og stofnunum fulltrúalýðræðisins.

280 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Jane Austen og ferð lesandans

Skáldkonan í þrenur kvennagreinum samtímans

Alda Björk Valdímarsdóttir

Verk Jane Austen hafa aldrei verið vinsælli en nú og ekki sér fyrir endann á þeim skáldsögum og kvik-myndum sem sækja í þau. Í *Jane Austen og ferð lesandans* er kannað hvernig ímynd Austen lifir áfram innan þriggja kvennagreina sem njóta gríðarlegrar hylli, þ.e. í ástarsögum, skvísúsögum og sjálfshjálparritum.

464 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Jarðvegur

Myndun, vist og nýting

Þorsteinn Guðmundsson

Bókin er í senn almennt fræðirit þar sem leitast er við að vitna í nær allar heimildir um íslenskan jarðveg á síðustu áratugum og um leið grundvallarrit til kennslu í jarðvegsfræði á háskólastigi. Hún er jafnframt hand-hægt og aðgengilegt uppláttarrit fyrir þá sem koma að ákvörðunartöku um skipulag og nýtingu lands og alla sem hafa áhuga á náttúru Íslands.

224 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Jómsvíkinga saga

Umsj.: Þorleifur Hauksson og Marteinn Helgi Sigurðsson
Ritstj.: Þórður Ingi Guðjónsson

Jómsvíkinga saga er síðasta bindi konungasagna í Íslenskum fornritum. Hún er talin rituð kringum 1200 og er fyrst og fremst skemmtisaga; höfundur lætur sér staðfræði og sannfræði í léttu rúmi liggja og sýnir konungum og höfðingjum algert virðingarleysi. Tvær drápur fylgja útgáfunni auk nokkurra þátta, einkum úr Flateyjarbók.

430 bls. + 12 myndasíður

Hið íslenska fornritafélag

IB



Kaupthinking

Bankim sem átti sig sjálfur

Þórður Snær Júlíusson

Kaupthinking er saga um breyskleika valdamikilla athafnamanna og undirmanna þeirra sem olli gríðarlegum skaða. Þetta er saga um ofmetnað og græðgi, blekkingar og svik, ris og fall. Einstök bók um það sem gerðist á bak við tjöldin í einu sögulegasta gjaldþroti heims með upplýsingum úr innsta hring.

371 bls.

Veröld

IB

RAF



Kirkjur Íslands 29

Skálholtsdómkirkja

Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi þar sem horft er á þær frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í þessu bindi er fjallað um Skálholtsdómkirkju.

280 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag, Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands og Biskupsstofa

IB



Kirkjur Íslands 30

Hallgrímskirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarstönd

Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi þar sem horft er á þær frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í þessu bindi er fjallað um Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.

133 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag, Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands og Biskupsstofa

IB



Kirkjur Íslands 31

Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi þar sem horft er á þær frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Þetta síðasta bindi ritraðarinnar geymir yfirlitsgreinar og skrár sem taka til ritverksins í heild.

372 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag, Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands og Biskupsstofa

IB



Konan sem át fíl og grenntist (samt)

Margrét Guðmundsdóttir

Það á ekki að vera leiðinlegt að lesa um það sem skiptir máli. Frábærlega vel skrifuð bók um baráttuna við aukakílóin. Í ljós kemur að hún snýst um hormón, frekar en hitaeyningar. Það hafði þá aldrei vantað viljastyrk til að léttast – heldur mataræði sem hentaði líkamanum.

128 bls.

Folda

KIL



Kristur. Saga hugmynda

Sverrir Jakobsson

Jesús Kristur er einn áhrifamesti einstaklingur í sögu mannkyns en þó er deilt um nánast allt sem honum tengist. Var hann maður eða andi, sonur guðs eða venjulegur maður? Ár hvert koma fram nýjar kenningar um Krist og eðli hans. Bók þessi fjallar um upphaf rótgrónna hugmynda um Krist, hvernig þær mótuðust og af hverju þær eru svo eðlisólíkar.

306 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Krossgötur

Bryndís Björgvinsdóttir

Myndir: Svala Ragnarsdóttir

Hér eru álfasteinar, huldufólksklettar og aðrir bannhelgir staðir um allt land, teknir til skoðunar í máli og myndum, og hinn forni átrúnaður á nábyli mannfólks og yfirnáttúrulegra vætta er settur í samhengi. Krossgötur er einstök lesning um þau sýnilegu áhrif sem þjóðtrú hefur í borg og sveit.

170 bls.

Bjartur

IB RAF



Krullað og klippt

Aldarsaga háriðna á Íslandi

Bárna Baldursdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir

Bókin fjallar um störf rakara og hárgreiðslukvenna á 20. öld. Saga háriðna er saga um nútímavæðingu þjóðar, þróun borgarsamfélags og eflingu hreinlætis- og tiskuvitundar en þar voru frumkvöðlar í háriðnum í fararbroddi. Bókin tilheyrir ritröðinni *Safn til iðnsögu Íslendinga*.

450 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Laggó!

Gamansögur af íslenskum sjómönnum


Guðjón Ingi Eiríksson

Lási kokkur „hefur vaðið fyrir ofan sig“. Ingi Mór heldur ekki framhjá. Oddur spekingur „gerir við“ og Þórhallur Þorvalds er í fríu. Guðni Ölvers lætur aðra borga bílinn, Ása í Bæ vantar tennur og Jón Berg hrekkir sem aldrei fyrr. Guðmundur Halldórs tekur hótunum Árna Matt illa og bræðurnir Jónas og Bóas frá Reyðarfirði láta til sín taka. Svo fer Túlli með ungan son sinn á sjó og heldur um það dagbók. Stráski var ekki efni í sjómann, en varð síðar áberandi í sinni listgrein. Já, hver er pilturinn?

96 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Landkostir

Úrval greina um sambúð lands og þjóðar, 1927–1984

Halldór Laxness

Halldór Laxness var alla tíð ötull samfélagsrýnir og skrifaði ókjör flugbeitra pistla og greina samhliða skáldskapnum. Meðal þess sem hann fjallaði oft um var náttúran og umgengni við hana. Hér er birt úrval úr því sem hann skrifaði um þetta efni á löngu árabili – greinar sem allar eiga erindi við samtímann, hver á sinn hátt. Halldór Þorgeirsson valdi.

215 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



Landnám Íslands

Ríttstj. Haraldur Bernharðsson

Innlendir og erlendir fræðimenn fjalla hér um landnám Íslands frá ýmsum hliðum. Rætt er um Landnámabók og heimildagildi hennar, godsagnir, sagnaritun og sannleiksgildi fornsagna, skip og siglingar landnámsmanna, garðlög og vistfræði landnáms, landnám tungumálsins og hugmyndir um landnám á fyrri hluta 20. aldar.

230 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Landnámsögur við þjóðveginn

Jón R. Hjálmarsson

Í þessari einstöku vegahandbók slæst fræðabulurinn Jón R. Hjálmarsson í för með lesandanum um byggðir landsins. Við kynnumst ekki aðeins frægustu landnámsmönnum — Ingólfi, Skalla-Grími, Hrafna-Flóka og Auði djúpúðgu — heldur einnig ýmsum minna þekktum, svo sem Önundi breiðskegg, Katli gufu, Þóri dúfunefi, Hrolleifi mikla og ekkjunnri Þorgerði. Fróðleg og skemmtileg vegahandbók þar sem sagðar eru kynngimagnaðar sögur af fornfrægum landnámsmönnum og heimkynnum þeirra.

228 bls.

Ugla

IB

Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdenta

Rosa klár en samt svo hress



Landsnefndin fyrri. Den islandske Landkommission 1770-1771, III

Ritstj.: Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna P. Guðmundsdóttir

Skjöl Landsnefndarinnar fyrri gefa einstæða innsýn í íslenskt samfélag um 1770, en nefndin ferðaðist um Ísland og safnaði upplýsingum um land og þjóð. Í þessu þriðja bindi af sex eru birt bréf til landsnefndarinnar frá embættismönnum landsins.

796 bls.

Sögufélag, Þjóðskjalasafn Íslands og Ríkisskjalasafn Danmerkur

IB



Laughing Shall I Die

Lives and Deaths of the Great Vikings
Tom Shippey

Djörf og skemmtileg frásögn um gullaldartímabil norræna víkinga. Skyggnst er inn í sálarlíf þeirra og leitast við að útskýra hómur og hetjulegt hugarfar sem birtist í ótal frásögnum og kvæðum, ekki síst í þeirra hinstu kveðjum. Prófessor Thomas Shippey er sérfræðingur á sviði miðalda-, fantasíu- og vísindaskáldskapar og þekktur fyrir skrif sín um J.R.R. Tolkien.

Bókin er á ensku.

368 bls.

Reaktion Books

IB



Lífssögur ungs fólks

Samskipti, dhættuhegðun, styrkleikar
Sigrún Aðalbjarnardóttir

Lífssögur fimm ungmenna eru raktar frá 16 til 33 ára alders. Sýn þeirra á samskipti við foreldra, vini, kærasta(ur) og eigin börn er dregin fram. Jafnframt er fjallað um hvernig uppeldisaðferðir foreldra geta spáð fyrir um samskiptahæfni ungmenna, líðan þeirra, trú á eigin sjálfstjórn, vímuefnaneyslu og námsgengi jafnvel átta ár fram í tímann frá 14 ára aldri.

260 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Lykilorð 2019

Órð Guðs fyrir hvern dag

Í *Lykilorðum*, sem koma út árlega, eru biblíuvers fyrir hvern dag ársins auk sálmavers eða fleygs orðs. Uppbygging bókarinnar og innihald biður upp á fjölbreytta notkun fyrir þá sem eru tilbúnir í að leyfa orðum úr Biblíunni að vekja sig til umhugsunar og hafa jákvæð áhrif á líf sitt. *Lykilorð* henta jafnt þeim sem að vilja taka fyrstu skrefin í því að tengja boðskap Biblíunnar við líf sitt og þeim sem þegar eru vel kunnir því sem þar er að finna.

144 bls.

Lífsmótun

KIL



Magnus Hirschfeld

Frumkvöðull í mannréttindabaráttu hinsegin fólks
Ralf Dose


Þýð.: Guðjón Ragnar Jónasson

Magnus Hirschfeld (1868–1935) var þýskur læknir og baráttumaður fyrir réttindum hinsegin fólks. Bókin greinir frá ævi og störfum Hirschfelds og upphafi baráttu hinsegin hreyfingarinnar, bæði austan hafis og vestan. Hún veitir einnig innsýn inn í fjölbreytt mannlíf, frjálslýndi og framsækni sem lifði góðu lífi í Þýskalandi Weimarlýðveldisins.

136 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Mannlíf milli húsa

Jan Gehl

Þýð.: Steinunn Stefánsdóttir

Af hverju virka sum almenningsrými og önnur ekki? Hvert er samspiði milli útírýma og athafna fólks? Í myndum og texta eru dregin fram margbreytileg gæði mannlífs í borgum og byggðum og rýnt er í forsendur út frá hönnun og skipulagi. Bókin er sigilt verk frá árinu 1971 eftir hinn þekkt danska arkitekt Jan Gehl. Löngu tímabær íslensk útgáfa fyrir alla sem hafa áhuga á arkitektúr, skipulagi og samskiptum milli fólks.

208 bls.

ÚRBANISTAN

SVK



Marteinn Lúther

úrval rita 2 - 1524-1545

Ritn.: Gunnar J. Gunnarsson, Arnfríður Guðmundsdóttir og Gunnar Kristjánsson

Í þessu seinna bindi eru alls fjórtán rit, stór og smá og koma mörg þeirra í fyrsta skipti fyrir almenningssjónir á íslensku. Úrval rita I 1517–1523 kom út í október 2017. Nánar á heimasíðu Lúthersárs www.sidbot.is en þar má m.a. finna efnisyfirlit beggja binda.

417 bls.

Skálholtsútgáfan

IB



Martröð með myglusvepp

Steinn Káráson

Þrjátíu ljósmyndir.

Orsakir og afleiðingar myglusveppa.

Átakanlegar reynslusögur fólks sem glímt hefur við eitrun vegna myglusveppa.

Fjallað um veikindi af völdum myglusveppa, bataleiðir og lífshætti. Einnig málaferli, lög, reglur og fjárhagsskaða. Sérfræðingar í byggingargeiranum og sveppafræðingur tjá sig.

96 bls.

Garðyrkjumeistarinn

KIL



Merki og form

Gísli B. Björnsson

Hönnun Gísla er vel kunn hér á landi. Eftir hann liggja merki fjölda stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka og hann því frumkvöðull á sviði grafískrar hönnunar og einn afkastamesti merkjahönnuður landsins. Hér dregur hann fram margt af sínum hugmyndum og tilraunum sem búa að baki hönnun hans. Þá fjallar hann um merkja- og formfræði, bæði í sögulegu samhengi og út frá eigin reynslu.

168 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Mið-Austurlönd

Fortíð, nútíð og framtíð

Magnús Þorkell Bernharðsson

Lesari: Sindri Freyr Steinsson

Fréttir af stríðshörnungum, kvennakúgun, mis-skiptingu og neyð í Mið-Austurlöndum berast reglulega og víglínurnar færast sífellt nær okkur – hryðjuverk og straumur flóttafólks þaðan meinar okkur að loka augunum fyrir ástandinu. Um leið er ljóst að ýmis vandamál Mið-Austurlanda eiga rætur í tíðum og víðtækum afskiptum Vesturlanda. Því er mikilvægt að fá í hendur yfirlitsrit þar sem fjallað er um helstu atburði í heimshlutanum af fordómaleysi og yfirgripsmikilli þekkingu.

394 bls. / 10:48 klst.

Forlagið – Mál og menning

SVK

RAF

HLB

**Milli mála 2017**

Ritstj.: Gíslí Magnússon og Þórhallur Eypórsson
Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu er gefið út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þar birtast ritrýndar fræðigreinar um tungumál og menningu, þýðingar og viðtöl. Tímaritið er aðgengilegt í opnum aðgangi á: <http://millimala.hi.is/is/forsida/> og <https://ojs.hi.is/millimala>
 237 bls.

Háskólaútgáfan


RAF

**Milli mála 2018**

Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir
Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu er gefið út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þar birtast ritrýndar fræðigreinar um tungumál og menningu, þýðingar og viðtöl. Tímaritið er aðgengilegt í opnum aðgangi á: <http://millimala.hi.is/is/forsida/> og <https://ojs.hi.is/millimala>
 200 bls.

Háskólaútgáfan

RAF

**Mosar á Íslandi**

Ágúst H. Bjarnason

Í bókinni eru greiningarlyklar að öllum tegundum mosa, sem vaxa á Íslandi. Fjallað er um gerð og byggingu þeirra, skiptingu í blaðmosa, flatmosa og hornmosa, svo og hvernig standa skal að söfnun, þurrkun og nafngreiningu á mosum. Nánari lýsingar, teikningar og ljósmyndir eru af 230 tegundum af rúmlega 600, sem getið er um.

Ágúst H. Bjarnason

IB

**Myndir af þjóð***Íslendingar 1918–2018*

Svava Jónsdóttir

Myndir: Friðþjófur Helgason

Ísland varð fullvalda ríki árið 1918. Í þessari bók eru myndir af Íslendingum sem fæðst hafa á þessum tíma – frá 1918 til 2018. Einn fyrir hvert ár. Íslendingarnir svara jafnframt einni spurningu: Hvað er Ísland í huga þínum? Þá eru í bókinni landslagsmyndir sem teknar hafa verið vetur, sumar, vor og haust.

Texti bókarinnar er bæði á íslensku og ensku.

Ljósmyndir tók Friðþjófur Helgason.

280 bls.

Tindur

SVK

**Norðlingabók I-II***Úr íslensku þjóðlífi*


Hannes Pétursson

Hannes Pétursson er eitt helsta skáld þjóðarinnar. *Norðlingabók* er safn þjóðlegra sagnaþátta hans þar sem skáldið og fræðimaðurinn glæðir minnisverðar frásagnir úr heimildum og sögnum nýju lífi með orðsnilld sinni og stílfimi.

876 bls.

Bjartur

IB

**Norraenu goðin**

Johan Egerkrans

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Norraenu goðin í algerlega nýju ljósi!


Hér er komin bók um norrænu goðin og sögurnar í kringum þau. Gullfallegar myndskreytingarnar í bókinni gæða goðin, gyðjurnar, dísirnar, jötnana, vanina og allan Ásgarð óvæntu og heillandi lífi.

Þessi bók verður að vera til á hverju heimili.

160 bls.

Drápa

IB

**Núvitund***Hagnýt leiðsögn til að finna frið í hamstola heimi*

Mark Williams og Danny Penman

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Bók sem kennir einfalda aðferð til slökunar og hugleiðslu, með æfingum til að rjúfa vítahring kvíða og streitu og öðlast lífsgleði, vellíðan og kjark. Gagnleg fyrir alla sem finnst erfitt að standa undir kröfum nútímans um athygli og árangur. Það þarf aðeins fáeinir mínútur á dag til ná betri stjórn á lífinu og öðlast innri ró.

287 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK RAF



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is



Kíktu í bók og kaffi

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Orð og tunga 20 (2018)

Ritstj.: Ari Páll Kristinsson

Orð og tunga er ritrýnt tímarit sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefur út árlega. Tímaritið birtir greinar á fræðasviði stofnunarinnar sem lúta að máli og málfræði. Í 20. hefti eru sjö fræðigreinar, um íslenska orða- og nafnaforðann, beygingar, orðmyndun og merkingu og um viðhorf málnotenda, auk ritdóms um Íslenskt orðanet og greinar um iðorðarit stofnunarinnar.

163 bls.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

SVK



„Óttalegur Júlí ertu“

Eyfínsk kinni og gamanmál

Ritstj.: Jón Hjaltason

Fyndnasta bókin í ár? Já, líkast til. Skoðið bara andlitin á forsiðu!

Þau segja sína sögu og ekki grínlausa.

Lesið og sannfærast um að Eyfíringar eru manna skemmtilegastir.

104 bls.

Völuspá útgáfa

KIL



Prýðileg reiðtygi

Ritstj.: Anna Lís Rúnarsdóttir

Ritn.: Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir og Lilja Árnadóttir

Ritið *Prýðileg reiðtygi* veitir innsýn í safnkost Þjóðminjasafns Íslands sem tengist íslenska hestinum. Hér er fjallað um söðla og handverkið sem prýðir þá. Rýnt er í drifið látún þar sem birtast blómstrandi jurtir og framandi dýralíf. Séríslensk glituð söðuláklæði bera einnig vott um listfengi höfunda þessarar ríkulegu arfleifðar.

44 bls.

Þjóðminjasafn Íslands

SVK



Pyrrhos og Kineas

Simone de Beauvoir

Þýð.: Móheiður Hlíf Geirlausdóttir

Pyrrhos og Kineas (1944) er fyrsta siðfræðirit franska rithöfundarins og heimspekingsins Simone de Beauvoir. Í ritinu tekst hún á við spurningar um mennsku, tilvist og siðfræði.

168 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Rassfar í steini

Í slóð Ólafs helga til Stiklastaða


Jón Björnsson

Fjölfarnasta pílgrímaleið Norðurlanda er hinna ferð Ólafs helga, Ólafsvegurinn. Jón Björnsson fór þessa leið á reiðhjóli og í bókinni lýsir hann ferðalaginu og rekur samhliða því einkennilega sögu Ólafs. Jafnframt eltir Jón uppi ýmsar furður og leiðir lesandann í ólíklegustu útdúrua.

272 bls.

Veröld

IB RAF



Ráðstjórnarríkin

Goðsagnir og veruleiki

Arthur Koestler

Formáli: Dr. Hannes H. Gissurarson

Bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 1946 voru aðallega háðar á Volgubökkum. Morgunblaðið gaf út í sérprenti kafla úr bók um Ráðstjórnarríkin eftir ensk-ungverska rithöfundinn Arthur Koestler, og eru þeir endurprentaðir hér. Sósíalistar brugðust ókvæða við og dreifðu áróðursriti gegn Koestler í hvert hús í höfuðstaðnum. Lýðræðissinnar svöruðu fullum hálsi.

108 bls.

Almenna bókafélagið

KIL



Reykholt í ljósi fornleifanna

Guðrún Sveinbjarnardóttir

Bókin greinir frá niðurstöðum fornleifarannsóknna sem höfundur stjórnaði um árabíl í Reykholti í Borgarfirði, þar sem koma fram upplýsingar um búsetu á staðnum og þróun hennar frá upphafi byggðar þar. Hér er um frumrannsókn að ræða.

150 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Reykjavík um 1900 – með augum Benedikts Gröndal

Benedikt Gröndal

Frábærlega skemmtilegur og fróðlegur texti Gröndals um Reykjavík á umbrotatíma nýtur sín vel í þessari stóru og fallegu bók sem prýdd er miklum fjölda sjaldséðra ljósmynda.

Ísmeygileg kinnigáfa Gröndals skýtur víða upp kollinum í frásögn hans, sem er ómetanleg heimild um höfuðstaðinn þegar heimastjórn og síðan fullveldi blasa loks við. Bók sem hlotið hefur frábærar viðtökur.

260 bls.

Sögur útgáfa

IB



Ritið I–III, 2018

Ritstj.: Rannveig Sverrisdóttir

Rafrænni útgáfa *Ritsins*, tímarits Hugvísindastofnunar, var hleypt af stokkunum árið 2018. Tímaritið er því opið öllum án endurgjalds. Þemu ársins eru lög og bókmenntir, undur og ógnir borgarsamfélagsins og loks kynbundið ofbeldi. Þemagreinar eru bæði þýddar og frumsamdar en einnig eru birtar greinar utan þema. Einn eða fleiri þemaritstjórar stýra hverju hefti, auk aðalritstjóra sem er Rannveig Sverrisdóttir.

800 bls.

Háskólaútgáfan

RAF



Rök lífsins

Guðmundur Eggertsson

Í þessari bók er sagt frá nokkrum brautryðjendum líffræðinnar, sérstaklega á sviði erfðafræði, allt frá Aristótelesi til Watsons og Cricks. Jafnframt er sögð saga hugmynda og uppgötvana sem um miðja 20. öld leiddu til byltingar í skilningi manna á eðli lífsins. Dr. Guðmundur Eggertsson var um árabíl prófessor í líffræði við Háskóla Íslands og vann að rannsóknum á sviði sameindaerfðafræði.

198 bls.

Benedikt bókaútgáfa

SVK



Safn til íslenskrar bókmenntasögu

Jón Ólafsson úr Grunnvík

Ritstj.: Svanhildur Óskarsdóttir

Inng.: Guðrún Ingólfssdóttir og Þórunn Sigurðardóttir

Í bókmenntasögu Jóns Ólafssonar kynnast lesendur hugmyndum 18. aldar manna um bókmenntir og fá upplýsingar um fleiri en 100 íslenska fræðimenn, skáld og rithöfundu. Enn fremur er hér í fyrsta sinn fjallað um íslenskar skáldkonur. Bókmenntasaga Jóns hefur ekki áður komið út á prenti.

278 bls.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

KIL



Saga

Tímarit Sögufélags LVI: 1 2018 og LVI: 2 2018


Ritstj.: Erla Hulda Halldórsdóttir og Vilhelm Vilhelmsson

Tímaritið Saga kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efnis þess er fjölbreytt og tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Þar birtast m.a. greinar, viðtöl og umfjallanir um bækur, sýningar, heimildamyndir og kvikmyndir. Ómissandi öllum þeim sem áhuga hafa á sögu Íslands.

272/216 bls.

Sögufélag

SVK



Samningatækni

Aðalsteinn Leifsson

Samningaviðræður eru hluti af daglegu lífi fólks, hvort sem er í starfi, vegna persónulegra fjármála eða í samskiptum við fjölskyldu og vini. Í þessari bók gefur Aðalsteinn Leifsson hagnýtar ráðleggingar til að hjálpa þér að ná árangri hvort sem þú semur fyrir þig, fjölskylduna eða fyrirtækið.

234 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

SVK



Sannt trúaði villutrúarmaðurinn og aðrar ómögulegar sögur

